ÁGÚSTA JOHNSON

*Notar óvenjulegt álegg á pitsurnar sínar*

• matur • út að borða

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




BESTI FLOKKURINN

*Ragnar sagði nei við Jón Gnarr*

Ragnar Bragason neitaði þátttöku

FÓLK 34









# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

15. janúar 2010 — 12. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**FÖSTUDAGUR**



**Syngur í Carnegie Hall**

Bylgja Dís Gunnarsdóttir lenti í fyrsta sæti í alþjóðlegri söngvarakeppni.

TÍMAMÓT 20

**Tæknileg mistök hluti af skýringunni**



Karen Pálsdóttir heyrði ekki rétta tóntegund.

FÓLK 34

**Ofstolt og fréttafréttir**

„Er okkur virkilega svona mikilvægt að aðrir taki eftir þegar við vinnum góðverk?" skrifar Pawel Bartoszek.

Í DAG 16

**Logi verður með**



Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari hefur valið hópinn fyrir EM. Logi Geirsson er klár í slaginn og fer til Austurríkis.

ÍÞRÓTTIR 30

**VEÐRIÐ Í DAG**




**Þurrt og bjart norðan til** í dag verða suðaustan 5-13 m/s, hvassast syðst. Rigning eða skúrir SA-lands en SV-til í kvöld. Hiti víðast 0-8 stig.

VEÐUR 4

# Þriðjungur lækna í sérnámi segist ekki koma heim aftur

**Mikil hugarfarsbreyting virðist meðal lækna sem eru í sérnámi. Erfiðlega gengur að ráða í stöðvar hérlendis á meðan mikil eftirspurn er eftir íslenskum læknum að utan, segir stjórnarmaður í Læknafélaginu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Einungis þriðjungur ungra lækna sem eru í sérnámi erlendis er ákveðinn í því að snúa aftur til Íslands að loknu námi. Þetta gengur þvert á reynslu innan íslensku læknastéttarinnar þar sem mikill meirihluti lækna hefur löngum verið staðráðinn í að snúa aftur heim að námi loknu. Nýleg könnun á vegum Læknafélags Íslands gefur vísbendingar um þessa þróun.

Birna Jónsdóttir, formaður Læknafélags Íslands (LÍ), tekur fram að niðurstöður könnunarinnar séu í sínum huga aðeins vísbending um þróun næstu ára. Svör þurfi frá fleiri læknum til að fá skýra mynd. „Hlutföllin í könnuninni eru engu síður mjög athyglisverð. Fyrir áratug eða tveim ætluðu allir íslenskir læknar í sérnámi heim. Níu af hverjum tíu stóðu við þau áform sín. Nú bregður hins vegar svo við að í þessari könnun skiptust menn í þrjá jafna hópa. Þeir sem ætla heim, þeir sem ætla ekki heim og svo þeir sem eru ekki búnir að taka ákvörðun." Um mitt ár í fyrra bjuggu 220 læknar undir fertugu utan landsteinana, við nám og störf.

Í ljósi þessara niðurstaðna og annarra rannsókna á vinnuafli íslenskra lækna hefur LÍ áhyggjur af því að í sumum stéttum verði eingöngu eftir eldri læknar sem komast á eftirlaun innan tíu ára.

Valentínus Þór Valdimarsson, unglæknir og stjórnarmaður í Læknafélagi Íslands, vekur athygli á stöðu íslenskra unglækna í grein í nýjasta tölublaði Læknablaðsins. Hann segir að erfiðlega gangi að ráða í stöður lækna sem auglýstar eru hér á landi og bætir við: „Á síðum Læknablaðsins streyma inn auglýsingar um atvinnutilboð að utan og fréttir berast um æ fleiri lækna sem eru á leið til útlanda í vinnu. Vitsmunaflótti er því orðinn staðreynd á meðal stéttarinnar."

Óþarft er að fjölyrða um niðurskurð í heilbrigðiskerfinu, hann er á allra vitorði. Hins vegar hafa forsvarsmenn heilbrigðisstofnana og fagfélaga heilbrigðisstarfsfólks lýst yfir áhyggjum sínum af flótta úr stéttum lækna og hjúkrunarfræðinga vegna niðurskurðar.

Valentínus segir í grein sinni að aðferðafræði stjórnvalda og stjórnenda stærstu heilbrigðisstofnana við niðurskurðinn muni að óbreyttu fæla fólk frá störfum hér á landi.

- shá



MYND/LANDSBJÖRG

**GIFTUSAMLEG BJÖRGUN Í GÆR** Íslenskir björgunarmenn bera hér tvær ungar konur út úr húsarústum Caribbean Market, sem er matvælamarkaður í Port-au-Prince, höfuðborg Haítí. Þegar blaðið fór í prentun var enn unnið að björgun þriðju konunnar. Í gærkvöldi skaut alþjóðlegi Rauði krossinn á að um fimmtíu þúsund hefðu farist í jarðskjálftanum. Íbúar hafa kvartað undan stjórnleysi í landinu, en mörg ráðuneyti og höfuðstöðvar friðargæslu Sameinuðu þjóðanna hrundu í skjálftanum. sjá síður 10 og 12

Stjórn og stjórnarandstaða:

## Sáttatónn í Icesave-deilum

**EFNAHAGSMÁL Fulltrúar ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu ræddu í gærkvöld um drög að samkomulagi um hvernig halda skyldi utan um hugsanlegar viðræður við Breta og Hollendinga um Icesave-reikningana, ef þeim mætti hrinda af stað.**

**Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segist sáttur eftir fundinn, sem hafi verið mikilvægt skref í rétta átt.**

**„Við ætlum að hittast aftur á morgun [í dag] og ég hef trú á að þá klárist þetta," segir hann. Ekki hafi verið rætt um að hætta við þjóðaratkvæðagreiðsluna, heldur verði undirbúningi hennar haldið áfram. „Það eru allir með báðar lappir á jörðinni ennþá," segir Bjarni.**

**Ekki náðist í forystumenn stjórnarinnar í gærkvöldi, en forsætisráðherra hefur lýst sig vondaufa um möguleika á nýjum viðræðum við Breta og Hollendinga.**

- kóþ / sjá síðu 4

Fjármálaeftirlitið rannsakar enn 27 mál af 77 sem tengjast falli bankanna:

## Fimmtíu málum lokið hjá FME

**VIÐSKIPTI** Fjármálaeftirlitið hefur lokið rannsókn á fimmtíu málum sem tengjast falli Glitnis, Kaupþings og Landsbankans haustið 2008 og eru 27 enn í rannsókn. Nokkur mál eru á algjöru frumstigi og líklegt að mörg mál bætist við í tengslum við yfirtöku eftirlitsins á Spron, Straumi og Sparisjóðabankanum. Mörg málanna eru afar flókin og teygja anga sína yfir landamæri.

Þetta kemur fram í grein sem Helga Jónsdóttir, sviðsstjóri á verðbréfasviði Fjármálaeftirlitsins, skrifar í Fréttablaðinu í dag.

Helga bendir á að eftirlitið hafi afgreitt hátt í níutíu viðurlagabrot í fyrra og sent 31 til embættis sérstaks saksóknara, sem vinni að þeim. Tveimur hafi verið vísað til efnahagsbrotadeildar lögreglunnar og fimm til ríkissaksóknara.

Af þessum níutíu málum hafi stjórnvaldssektir og sættir náðst í 51 máli. Þá eru ótalin 22 mál sem Seðlabankinn sendi eftirlitinu og varða meint brot á lögum um gjaldeyrisviðskipti.

- jab / sjá síðu 18





Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í ágúst 2009 – október 2009.






**SPURNING DAGSINS**



*Sigursteinn, var þetta ekki glæsilegt sigurmark?*

„Nei, þetta var skítaredding.“

Reading sló Liverpool úr leik í ensku bikarkeppninni. Sigursteinn Brynjólfsson er formaður Liverpool-klúbbsins á Íslandi.

Stjórnendur stærstu fyrirtækja landsins telja framtíðarhorfurnar dökkar:

# Svartsýnin viðvarandi í ár

**EFNAHAGSMÁL** Enginn stjórnandi í fjögur hundruð stærstu fyrirtækjum landsins telur aðstæður í íslensku efnahagslífi góðar um þessar mundir. Meirihluti þeirra, eða 92 prósent, telja aðstæðurnar slæmar og átta prósent telja þær hvorki góðar né slæmar.

Þetta er á meðal niðurstaðna í ársfjórðungslegri könnun Capacent Gallup á stöðu og horfum meðal stærstu fyrirtækja landsins, sem gerð var fyrir Samtök atvinnulífsins í samstarfi við fjármálaráðuneytið og Seðlabankann. Í könnuninni er reiknuð út vísitala efnahagslífsins og lá hún í núllinu nær allt nýliðið ár.



**UNNIÐ VIÐ TÓNLISTARHÚSIÐ** Tæpur helmingur stjórnenda stærstu fyrirtækja landsins reiknar með því að segja engum upp næsta hálfa árið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í könnuninni kemur fram að 43 prósent stjórnenda telji aðstæður hér verða verri á næstu sex mánuðum en 39 prósent að þær verði óbreyttar. Aðeins átján prósent stjórnenda telja þær verða betri.

Þá reikna stjórnendur 37 prósent fyrirtækja með að fækka þurfi starfsfólki næsta hálfa árið en tæpur helmingur reiknar með því að halda óbreyttum starfsmannafjölda.

Samtök atvinnulífsins segja ljóst að þeir sem tekið hafi þátt í könnuninni finnist þess langt að bíða að botni kreppunnar hér verði náð. Skattahækkanir og skuldavandi, skortur á aðgerðum, framkvæmdum og fjárfestingum spili þar inn í og sé framtíðarsýnin dökk. - jab

Forsetinn sendir kveðju:

# Segir Íslendinga styðja íbúa Haítí

**HAÍTÍ** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hefur sent samúðarkveðjur til forseta Haítí, René Préval. Í kveðjunni tjáði hann Préval stuðning íslensku þjóðarinnar á tímum erfiðleika, sorgar og áfalla.

„Hugur okkar er hjá fjölskyldum og vinum þeirra sem látist hafa og öllum sem glíma við afleiðingar þessara hörmulegu atburða,“ segir í kveðjunni. Lýsti hann jafnframt mikilvægi þess að alþjóðasamfélagið sýndi íbúum Haítí öflugan stuðning og kvað íslensku björgunarsveitina búa yfir mikilli reynslu af jarðskjálftum víða um heim. - óká

Mikill meirihluti borgarráðs:

# Kannabis verði lögleitt í Köben

**KAUPMANNAHÖFN** **Tveir borgarráðsfulltrúar kusu í gær gegn tillögu yfirborgarstjórans í Kaupmannahöfn um að gera tilraun til að leyfa kannabisefni, en 41 borgarfulltrúi var þessu fylgjandi, að sögn Berlingske Tidende.**

**Frank Jensen yfirborgarstjóri vill prófa að leyfa neyslu vímuefnisins og hófleg viðskipti í þrjú ár til að byrja með, en ólíklegt er talið að ríkisstjórnin samþykki áformin.**

**Borgarstjórinn telur að nýrra leiða verði að leita til að stemma stigu við ólöglegri sölu, sem setur mark sitt á borgarlífið. Bannstefnan sé úr sér gengin.** - kóþ

Krafa á stjórnendur Straums:

# Stjórnin ekki skaðabótaskyld

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur að stjórnarmönnum í Straumi bæri ekki að greiða Vilhjálmi Bjarnasyni og fleirum rúmar 30 þúsund krónur í skaðabætur. Vilhjálmur og dætur hans höfðu krafist bóta þar sem stjórn félagsins hafi ákveðið að selja stóran hlut í félaginu undir markaðsverði, og þar með rýrt virði hlutabréfa hans.



**VILHJÁLMUR BJARNASON**

Ekki þótti sýnt fram á að hægt hefði verið að selja svo stóran hlut í bankanum á markaðsverði, og stjórn bankans því sýknuð af kröfunni, segir í dóminum. - bj

# Segja hjálparbeiðni hafa verið hafnað

**Starfsmaður Neyðarlínunnar neitaði að senda sjúkrabíl eða gefa samband við lögreglu eftir bílveltu við Hvolsvöll, fullyrðir fyrrverandi varðstjóri hjá fyrirtækinu. Neyðarlínan segir þetta rangt og að allt hafi farið eðlilega fram.**

**ÖRYGGISMÁL** Fyrrverandi aðstoðarvarðstjóri Neyðarlínunnar og fyrrverandi lögregluþjónn fullyrða að starfsmaður Neyðarlínunnar hafi neitað að kalla til aðstoð sjúkrabíls og lögreglu eftir að eldri hjón veltu bifreið sinni austan við Hvolsvöll síðla mánudags. Aðstoðarframkvæmdastjóri Neyðarlínunnar segir aftur á móti að viðbrögð starfsmannsins hafi verið samkvæmt verklagi og boðun í samræmi við eðli atburðarins.

Þetta segja Sveinn Hjörtur Guðfinnsson og Gunnar Ólafsson sem komu að slysinu og hringdu eftir hjálp. Sveinn, sem starfaði hjá Neyðarlínunni í átta ár, segir að hjónin hafi afþakkað aðstoð hjúkrunarfólks eftir að þau veltu bíl sínum. Kona sem fyrst kom að slysinu kom þeim skilaboðum áleiðis til Neyðarlínunnar. Hann hafi hins vegar metið aðstæður þannig að full ástæða væri til að kalla til sjúkrabifreið. Ekki síst þar sem hjónunum var sýnilega mjög brugðið og því ólíklegt að þau gætu metið eigið ástand. Það blæddi auk þess úr höfði konunnar og úr munni mannsins.

„Ég veit þess dæmi að fólk sem hefur afþakkað aðstoð reynist vera illa slasað,“ segir Sveinn. „Við óttuðumst að um höfuðáverka eða innvortis meiðsl gæti verið að ræða og ég þorði ekki annað en að kalla eftir hjálp.“

Hann segir að neyðarvörðurinn hafi fyrst neitað að senda sjúkrabíl á þeim forsendum að aðstoð hefði þegar verið afþökkuð. „Síðan tók við karp þar sem hann neitaði bæði að senda sjúkrabíl og gefa mér beint samband við lögregluna á svæðinu.



**JEPPINN GJÖRÓNÝTUR** Lögreglan á Hvolsvelli telur að bifreiðin hafi farið tvær til þrjár veltur áður en hún stöðvaðist í skurði. Mikil hálka er orsök slyssins. MYND/LÖGREGLA

> Við óttuðumst að um höfuðáverka eða innvortis meiðsl gæti verið að ræða og ég þorði ekki annað en að kalla eftir hjálp.
>
> **SVEINN HJÖRTUR GUÐFINNSSON**

Annar neyðarvörður tengdi mig við lögreglu fyrir rest og þá fyrst kom ég skilaboðum rétta leið,“ segir Sveinn. Hann telur að samskipti sín við Neyðarlínuna hafi staðið í um tíu mínútur og því tafist fram úr hófi að hjálp bærist á slysstað.

Dagný Halldórsdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri Neyðarlínunnar, fór yfir samskipti Sveins og neyðarvarðar að beiðni Fréttablaðsins. Að hennar mati voru viðbrögð starfsmanns eðlileg og því ekki hafnað að senda aðstoð á neinu stigi málsins.

Lögreglan á Hvolsvelli, sem kom á staðinn nokkru síðar, segir engan vafa leika á því að nauðsynlegt hafi verið að senda lögreglu og sjúkrabíl á slysstað tafarlaust. Sjúkrabíll kom frá Selfossi um hálftíma eftir að fyrst var hringt eftir hjálp og flutti hjónin til skoðunar hjá lækni. Meiðsli þeirra reyndust minni háttar, að því er næst verður komist.

svavar@frettabladid.is

Viðskiptaráð og skatturinn:

# Gamla skattkerfið var gott

**EFNAHAGSMÁL** **Viðskiptaráð Íslands segir skattabreytingar ríkisstjórnarinnar sem tóku gildi um áramót illa ígrundaðar og hafi stjórnin átt að gefa sér betri tíma til að vinna þær og útfæra í stað þess að þrýsta þeim í gegnum þingið.**

**Komið hafi á daginn að skattkerfisbreytingarnar hafi verið vanhugsaðar og enn sé óvíst hvort þær skili tilætluðum árangri til að rétta af halla á opinberum fjárhag eða bæti kjör þeirra efnaminni. Þá verði ekki annað séð en að það skattkerfi sem verið hafi fyrir hafi staðið fyllilega undir sínu, enda bæði einfalt og hagkvæmt.** - jab

Nýstárleg læknisaðgerð:

# Barki græddur í belgíska konu

**BELGÍA, AP** Læknum í Belgíu tókst að græða barka úr látnum manni í Lindu De Croock, 54 ára konu sem hafði búið við sárar kvalir í aldarfjórðung síðan hún lenti í bílslysi.



**LINDA DE CROOCK**

Læknarnir byrjuðu á því að græða barkann við handlegg konunnar þar sem hann var í umbúðum í átta mánuði meðan líkaminn var að venjast þessum framandi vef. Þegar De Croock þurfti ekki lengur að taka lyf til að koma í veg fyrir að líkaminn hafnaði barkanum, þá fyrst þótti óhætt að græða barkann í konuna.

Þetta er í fyrsta sinn sem barkarígræðsla er framkvæmd með þessum hætti. - gb






Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins veitt í fimmta sinn:

# Á annað hundrað tilnefninga

**SAMFÉLAGSVERÐLAUN** Um 150 tilnefningar hafa þegar borist vegna Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins. Verðlaunin verða veitt í fimmta sinn nú í byrjun mars.

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins eru veitt í fimm flokkum og nefnast þeir Hvunndagshetjan, Frá kynslóð til kynslóðar, Til atlögu gegn fordómum, Heiðursverðlaun og Samfélagsverðlaun en í þeim flokki er verðlaunafé ein milljón króna.

Lesendur blaðsins hafa sem fyrr brugðist vel við hvatningu um að senda inn tilnefningar til Samfélagsverðlaunanna en hægt er að tilnefna til 28. janúar næstkomandi.

„Fjölbreyttar tilnefningar lesenda eru sálin í þessum verðlaunum,“ segir Steinunn Stefánsdóttir, aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins og formaður dómnefndar. „Það eru hreint ótrúlegar sögur af mannkærleik sem margar þessar tilnefningar flytja okkur.“



**VERÐLAUNAHAFAR ÁRSINS 2009** Lesendur Fréttablaðsins hafa brugðist vel við hvatningu um að senda inn tilnefningar en hægt er að tilnefna til 28. janúar næstkomandi.

Hægt er að senda inn tilnefningar gegnum hlekk á vefnum visir.is, efst í dálkinum vinstra megin. Einnig má senda tölvupóst á samfelagsverdlaun@frettabladid.is eða senda tilnefningu í pósti merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. - aþ

ÞORSTEINN GUNNARSSON · HILMIR SNÆR GUÐNASON · BJÖRN HLYNUR HARALDSSON · NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR · HANNA MARÍA KARLSDÓTTIR · UNNUR ÖSP STEFÁNSDÓTTIR · RÚNAR FREYR GÍSLASON OG VÍKINGUR KRISTJÁNSSON



# FAUST



## FRUMSÝNT Í KVÖLD 15. JANÚAR - UPPSELT!

SÍGILT MEISTARAVERK, MAGNAÐ SJÓNARSPIL OG TÓNLIST EFTIR NICK CAVE OG WARREN ELLIS

Í LEIKSTJÓRN GÍSLA ARNAR GARÐARSSONAR

## TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| FÖS 15. JAN | UPPSELT | LAU 23. JAN | UPPSELT | FÖS 5. FEB | UPPSELT | FÖS 19. FEB | UPPSELT |
| LAU 16. JAN | UPPSELT | FIM 28. JAN | UPPSELT | MIÐ 10. FEB | UPPSELT | LAU 20. FEB | ÖRFÁ SÆTI |
| MIÐ 20. JAN | UPPSELT | FÖS 29. JAN | UPPSELT | FIM 11. FEB | UPPSELT | FÖS 26. FEB | |
| FÖS 22. JAN | UPPSELT | SUN 31. JAN | UPPSELT | FÖS 12. FEB | UPPSELT | FÖS 5. MARS | |

VesturPort

Miðasala í síma **568 8000**
og á **borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið

## GENGIÐ 14.01.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,92 | 124,52 |
| Sterlingspund | 201,79 | 202,77 |
| Evra | 179,79 | 180,79 |
| Dönsk króna | 24,160 | 24,302 |
| Norsk króna | 22,005 | 22,135 |
| Sænsk króna | 17,654 | 17,758 |
| Japanskt jen | 1,3478 | 1,3556 |
| SDR | 194,98 | 196,14 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
233,7458

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Aðalsamningamaður Íslands segir umsóknina um ESB-aðild á áætlun:

# Icesave á ekki að trufla ferlið

**STJÓRNMÁL** „Umsóknin er á áætlun, ekkert hefur breyst hvað það varðar og engar vísbendingar komið fram um annað en að hún hafi sinn gang.“ Þetta segir Stefán Haukur Jóhannesson, aðalsamningamaður Íslands í aðildarviðræðunum við Evrópusambandið.

Að hans sögn hafa þau skilaboð borist frá framkvæmdastjórn sambandsins að aðildarumsóknin sé ótengd Icesave-deilunni við Breta og Hollendinga. Litið sé svo á að málin séu aðskilin. Þann skilning áréttaði Stefan Fule, væntanlegur nýr stækkunarstjóri Evrópusambandsins, í yfirheyrslum í Evrópuþinginu í fyrradag.



STEFÁN HAUKUR JÓHANNESSON

Stefán Haukur segir að því stefnt af beggja hálfu að umsókn Íslands verði tekin til formlegrar umfjöllunar á leiðtogafundi Evrópusambandsríkjanna undir lok mars. Á honum verði tekin ákvörðun um að hefja viðræður.

Íslenska samninganefndin mun koma saman í Reykjavík á mánudag og halda áfram efnislegum undirbúningi fyrir fyrirhugaðar aðildarviðræður. Tékkinn Stefan Fule er tilnefndur í embætti framkvæmdastjóra stækkunarmála í nýrri framkvæmdastjórn ESB. Afráðið er að Jose Manuel Barroso verði áfram forseti framkvæmdastjórnarinnar. Verðandi framkvæmdastjórar sitja þessa dagana fyrir svörum í Evrópuþinginu en það er til þess að samþykkja nýja framkvæmdastjórn.

Fule hefur sinnt stjórnmálum í föðurlandi sínu en lengst af verið í utanríkisþjónustu þess. Hefur hann verið sendiherra Tékklands hjá Atlantshafsbandalaginu, Sameinuðu þjóðunum og í Bretlandi. **- bþs**

Hugsanleg sameining:

# Álftanes enn að skoða sín mál

**GARÐABÆR Bæjarfulltrúar Álftaness hafa ekki komið að máli við kollega sína í Garðabæ síðan fyrir áramót um hugsanlega sameiningu sveitarfélaganna.**

**Álftanes á að svara stjórnvöldum um sameiningaráformin fyrir 20. þessa mánaðar, en þetta er eitt skilyrða fjárhagsaðstoðar við sveitarfélagið, sem stendur illa.**

**„Þeir ætluðu að kanna með hvaða hætti ríki og lánardrottnar kæmu að málunum og við gerum ekkert meðan það er óvíst,“ segir Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar. Ekki náðist í bæjarstjóra Álftaness. - kóþ**

AGS svarar forsætisráðherra:

# Aðildarþjóðir geta stoppað lán

**EFNAHAGSMÁL** Lausn Icesave-deilunnar er ekki skilyrði fyrir lánveitingu til Íslands, en ef aðildarþjóðir AGS setja sig upp á móti lánveitingu, verður stjórn AGS að fara eftir því.

Þetta hefur Reuters eftir Dominique Strauss-Kahn, framkvæmdastjóra AGS, en orðin féllu eftir að forsætisráðherra Íslands sendi AGS beiðni um að halda áfram með efnahagsaðstoð til landsins.

Strauss-Kahn sagðist vona að aðildarþjóðirnar muni ekki vilja stöðva aðstoð AGS. Það fari þó að miklu leyti eftir íslensku ríkisstjórninni, sem gæti viljað „leysa bankavandamál sitt fyrst með þjóðaratkvæðagreiðslunni og ræða síðan aftur við AGS, og ekki blanda þessu tvennu saman“. **- kóþ**

Malbikunarmaður dæmdur:

# Sló vinnufélaga með sköfu

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur dæmt karlmann í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu skaðabóta fyrir að slá samstarfsmann í andlitið með sköfu er þeir voru við malbikunarstörf.**

**Við höggið féll vinnufélaginn aftur fyrir sig og hafnaði á vörubifreið með þeim afleiðingum að hann hlaut vægan heilahristing og fleiri áverka. Við ákvörðun refsingar þótti rétt að líta til þess að sköfumanninum hefði brugðið þegar samstarfsmaðurinn sletti heitu malbiki á hann.**

**Sköfumaðurinn var dæmdur til að greiða hinum 250 þúsund krónur í miskabætur. - jss**

# Forsetinn talar gegn skilningi stjórnvalda

**Ósamræmi er í orðum forsetans og ráðherra um hvað gerist hafni þjóðin breytingarlögum um Icesave. Forsetinn segir eldri lög gilda en fjármálaráðherra segir þá fullkomna óvissu verða. Enn rangfærslur uppi um fjárhagsábyrgðina.**

**STJÓRNMÁL** Fullkomið ósamræmi er í orðum Ólafs Ragnars Grímssonar forseta og ráðherra í ríkisstjórn Íslands um hvað gerist verði lögum um breytingu á Icesave hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu. Forsetinn sagði við blaðamann Fréttablaðsins í síðustu viku að eldri lög yrðu þá í gildi. „Mér finnst skrýtið núna að þau [eldri lögin] séu ómerk og hafi í raun ekkert innihald.“ Þetta áréttaði hann við fréttaveituna Bloomberg í gær.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir þau lög hins vegar óframkvæmanleg. Það áréttaði Einar Karl Haraldsson, upplýsingafulltrúi í utanríkisráðuneytinu, einnig við Bloomberg í gær.

Í eldri lögunum er kveðið á um að ríkisábyrgð taki ekki gildi nema Bretar og Hollendingar fallist á fyrirvara sem Alþingi setti. Þeim hafa þeir þegar hafnað.

Hann telur einnig að óvissa ríki um framkvæmd laganna, þótt viðsemjendurnir myndu samþykkja fyrirvarana. Ríkið ábyrgist ekki nema hluta endurgreiðslunnar og því séu áhöld um hvort innlánstryggingasjóður geti tekið alla ábyrgðina á sig. „Þá geta stjórnarmenn jafnvel orðið persónulega ábyrgir og þeir myndu aldrei fást til þess.“ Steingrímur segir þó að kæmi sú staða upp yrði glímt við hana.

Hann er algjörlega ósammála orðum forsetans um að eldri lögin haldist óbreytt, sé þeim nýrri hafnað. „En það er auðvitað fjarri öllu lagi að þá liggi fyrir samkomulag í málinu og það sé leyst með því, það er eins fjarri öllu lagi og nokkuð getur verið og hið gagnstæða liggur fyrir. Þannig að í raun og veru er ómögulegt að segja hvar við erum þá stödd og hversu langt aftur á bak við erum komin og deilan yrði í öllu falli óleyst.“ **kolbeinn@frettabladid.is**

## EINGÖNGU LÁGMARKSTRYGGING

Nokkuð hefur borið á því að menn telji að þess sé krafist af íslenska ríkinu að það ábyrgist hærri upphæð en sem nemur lágmarksinnistæðutryggingu, þar sem Bretar og Hollendingar hafi gert það. Þetta kemur til að mynda fram í máli hollenska hagfræðiprófessorsins Sweder van Wijnbergen, í hollenskum blöðum í gær. Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra segir þetta kolrangt.



GYLFI MAGNÚSSON

„Það sem gerist með reikninga sem voru með meira en 20.887 evrum inn á kemur Íslendingum í raun ekkert við. Það var reyndar þannig að innistæðutryggingasjóðirnir hollensku og bresku greiddu það að mestu, en ef þeir hefðu ekki gert það þá hefðu innistæðueigendurnir bara eignast kröfu á þrotabú Landsbankans.“

Gylfi segir Icesave-deiluna í raun snúast um endurgreiðslu láns. „Ef Íslendingar hefðu átt digra sjóði í evrum þá hefðum við ekki þurft lán frá Bretum og Hollendingum. Þá hefði tryggingasjóðurinn bara greitt þetta út í evrum og pundum, sem samsvarar evrum. Tryggingasjóðurinn íslenski var með eignir upp á einhverja 15 milljarða króna, langt undir því sem þurfti og þess vegna tóku Bretar og Hollendingar að sér að greiða þessar 20.887 evrur. Icesave-deilan snýst í raun um hvernig við endurgreiðum það sem þeir hafa þegar greitt, upp að þessu marki.“



**ÚTSKÝRIR SKILNING SINN** Forsetinn sagði þráspurður, á blaðamannafundi í síðustu viku, að eldri lög giltu ef þjóðin felldi breytingarlög um Icesave. Fjármálaráðherra segir málin í fullkominni óvissu og fjarri öllu lagi sé að þá liggi fyrir samkomulag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**VERSLAÐ Í HAGKAUPUM** Enn er unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu móðurfélags Haga, sem á Hagkaup. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

1998 ehf. og Arion banki:

# Mál nýrrar bankastjórnar

**VIÐSKIPTI** „Vinna er enn í gangi. Við það er litlu að bæta,“ segir Finnur Árnason, forstjóri Haga, um fjárhagslega endurskipulagningu eignarhaldsfélagsins 1998 ehf., móðurfélags Haga, gagnvart Arion banka.

Jóhannes Jónsson, kenndur við Bónus, Jón Ásgeir, erlendir fjárfestar og stjórnendur Haga lögðu fram tilboð í eignarhaldsfélagið seint í nóvember, sem fól í sér að þeir fái sextíu prósenta hlut í Högum á móti bankanum. Búist var við að niðurstaða fengist um miðjan mánuðinn eftir að ný stjórn hafi tekið við bankanum. Hún hefur látið bíða eftir sér og því líklegt að niðurstaða í máli 1998 frestist. **- jab**

## HJÁLPARSTARF

### Ellefu milljónir fengust í gær

Rauði kross Íslands náði að safna minnst ellefu milljónum í símasöfnun sinni vegna hamfaranna á Haítí í gær, en þetta eru tölur frá klukkan 17. Á tíunda tímanum í gærkvöldi var óvíst hversu mikið hafði bæst við síðan um daginn.


Til hjálpar á Haítí

Söfnunarsími okkar fyrir Haítí er

907 2003

Hvert símtal gefur 2.500 kr.

Söfnunarreikningur er: 0334 26 886, kt. 450670 0499

Hjálparstarf kirkjunnar

PIPAR\TBWA • SÍA • 100142


## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

**HELGARVEÐRIÐ**
Á morgun verður lægð skammt suður af landinu og henni mun fylgja stíf austanátt með talsverðri rigningu suðaustanlands í fyrstu og úrkomu í flestum landshlutum síðdegis. Á sunnudag er útlit fyrir fremur hæga suðvestanátt og úrkomu af og til, síst þó austanlands.



**Á MORGUN**
8-18 m/s, dregur úr vindi annað kvöld.

**SUNNUDAGUR**
Fremur stífur vindur.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Basel | 3° |
| Berlín | -3° |
| Billund | -1° |
| Eindhoven | 2° |
| Frankfurt | -1° |
| Friedrichshafen | 3° |
| Gautaborg | -1° |
| Kaupmannahöfn | -1° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 7° |
| Mallorca | 14° |
| New York | 9° |
| Orlando | 23° |
| Ósló | -3° |
| París | 5° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | -1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*




# FYLLTUR KÚRBÍTUR fyrir 4

*að hætti Rikku*

4 kúrbítar
1 msk Ítalía ólífuolía
1-2 skallottlaukar, saxaðir
100 g sveppir, saxaðir
7 salvíublöð, söxuð
200 g nautahakk
½ tsk múskat
1 egg
2 brauðsneiðar, fínt muldar
Salt og pipar
30 g parmesanostur, rifinn

Skerið kúrbítana til helminga eftir endilöngu og látið þá malla í léttsöltuðu vatni í 8 mínútur. Hreinsið kjötið innan úr þeim með skeið. Hitið ofninn að 180° C. Hitið ólífuolíuna á pönnu við meðalhita og steikið laukinn, sveppina og salvíublöðin í 2-3 mínútur, bætið nautahakkinu saman við og brúnið. Hellið öllum safa frá sem safnast hefur á pönnunni og kryddið með múskat, salti og pipar og kælið. Bætið egginu og brauðmylsnunni saman við. Fyllið kúrbítana og stráið parmesanostinum yfir. Bakið í ofninum í 25-30 mínútur.

Kkal: 231/ 12% RDA
Fita: 10 g/ 15% RDA
Prótín: 19 g/ 38% RDA
Kolvetni: 18 g/ 6% RDA
C-vítamín: 34.2 mg/ 57% RDA
B6-vítamín: 0.5 mg/ 27% RDA
Riboflavin (B2): 0.5 mg/ 28% RDA

* Ráðlagður dagskammtur (RDA) er miðaður við 2.000 hitaeininga orkuþörf.




**Kryddlegnar kjúklingalundir**
í Western kryddlegi




**Kjúklingabringur**
ferskar




**Nautafile**
Nautaat




**Lambalæri**
kryddlegið




## ÞORRABAKKI
FYRIR 1-2, 600g

- Ný lifrarpylsa
- Sviðasulta
- Flatkökur
- Rúgbrauð
- Smjör
- Hangikjöt
- Rófustappa
- Súr lifrarpylsa
- Lundabaggi
- Bringur
- Hrútspungar



















24 Hagkaup **OPIÐ** ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

Gildir til 17. janúar á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

## KJÖRKASSINN



*Keyptir þú raftæki í desember?*

| | |
|---|---|
| Já | 26,2% |
| Nei | 73,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Brýtur þú stundum umferðarlög?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is vísir

Fyrirtæki forstjóra Útlendingastofnunar fjárfestir í elsta dagblaði Færeyja:

# Íslendingar kaupa í Dimmu

**FÆREYJAR** Lækir Capital ehf. hefur gegnum félagið Løkir keypt hlut í gamalgrónu dagblaði Færeyinga, Dimmalætting. Blaðinu hefur gengið illa síðustu ár og var komið að fótum fram vegna offjárfestinga, meðal annars í nýju húsnæði.

Greint var frá því á fréttasíðu færeyska Sósíalsins í gær að P/F Løkir hefði keypt blaðið, en Løkir er fjárfestingarfélag Færeyja banka, Lækja Capital og færeysku félaganna Tjaldurs og Krúnborgar.

Løkir munu ekki ætla að standa í fjölmiðlarekstri til langtíma, heldur selja blaðið út úr samsteypu, sem einnig inniheldur stóra prentsmiðju, ferðastofu og fyrirtækjaskrá.

Dimmalætting var lengi helsta blað Færeyja, stofnað 1878, en hefur í seinni tíð mátt lúta í lægra haldi fyrir Sósíalnum. Félagið sem var utan um útgáfu blaðsins var elsta hlutafélag Færeyja.

Ekki fengust upplýsingar í gær um hve stór eignarhlutur Íslendinganna er né hvað blaðið kostaði.

Skráðir stjórnarmenn í Lækjum eru Baldvin Björn Haraldsson lögmaður, Hilmar R. Konráðsson, forstjóri Magna og Sigrún Bjarnadóttir, kona hans. Einnig Hildur Dungal, forstjóri Útlendingastofnunar, sem býður sig nú fram til bæjarstjórnar í Kópavogi fyrir Sjálfstæðisflokk. **- kóþ**



**DIMMALÆTTING** Meðal þess sem gerði reksturinn þungann eru þessar nýju höfuðstöðvar blaðsins. Nú er rætt um að selja þær. MYND/DIMMA.FO

Barnaheill safna fyrir Haítí:

# Fleiri safna fyrir neyðarhjálp

**HAÍTÍ Barnaheill (Save the Children) á Íslandi hafa hafið söfnun vegna jarðskjálftanna á Haítí.**

**Alþjóðasamtök Barnaheilla leggja nú áherslu á að koma upp neyðarskýlum fyrir börn og fjölskyldur þeirra á hamfarasvæðunum. Hægt er að hringja í 904-1900 og dragast þá 1.900 krónur af símreikningnum, eða leggja inn á reikning samtakanna. Reikningsupplýsingar eru á vefnum barnaheill.is.**

**Auk Barnaheilla stendur Rauði krossinn á Íslandi fyrir símasöfnun vegna Haítí-skjálftanna. Söfnun Barnaheilla hófst í gær og Rauða krossins í fyrradag. - óká**






# Óheppilegt að boðið sé upp á ólík úrræði

**Formaður viðskiptanefndar telur óheppilegt að lánastofnanir bjóði húsnæðislántakendum upp á mismunandi úrræði. Hún vill að Arion og Landsbankinn fari sömu leið og Íslandsbanki. Mismunandi eftiráaðgerðir séu ósanngjarnar.**

**STJÓRNMÁL** Lilja Mósesdóttir, formaður viðskiptanefndar Alþingis, vill að Arion og Landsbankinn fari að dæmi Íslandsbanka og bjóði öllum skuldurum fasteignalána höfuðstólsleiðréttingu.

Fjallað var um greiðsluúrræði bankanna á fundi viðskiptanefndar í vikunni. Útskýrðu fulltrúar bankanna þriggja þær leiðir sem þeir bjóða upp á.

Lilja segir úrræðin misjöfn; Arion og Landsbankinn bjóði upp á svokallaða 110 prósenta leið þar sem höfuðstóll láns er færður niður í 110 prósent af markaðsvirði eignar en Íslandsbanki bjóði upp á lækkun höfuðstóls um tiltekna prósentu, eftir því hvort lánin eru í íslenskum krónum eða erlendri mynt.

„Ég myndi vilja sjá Arion-banka og Landsbankann fara sömu leið og Íslandsbanki, að bjóða öllum leiðréttingu á höfuðstól,“ segir Lilja sem telur 110 prósenta leiðina í fyrsta og fremst gagnast fólki sem hafði háar tekjur fyrir hrun og gat því fengið lán langt umfram verðmæti eigna. Sá hópur sé lítill. Tekjulágt fólk eigi kost á sambærilegri leið, greiðsluaðlögun innan bankanna. Hún sé hugsuð fyrir þá sem ómögulega geti staðið undir afborgunum eftir þann forsendubrest sem varð við 25 prósenta verðbólgu og 40 prósenta gengisfall.

Eftir standi stærsti hópurinn, fólk með millitekjur sem vitaskuld mátti þola sama forsendubrest. Þeim hópi standi engin leiðrétting til boða. „Sá hópur er ekki sáttur, við heyrum það mjög vel. Það fólk vill fá einhverja leiðréttingu líka,“ segir Lilja.

Aðrir lánveitendur en stóru viðskiptabankarnir þrír bjóða, að sögn Lilju, einungis upp á lögbundin úrræði. Þau eru annars vegar greiðslujöfnun og hins vegar greiðsluaðlögun með íhlutun dómskerfisins. Á það við um Íbúðalánasjóð, sparisjóðina og lífeyrissjóðina. „Úrræðin eru því mismunandi eftir lánastofnunum og af því hef ég áhyggjur. Mismunandi eftiráaðgerðir eru ósanngjarnar. Fólk sem nú berst við að halda fasteignum sínum vissi ekki þegar það tók lán hvaða úrræði yrðu í bönkunum seinna meir. Við því vil ég spyrna við fótum.“

Lilja kveðst ekki telja að svo stöddu þörf á lagasetningu um að allar lánastofnanir veiti sömu úrræði. Eftirlitsnefnd eigi, lögum samkvæmt, að fylgjast með aðgerðum lánveitenda og gæta að sanngirni og jafnræði. Nefndin sé nýskipuð og taki senn til starfa. **bjorn@frettabladid.is**



**REYKJAVÍK** Fólki með húsnæðislán bjóðast mismunandi leiðir til greiðsluaðlögunar eftir því við hvaða lánastofnun það skiptir. Lilja Mósesdóttir, þingmaður VG, telur það óeðlilegt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ólafur Ragnar ræddi olíumál við forsætisráðherra í Indlandsheimsókn:

# 21 fallbyssuskoti hleypt af

**INDLAND** Forseti Indlands, Pratibha Patil, afhenti í gær Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, Nehruverðlaunin fyrir árið 2007. Verðlaunin veita indversk stjórnvöld ár erlendum manni, sem talinn er stuðla að friði og skilningi þjóða á milli. Síðastur hlaut verðlaunin á undan forseta Íslands, Luiz Inacio Lula da Silva, forseti Brasilíu en áður hafa meðal annars hlotið þau Aung San Suu Kyi, Nelson Mandela og Yasser Arafat.

Forsetahjónin eru nú í sjö daga opinberri heimsókn á Indlandi. Í gær var hleypt af 21 fallbyssuskoti við móttökuathöfn til heiðurs þeim í forsetahöllinni í Nýju-Delí. Þar átti forsetinn viðræður við Patil forseta og Manmohan Singh forsætisráðherra. Í fréttatilkynningu frá forsetaskrifstofu kemur fram að Singh hafi lýst áhuga Indverja á að nýta Keflavíkurflugvöll sem samgöngumiðstöð fyrir fólks- og vöruflutninga. Einnig hafi forsætisráðherrann verið áhugasamur um samvinnu varðandi olíuvinnslu á Drekasvæðinu.

Í gærkvöldi sat forseti Íslands svo kvöldverðarboð fornvinar síns, Murli Deora, olíumálaráðherra Indlands, ásamt fjölmörgum áhrifamönnum úr indverskum olíuiðnaði.

Ólafur Ragnar tilkynnti við verðlaunaathöfnina að hann ætli að láta verðlaunaféð, sem jafngildir um 14 milljónum króna, standa straum af kostnaði við rannsóknir íslenskra og indverskra vísindamanna á jöklum og vatnsforða í Himalajafjöllum. **- pg**



**HEIÐURSVÖRÐUR** Forseti Íslands kannaði heiðursvörð indverska hersins við forsetahöllina í Nýju-Delí í gær. NORDICPHOTOS/AFP

# Penninn Tækni óskar HR til hamingju

Penninn Tækni óskar Háskólanum í Reykjavík til hamingju með ný og glæsileg húsakynni. Í nýja húsnæðið völdu stjórnendur skólans Kyocera skrifstofutæki með það fyrir augum að viðhalda lágum rekstrarkostnaði og njóta frábærrar þjónustu Pennans Tækni.



KYOCERA

Prentlausnir frá Kyocera fela í sér lága bilanatíðni og rekstrarkostnað.
**Kynntu þér málið hjá söluráðgjöfum Pennans Tækni.**

Penninn TÆKNI
Leikandi lausnir

Penninn Tækni | Sóltún 20 | 105 Reykjavík | Sími 578 7160 | www.penninntaekni.is






## STYRKIR ÚR HÚSVERNDARSJÓÐI REYKJAVIKURBORGAR

Húsverndarsjóður Reykjavíkur auglýsir eftir umsóknum um styrki til viðgerðar og endurgerðar á byggingum í Reykjavík sem hafa sérstakt varðveislugildi af listrænum eða menningarsögulegum ástæðum.

**Eftirtaldar upplýsingar skulu koma fram í umsókn:**

1. Lýsing á fyrirhuguðum framkvæmdum.
2. Tímaáætlun.
3. Kostnaðaráætlun.
4. Ljósmyndir af húsinu eins og það er nú og eldri ljósmyndir ef þær eru til.

Frekari upplýsingar eru veittar í Fræðslustofu um húsvernd í Árbæjarsafni sem opin er á miðvikudögum frá kl. 16-18 og í síma 411 6333 á sama tíma.

Umsóknum skal skila á þar til gerðu eyðublaði sem er að finna á vef Skipulags- og byggingasviðs, ***www.skipbygg.is*** og vef Minjasafns Reykjavíkur ***www.minjasafnreykjavikur.is***. Umsóknareyðublöð liggja einnig frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12-14.

Umsóknir skulu berast Skipulags- og byggingasviði Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, eða rafrænt á netfangið: ***skipulag@reykjavik.is***, í síðasta lagi 15. febrúar 2010.

Vakin er athygli á því að styrkir sem úthlutað var 2009 og ekki hafa verið nýttir falla niður við úthlutun 2010.



**Auglýsingasími**

**512 50 50**

FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesið


Grein Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra í evrópskri fréttaveitu:

# Mikil óánægja með samninga

**STJÓRNMÁL** Margar ástæður eru fyrir mikilli óánægju meðal íslensku þjóðarinnar með Icesave-samninginn, segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra í grein eftir hana sem birtist á evrópsku fréttaveitunni EUobserver.com í gær. Almenningur er til dæmis óánægður með að einkavæddir bankar hafi fengið að taka slíka áhættu án þess að eftirlitsaðilar á Íslandi, í Bretlandi og á Hollandi hafi gripið í taumana, skrifar Jóhanna.

Eins og bent hafi verið á séu evrópsk lög um innstæðutryggingar gölluð þar sem þau geri ekki ráð fyrir kerfishruni. Þá sé almenningur afar ósáttur við harðskeyttar aðgerðir breskra stjórnvalda í kjölfar hrunsins, sem hafi gert slæmar aðstæður enn verri.



**SKILMÁLAR** Mikill meirihluti landsmanna vill betri skilmála í samningum um Icesave við Breta og Hollendinga, segir Jóhanna Sigurðardóttir.

Jóhanna segir mikinn meirihluta Íslendinga vilja betri skilmála í samningum við Breta og Hollendinga. Hún tekur þó skýrt fram að Ísland muni standa við skuldbindingar sínar í deilunni við Bretland og Holland. Því hafi ríkisstjórnin lofað, Alþingi staðfest og um það sé sátt meðal stærstu stjórnmálaflokkanna á Íslandi.

Í grein sinni segir Jóhanna að íslenskir ráðamenn hafi mætt skilningi í samtölum við ráðamann í Bretlandi og Hollandi eftir að Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, tilkynnti að hann hefði synjað Icesave-lögunum staðfestingar. **- bj**

# Telur óeðlilega staðið að könnun í Kópavogi

**Ármann Kr. Ólafsson sækist eftir fyrsta sæti á lista sjálfstæðismanna í Kópavogi fyrir bæjarstjórnarkosningar í vor. Hann gagnrýnir að flokkurinn hafi kannað fylgi bæjarfulltrúa án þess að láta þá vita og birti svo ekki könnunina í heild.**

**SVEITARSTJÓRNIR** Ármann Kr. Ólafsson, forseti bæjarstjórnar í Kópavogi, býður sig fram í 1. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir bæjarstjórnarkosningar í maí. Þar með fær Gunnar I. Birgisson, bæjarfulltrúi og fyrrverandi bæjarstjóri, keppinaut um leiðtogasætið á framboðslistanum.

Eins og fram hefur komið telur Gunnar, sem lét af starfi bæjarstjóra í fyrrasumar og steig stuttu síðar einnig til hliðar sem bæjarfulltrúi, sig eiga góða möguleika í prófkjörinu. Vitnaði Gunnar þar í könnun sem Capacent gerði fyrir Sjálfstæðisfélagið í Kópavogi og sýnir 57 prósenta fylgi við hann meðal sjálfstæðismanna sem næsta bæjarstjóra.

Gunnar segist fagna framboði Ármanns. „Þetta er einfaldlega lýðræðið,“ bendir Gunnar á. Hann metur möguleika sína enn góða þrátt fyrir framboð Ármanns og vísar þá sem fyrr í könnunina frá í desember. Þar hafi fylgi Ármanns sem bæjarstjóraefnis aðeins mælst sex prósent.

„Þessi könnun hefur engin áhrif á mig og í raun tek ég ekkert mark á henni þar sem hún var gerð í byrjun desember,“ svarar Ármann spurður um fylgi sitt í könnuninni. Í desemberbyrjun hafi ekkert bent til þess að hann sæktist eftir forystusætinu. Hið pólitíska landslag hafi breyst mikið síðan og hann eigi raunhæfan möguleika á að ná markmiði sínu.

„Þar fyrir utan finnst mér óeðlilegt að flokkurinn skyldi standa fyrir könnun um fylgi einstakra bæjarfulltrúa án þess að bæjarstjóri og oddviti flokksins í bæjarstjórn vissi af henni og ekki heldur aðrir bæjarfulltrúar. Þá er ég líka hugsi yfir því af hverju okkur var ekki sýnd könnunin í heild sinni heldur fengum aðeins að sjá útdrátt úr henni mánuði eftir að hún var gerð,“ segir Ármann.



**GUNNAR I. BIRGISSON** Fagnar framboði Ármanns Kr. Ólafssonar og telur sig eiga góða möguleika í prófkjöri sjálfstæðismanna í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÁRMANN KR. ÓLAFSSON** Forseti bæjarstjórnar í Kópavogi og fyrrverandi alþingismaður vill verða bæjarstjóraefni sjálfstæðismanna. Ármann vill samvinnu og gagnsæi í bæjarstjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Þá er ég líka hugsi yfir því af hverju okkur var ekki sýnd könnunin í heild sinni heldur fengum aðeins að sjá útdrátt úr henni mánuði eftir að hún var gerð.
>
> **ÁRMANN KR. ÓLAFSSON**
> FORSETI BÆJARSTJÓRNAR Í KÓPAVOGI

Í tilkynningu frá Ármanni segir að breyta þurfi vinnubrögðum í bæjarstjórn Kópavogs. Hann muni leggja áherslu á aukna samvinnu allra flokka.

„Ég mun einnig beita mér fyrir skýrari reglum um opna og gagnsæja stjórnsýslu,“ segir í tilkynningunni. „Mikilvægt er að sjálfstæðismenn setji saman sigurstranglegan lista fyrir bæjarstjórnarkosningarnar næsta vor skipaðan einstaklingum sem hafa til að bera reynslu og ríka samstarfshæfileika, en að jafnframt fari fram nauðsynleg endurnýjun.“ Ármann hefur verið bæjarfulltrúi í Kópavogi í þrjú kjörtímabil.

**gar@frettabladid.is**


## AÐALFUNDUR VIÐSKIPTARÁÐS

Aðalfundur Viðskiptaráðs Íslands verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, miðvikudaginn 17. febrúar kl. 11:00. Samkvæmt 9.gr. laga Viðskiptaráðs er dagskrá aðalfundar sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningar bornir upp til samþykktar.
3. Úrslit formanns- og stjórnarkjörs tilkynnt.
4. Lagabreytingar.
5. Kosning kjörnefndar.
6. Tekju- og gjaldaáætlun kynnt og árgjöld ákvörðuð.
7. Önnur mál.

Öllum aðildarfélögum Viðskiptaráðs Íslands er heimilt að sækja fundinn.

Nánari upplýsingar um fundinn, stjórnarkjör og atkvæðagreiðslu má finna á heimasíðu Viðskiptaráðs: **www.vi.is.**

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

# nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*



KJÚKLINGABRINGUR
FERSKAR, ÁN SKINNS

40% afsláttur

1.765 kr/kg
áður 2.941 kr/kg

# hollusta á nýju ári



BLÁBER 340g
299 kr/pk.
áður 398 kr/pk.

HINDBER 340g
496 kr/pk.
áður 598 kr/pk.

JARÐARBER 454g

BERJABLANDA 453g
398 kr/pk.
áður 498 kr/pk.

SMOOTHIE 600g
449 kr/pk.
áður 599 kr/pk.

X-TRA SAFAR
1,5L
199 kr/stk.
áður 249 kr/stk.

KELLOGG'S ORKUSTANGIR
RASPBERRY
6x23g
31% afsláttur
399 kr/pk.
áður 579 kr/pk.

KELLOGG'S ORKUSTANGIR
SPECIAL K
6x23g
399 kr/pk.

SÍTRÓNU TOPPUR
2L
158 kr/stk.

KJÖTBOLLUR
450g
30% afsláttur
440 kr/pk.
áður 629 kr/pk.

KINDAKÆFA, LIFRARKÆFA
GRÓFBÖKUÐ EÐA FÍN
30% afsláttur
965 kr/kg
áður 1.378 kr/kg

KJÖTFARS
FROSIÐ
47% afsláttur
395 kr/kg
áður 745 kr/kg

PEPSI MAX
2L
195 kr/stk.

www.markhonnun.is

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ

Tilboðin gilda 15. - 17. janúar eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

MERKJA OUTLET
KORPUTORGI
ÚTSALA
25%
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM*

Hettupeysa, m/áletrun
Outlet verð kr. 4.995
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR VERÐ kr. 3.746

Hettupeysa, m/áletrun
Outlet verð kr. 4.995
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR VERÐ kr. 3.746

Soft Shell jakki Fyrir dömur og herra
Outlet verð kr. 9.995
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR VERÐ kr. 7.496

Gallabuxur fyrir dömur
Outlet verð kr. 3.995
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR VERÐ kr. 2.996

Gallabuxnaleggings
Outlet verð kr. 2.995
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR VERÐ kr. 2.246

Flíspeysa fyrir dömur
Outlet verð kr. 4.995
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR VERÐ kr. 3.746

50% AFSLÁTTUR AF MÁLVERKUM
*Gildir ekki af DVD-diskum og tölvuleikjum.
Opið: Mán.-lau. 11 til 18
Sun. 12 til 18 • Sími 578 9400

Hamfarir á Haítí

# Beðið eftir aðstoð í rústum borgarinnar

**Upphaf björgunarstarfs í Port-au-Prince gekk brösuglega en komst þó á skrið. Engin leið var að leggja áreiðanlegt mat á fjölda þeirra sem fórust. Fjöldi ríkja hefur sent björgunarlið og næstu daga er von á frekari aðstoð víðs vegar að.**

Undarleg ró hvíldi yfir Port-au-Prince, höfuðborg Haítí, í gær þrátt fyrir eyðilegginguna eftir jarðskjálftann mikla.

Íbúar borgarinnar reyndu hvað þeir gátu að bjarga sér og öðrum meðan beðið var eftir aðstoð. Margir notuðu sleggjur og hendur sínar til að brjóta sér leið inn í rústirnar í von um að finna þar fólk á lífi. Sært fólk var flutt á hjólbörum eða sjúkrabörum á sjúkrahús, en lögreglan notaðist við pallbíla til að flytja sært fólk.

Víða á götum borgarinnar mátti sjá lík, stundum hulin hvítu klæði. Einnig mátti sjá fólk draga lík eftir götum borgarinnar í leit að sjúkrahúsi þar sem hægt væri að skilja líkin eftir.

Hjálparsamtökin Læknar án landamæra sinntu fólki á tveimur sjúkrahúsum sem höfðu staðist skjálftann. Einnig settu þeir upp læknastöðvar í tjöldum annars staðar í borginni. Um 300 læknar komu frá Kúbu og unnu þeir störf sín í sjúkratjöldum.

Engin leið var að leggja mat á hve margir fórust í jarðskjálftanum, sem var 7,0 stig á Richter og reið yfir á þriðjudagskvöld. René Préval, forseti Haítí, talaði um að þúsundir hefðu farist, Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, talaði um tugi þúsunda og Jean-Max Bellerive forsætisráðherra hafði sagst óttast að hinir látnu myndu á endanum skipta hundruðum þúsunda.

Fjöldi ríkja hefur sent björgunarlið og fé á staðinn og næstu daga er von á meiri aðstoð víðs vegar að.

Bandaríkin sendu bæði herlið og borgaralegar sveitir. Strax á miðvikudag komu björgunarsveitir frá Íslandi og Virginíu og í gær lentu flugvélar frá Kína, Frakklandi, Spáni og Bandaríkjunum á flugvellinum í Port-au-Prince.

gudsteinn@frettabladid.is



NORDICPHOTOS/AFP

**MANNSLÍFI BJARGAÐ** Starfsmenn skattstofunnar í Port-au-Prince náðu að bjarga þessum starfsfélaga í gær. Hann hafði legið í nærri tvo sólarhringa í rústunum.

ORKUSJÓÐUR
auglýsir rannsóknarstyrki 2010

Í 2. grein reglugerðar um Orkusjóð nr. 514/2003 eru tilgreindar eftirtaldar heimildir til styrkveitinga úr Orkusjóði:

• að veita styrki eða áhættulán til hönnunar eða smíði frumgerðar tækja og búnaðar til rannsóknar og nýtingar orkulinda
• að veita styrki til sérstakra verkefna á sviði hagkvæmrar orkunotkunar, þ.m.t. til fræðslu og upplýsingastarfsemi
• að veita styrki til verkefna sem stuðla að nýtingu á innlendri orku í stað jarðefnaeldsneytis og styrkja alþjóðasamvinnu um slík verkefni

Við úthlutun styrkja 2010 verður sérstök áhersla lögð á:

• hagkvæma orkunýtingu og orkusparnað
• innlenda orkugjafa
• vistvænt eldsneyti og sparnað jarðefnaeldsneytis
• öflun þekkingar á þessum sviðum og miðlun hennar
• rannsóknir, þróun og samstarf sem að þessu miðar

Umsóknarfrestur er til 1. mars 2010

Umsóknum skal skila til Orkusjóðs, Borgum við Norðurslóð, 600 Akureyri. Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu sjóðsins og á www.os.is.

Frekari upplýsingar eru veittar í símum 569 6083 og 894 4280. Einnig má senda fyrirspurnir á netfangið jbj@os.is.

ORKURÁÐ




# Útsalan
## heldur áfram

Hér má sjá brot af úrvalinu:




**blómaval**
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

Hamfarir á Haítí

# Ástandið í borginni skelfilegt

**Íslenska björgunarsveitin fann þrjár konur í rústum matvörumarkaðar í höfuðborg Haítí í gær. Þær eru allar á lífi. Sveitin var meðal fyrstu á svæðið. Friðargæsluliðar fylgja íslensku sveitinni við björgunarstörf.**

Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin hafði bjargað tveimur ungum konum og var að ná þeirri þriðju úr rústum matvörumarkaðar þegar blaðið náði tali af Lárusi Bjarnasyni, fjarskiptamanni, rétt fyrir klukkan átján að íslenskum tíma í gær.

Konurnar voru ekki slasaðar, en þjáðust af vatnsskorti og fengu vökva í æð.

„Ástandið hér er skelfilegt en við erum í nokkuð góðum gír," sagði Lárus Björnsson, fjarskiptamaður hjá Íslensku alþjóðabjörgunarsveitinni. „Við tókum við í [gær]morgun af sveit heimamanna sem hafði verið að störfum um nóttina," segir hann.

Íslendingar á svæðinu eru alls 35 talsins og hafa sett upp búðir á flugvellinum í Port-au-Prince, höfuðborg Haítí. Þeir gera ráð fyrir að vera á staðnum í allt að sex sólarhringa í viðbót.

Sveitin var í hópi þeirra björgunarsveita sem fyrstar komu á hamfarasvæðið í gær, en hinar eru frá Kína, Bandaríkjunum, og Belgíu. Hópar frá íslensku og bandarísku sveitunum voru þeir fyrstu til að hefja eiginleg björgunarstörf á svæðinu, en heimamenn sjá um skipulagningu.

Konurnar fundust í rústum fjögurra hæða byggingar sem áður hýsti verslanamiðstöðvar á Caribbean Market.



MYND NORDICPHOTO/AFP

**HÖRMULEG SJÓN** Heimamenn reyna að komast leiðar sinnar í gegnum rústir í Port-au-Prince. Talið er að um 50 þúsund manns hafi farist í skjálftanum.



**Á FLUGVELLINUM** Björgunarsveitarmaður við birgðir af íslensku vatni.
FRÉTTABLAÐIÐ VALLI

Um níu þúsund friðargæsluliðar Sameinuðu þjóðanna eru á Haítí og gæta þeir flugvallarsvæðisins. Nokkuð hefur borið á glæpum í kjölfar jarðskjálftanna og íslenska sveitin ætlar að biðja um að friðargæsluliðar fylgi henni við björgunarstörfin.

„Okkur finnst við nú ekki að í mikilli hættu en til að forðast að mönnum líði illa er kannski betra að hafa einn eða tvo friðargæsluliða með í för," segir Lárus. Hann þakkar að lokum stuðning að heiman og biður að heilsa heim.

klemens@frettabladid.is,
olikr@frettabladid.is



**HAMFARASVÆÐI** Þessi þýska móðir með þrjú lítil börn var meðal þeirra sem flugu frá Haítí með vélinni sem flutti rústabjörgunarsveitina á staðinn til Port-au-Prince.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Flóttafólk frá Haítí til Íslands:

## Þáðu far frá Haítí til Íslands

**Átta manns, sem lentu í jarðskjálftanum á Haítí, voru væntanlegir til Keflavíkurflugvallar í nótt. Þá var flugvél Icelandair, sem flutti íslenska rústabjörgunarsveitina til Haítí væntanleg heim á ný. Íslensk stjórnvöld buðu fram vélina til að ferja útlendinga frá Haítí.**

**Fullri vél var fyrst flogið til Bahamaeyja en sex Þjóðverjar, Bretar og Frakki þáðu boð um að fara með vélinni alla leið til Íslands.** - pg



**PAKKAÐ** Neyðarkall barst frá Alþjóða Rauða krossinum á miðvikudagskvöld vegna Haítí. Hér sést Hlín Baldvinsdóttir um hádegisbil í gær að pakka eftir að hafa brugðist við kallinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Veit ekki hvað bíður á áfangastað

Hlín Baldvinsdóttir, sendifulltrúi Rauða kross Íslands, hélt af stað til Haítí síðdegis í gær. Hlín kemur til með að gegna stöðu fjármálastjóra í sérfræðingateymi Alþjóða Rauða krossins.

Hún segist hafa aðstöðu til að bregðast skjótt við og halda til starfa, verandi komin á virðulegan aldur. „Ég er orðin sex barna amma og er í þannig stöðu að síðastliðin tíu ár hef ég unnið fyrir Rauða krossinn og farið fyrir þá í ferðir."

Hlín segir að núna hafi hún verið stödd heima að skoða hvaða verkefni kynnu að vera fyrir Rauða krossinn á árinu þegar neyðarkall barst á miðvikudagskvöld frá Alþjóða Rauða krossinum. Innan við sólarhring síðar var Hlín lögð af stað til Haítí, en í gær voru tíu neyðarteymi Alþjóða Rauða krossins á leið þangað.

Hlín segist hins vegar lítið vita hvað bíði þegar út er komið hvað aðbúnað eða húsnæði varðar. - óká

## Guðs mildi að þau voru ekki inni á hótelinu

Halldór Elías Guðmundsson var á gangi ásamt hópi skólafélaga um götur Jacmel á Haítí þegar jarðskjálftinn reið yfir. Hann slapp ómeiddur en hluti hótelsins hrundi, þar á meðal herbergi Halldórs, að sögn Jennýjar Brynjarsdóttur, eiginkonu hans.

„Þau voru ekki inni á hótelinu og það var guðs mildi," sagði Jenný í samtali við Fréttablaðið frá heimili þeirra í Ohio.

Að sögn Jennýjar gisti hópurinn á flugbraut flugvallar í borginni fyrstu nóttina eftir skjálftann. Í gær voru þau komin undir verndarvæng Sameinuðu þjóðanna.

Óljóst er hvenær þau komast frá landinu. „Hann er fyrst og fremst sleginn yfir því að geta ekki aðstoðað," segir Jenný. „Hann leggur mikla áherslu á að það þarf hjálp til Haítí." Jenný sagðist þakklát fyrir það að vita af Halldóri Elías í góðum höndum undir verndarvæng Sameinuðu þjóðanna. - pg



**HALLDÓR ELÍAS GUÐMUNDSSON**

Íbúðalán

Arion banki kynnir *lausnir* vegna íbúðalána

**Eingöngu vaxtagreiðslur í eitt ár**
Viðskiptavinir með íbúðalán geta óskað eftir að greiða eingöngu vexti í eitt ár.*

**Kjör verðtryggðra íbúðalána haldast óbreytt**
Íbúðalán með föstum verðtryggðum vöxtum, sem veitt hafa verið frá árinu 2004, breytast ekki til hækkunar út lánstíma lánanna.

**Engar uppboðsbeiðnir íbúðalána út árið 2010**
Bankinn mun fresta öllum uppboðsbeiðnum til sýslumanna út árið 2010.

Á arionbanki.is getur þú skoðað hvað hentar þér af þeim fjölmörgu lausnum sem bankinn hefur að bjóða. Nánari upplýsingar fást hjá þjónusturáðgjöfum í útibúum Arion banka eða í síma 444 7000.

* Leiðin býðst ekki þeim sem eru með erlend lán, né heldur þeim sem skipta úr erlendum lánum og velja 30% höfuðstólslækkun og 6% óverðtryggða vexti.

*Hafðu samband*
sími 444 7000 arionbanki.is

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 48636 01/10

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

# Súr Hvalur

## Þessi gamli góði, alvöru stórhvalur.

Eigum einnig Hrefnu



Fiskikóngurinn Kristján og Vestmanneyingurinn Halldór Gunnlaugsson, með skyrhákarl frá Bjarnarhöfn. „Flottir bitar, einn sá flottasti sem ég hef séð, og mjög bragðgóður", var haft eftir Fiskikónginum. „Það jafnast ekkert á við að fá góðan hákarl svona rétt fyrir þorrann" segir Halldór.



Viktor og Áki með súrsað-hvalsrengi. „Við erum búnir að bíða mjög lengi eftir alvöru hvalsrengi, núna er það loksins komið". „Þetta er alvöru stórhvalur og mig hlakkar til þess að afgreiða alla okkar viðskiptavini með alvöru hval" segir Viktor, núna erum við komnir aftur í jólaskap.

Sjósiginn Fiskur frá Bolungarvík

Saltað Selsspik

Gellur og kinnar nýjar og saltaðar.

Sólþurrkaður Saltfiskur

Lúðuhaus, Lúðusneiðar, Lúðuflök.

Hrogn, Lifur og Kúttmagi.

Hákarl frá Bjarnarhöfn, skyrhákarl.

## FISKBÚÐ FYRIR FULLORÐNA

OPIÐ LAUGARDAG 10.00 TIL 14.00

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
998
KR.KG
K.S LAMBALÆRI FROSIÐ HAUSTSLÁTRUN 2008
268
KR.KG
K.S LAMBASVIÐ
Holta
Leggir
498
KR.KG
HOLTA FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
BÓNUS
Kjúklingur
Bringur
1598
KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
Holta
Bringur
1698
KR.KG
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1398
KR.KG
BÓNUS FROSNAR KJÚKLINGALUNDIR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 30% AFSLÁTTUR
539
KR.KG
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚLINGUR
198
KR.KG
BÓNUS FROSNIR KJÚKLINGAVÆNGIR
BÓNUS
Pizzadeig
259
KR. 400g
BÓNUS FERSKT PIZZADEIG 400G
VENJULEGT EÐA SPELT
Grænmetisbuff
998
KR. 1 KG
N.F FROSIN GRÆNMETISBUFF 1 KG
Coca-Cola light
98
KR.DS
COKE LIGHT Í DÓS 500ML
HÁMARK
HÁMARK
168
KR.STK
HÁMARK PRÓTEINDRYKKIR 250 ML
HEIMILIS BRAUÐ
179
KR.STK
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770G
BÓNUS
KJARNABRAUÐ
159
KR.STK
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500G
Coca-Cola light
695
KR. 8 LTR
COKE KIPPA LIGHT 4 X 2 LTR.
FRÁBÆRT VERÐ
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 - 19:30



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Opnum kl.10 í dag
NÝTT KORTATÍMABIL
198
KR.FL
FROOSH MANGO 250 ML
SENNILEGA ÓDÝRASTA
SMOOTIE Í EVRÓPU
117
KR.FL
TOPPUR SÍTRÓNU OG HREINN 2 LTR.
Grísahakk ca 600g 359 kr.
Mexikönsk grýta 395 kr.
Pottréttur fyrir ca. 5
á aðeins ca. 750 kr.
579
KR.KG
N.F FROSNAR FISKIBOLLUR
4 STK
498
KR.PK
NAUTAVEISLU NAUTAHAMBORGARAR
4 STK M.BRAUÐI
898
KR.KG
NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK
498
KR.PK
E.S FROSIN JARÐARBER 1 KG
259
KR.PK
RIVO KAFFI 400G
498
KR.FL
BERIO OLÍFUOLÍA 500ML
379
KR.FL
BÓNUS LÝSI 500 ML
VINSÆLASTA
HAFRAMJÖLIÐ
Í BÓNUS
259
KR.PK
E.S HAFRAMJÖL 1,5 KG
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 - 19:30

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sjómenn tala ekki sama mál og aðrir.

## Hótanir og annað títt úr sjávarútvegi

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON SKRIFAR

Það hefur alla tíð legið fyrir að þeir sem tengjast sjósókn með einhverjum hætti kunna þá fornu list að rífa kjaft betur en aðrir. Þeir geta sett á langar ræður um menn og málefni eins og skrúfað sé frá krana og úr þeim stendur kröftug bunan svo lengi sem þeir vilja. Landkrabbar verða fljótlega kjaftstopp í orðaskaki við slíka meistara og undir sögum þeirra, krydduðum ragni á réttum stöðum, sitja aðrir opinmynntir. Þegar sjóarar beita þessum kúnstum sínum hafa aðrir ekki roð við þeim. Umræður á þeim nótum geta því aldrei orðið skynsamlegar.

Og hví eru þessi sannindi rifjuð upp hér og nú, kann einhver að spyrja.

Er þá því til að svara að frétt af nýjustu bókun stjórnar LÍÚ er tilefnið.

Á aðventunni mun stjórnin hafa sest niður og fært til bókar að ef ríkisstjórnin léti ekki af áformum sínum um að fyrna kvóta þá myndu útvegsmennirnir hætta að veiða. Já, bara stíma í land og binda flotann við bryggju – eins og það var orðað á Stöð 2.

Talsmaður útvegsmannanna segir þessi áform ekki hótun heldur viðbrögð við hótunum stjórnvalda. Þau hóti að taka veiðiheimildir af fyrirtækjum sem þýði gjaldþrot greinarinnar allrar.

Án þess að það sé sérstakt innlegg í debatt útgerðarmanna og ríkisstjórnarinnar um fjárhagslegar afleiðingar þess að fyrna aflaheimildir skal hér 1. grein laganna um stjórn fiskveiða rifjuð upp.

Hún hljóðar svo: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. […] Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.“

Eitthvað hljóta þessi orð að þýða.

Og með þessi lög í gildi hafa útvegsmenn hagað fjárfestingum sínum í gegnum árin.

Vel má vera að það setji sjávarútvegsfyrirtækin á hliðina ef kvótinn verður innkallaður – þó í smáum skömmtum, á löngum tíma, verði. Útgerðarmenn hafa raunar lagt fram útreikninga sem sýna fram á það. Stjórnvöld á hinn bóginn hafna því að innköllun kvótans kunni að hafa slík áhrif en hafa ekki sýnt neina útreikninga.

Lengi hefur verið deilt um fiskveiðistjórnunarkerfið. Það eru jú uppi margvíslegar skoðanir á því hvernig úthluta beri takmörkuðum gæðum.

Sumir eiga sér þann draum að hægt verði að ná sátt um fiskveiðimálin. Þar sem himinn og haf skilur að sjónarmiðin í málinu væri skynsamlegra að byrja á að reyna að ná „aðeins meiri sátt“ en nú ríkir. Verkefnið er risavaxið og verður ekki framkvæmt nema í skrefum.

Og þegar sátt hefur náðst um að ná aðeins meiri sátt væri fínt ef menn sættust á að vera svolítið dannaðir. Kjaftbrúk að hætti sjósóknara er ekki vænlegt til árangurs.

Svo hljóta menn að þurfa að fallast á að yfirlýsingar um að binda flotann við bryggju eru hótun. En ætli menn að standa við þau stóru orð verða þeir að búast við að þeim verði mætt af sömu hörku.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

ATORKA HLUTHAFAFUNDUR

Atorka Group hf • Föstudaginn 22. janúar 2010 kl. 10:00 • Grand Hótel

**DAGSKRÁ**

Boðað er til hluthafafundar hjá Atorku Group hf. Á dagskrá fundarins er einungis eitt mál, eða tillaga stjórnar Atorku Group hf. um að núverandi hlutafé í félaginu verði fært niður að fullu, samhliða því að samþykkt verði að hækka hlutafé að nýju og að kröfuhafar félagsins skrái sig fyrir nýju hlutafé í samræmi við nauðasamning Atorku Group hf. við kröfuhafa, samþykktan á fundi kröfuhafa 10. desember 2009 og staðfestan af Héraðsdómi Reykjaness 7. janúar 2010.

Dagskrá fundarins og tillaga stjórnar félagsins í samræmi við framangreint munu liggja frammi til sýnis fyrir hluthafa á skrifstofu félagsins frá og með 15. janúar 2010.

**Stjórn Atorku Group hf.**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fyrir grasrótina

Hreyfingin hélt grasrótarfund á kaffi Sólon í gær. Tilefnið var að Hreyfingin vill hjálpa grasrótarhreyfingum á Íslandi til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Hugmyndin er sú að hinir ýmsu grasrótarhópar geti komið málefnum á framfæri við Hreyfinguna, sem virki sem gátt inn á þing. Þetta vilja eflaust ófá grasrótarsamtök nýta sér, til dæmis Borgarahreyfingin sem merkilegt nokk fékk fjóra menn kjörna á þing í kosningum síðastliðið vor en stendur nú uppi málsvaralaus. Kannski Hreyfingin sé til í að leggja Borgarahreyfingunni lið og virka sem gátt þeirra inn á þing?

### Hvað vill Jóhanna?

Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, sagði á Vísi í gær að boltinn væri hjá Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra í Icesave-deilunni. Ekki væri hægt að stilla stjórnarandstöðunni upp við vegg og spyrja hvað hún vildi gera. „Jóhanna Sigurðardóttir verður að koma með tillögur um það hvað hún vill gera. Það er ekki á forræði neins annars,“ sagði Höskuldur. En nú liggur fyrir hvað Jóhanna Sigurðardóttir vill gera í Icesave-málinu. Hún tók meira að segja þátt í að samþykkja lög um hvað hún vildi gera. Er hægt að biðja um mikið skýrari ásetning?



### Áfram með smjörið

Í júní í fyrra fól félags- og tryggingaráðuneytið velferðarvaktinni „að leita leiða í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins til að standa vörð um grunnþjónustu sveitarfélaga“. Nú, sjö mánuðum síðar, hefur fyrsta áfanganum til að standa vörð um grunnþjónustu ríkis og sveitarfélaga verið náð, eins og lesa má á heimasíðu félags- og tryggingaráðuneytisins: velferðarvaktin hefur skilgreint hvað felst í grunnþjónustu ríkis og sveitarfélaga. Nú fara hjólin að snúast.

**bergsteinn@frettabladid.**



## Ofstolt og fréttafréttir



PAWEL BARTOSZEK

**Í DAG** | Hamfarir á Haítí

Flestir hljóta að fyllast óhug og sorg yfir þeim fréttum sem nú berast frá Haítí. Ef marka má fréttirnar virðist jarðskjálftinn ekki aðeins hafa lagt í rúst höfuðborgina og bundið endi á þúsundir mannslífa heldur einnig laskað sjálfar undirstöður samfélagsins sem veikar voru fyrir. Þeir íslensku björgunarmenn sem drifu sig á hamfarasvæðið áður en sólarhringur var liðinn frá skjálftanum eiga án efa eftir að gera mikið gagn og sjálfsagt er að hæla þeim fyrir skjót viðbrögð. Hins vegar er ekki laust við að það mikla hlutverk sem för íslensku björgunarsveitarinnar hefur fengið í allri umfjöllun um hamfarirnar beri vott um einmitt þá minnimáttarkennd sem þátttaka í slíkum verkefnum ætti að vinna bug á.

Í fyrsta lagi þá höfum við orðið vitni að algerri og ótímabærri ofnotkun á stolthugtakinu. Flugvélin með björgunarfólkinu var enn að taka eldsneyti í Boston þegar einhver á öldum ljósvakans sagðist vera stoltur af því að vera Íslendingur. Það er ekki útilokað að þeir sem hjálpuðu til og fjölskyldur þeirra muni einhvern tímann hafa tilefni til að fyllast stolti. En við hin? Hvað höfum við gert? Er rétta tilfinningin þegar slíkur ógnarharmleikur á sér stað, sú að vera stoltur og hrærður yfir óunnum björgunarafrekum annarra? Aðrir finna sér annað tilefni til stolts. Utanríkisráðherra var strax á miðvikudaginn stoltur yfir því hve vel íslensk stjórnsýsla hafi reynst þegar kom að því að undirbúa ferðalagið. Jú, jú, á meðan hálf milljón manna liggur slösuð, látin eða grafin innan um urð og grjót og öngþveiti ríkir í höfuðborg annars ríkis er ekki úr vegi að gleðjast yfir skilvirkni íslenska stjórnkerfisins.

Í öðru lagi þá er það undarlegt að þurfa að tiltaka það án afláts að íslenska björgunarsveitin hafi verið með þeim fyrstu á staðinn. Í útvarpsþætti á miðvikudaginn var sagt að hún væri ein sú fyrsta í heiminum til að mæta til Haítí. „Allavega sú fyrsta frá Norðurlöndunum,“ bætti útvarpsmaðurinn við til að hafa vaðið fyrir neðan sig. Hvers vegna skiptir þetta einhverju máli? Er ekki annað kapphlaup mikilvægara nú, kapphlaupið um að ná sem flestum lifandi út úr húsarústum í Port-au-Prince, heldur en eitthvað ímyndað kapphlaup við Dani og Svía og aðrar þjóðir heimsins? Það eru nefnilega, í hnattrænu samhengi, ömurlegar fréttir að íslensku björgunarsveitarmennirnir hafi verið með þeim fyrstu á vettvang. Þær eru ömurlegar vegna þess að þetta þýðir að sólarhringur hafi liðið áður en alþjóðleg aðstoð fór að berast af alvöru. Á þeim sólarhring hafa þúsundir manna líklegast látist, grafnir í rústum húsa. Mörgum þeirra hefði hugsanlega verið hægt að bjarga ef hjálpin hefði borist fyrr.

Í þriðja lagi er það hin sígilda þörf hérlendra miðla til að segja svokallaðar fréttafréttir af Íslandi og Íslendingum. Dæmi um fréttafrétt vikunnar er til dæmis frétt um að á vef CNN hafi birst frétt um að Íslendingar hafi verið með þeim fyrstu til að senda björgunarsveit til Haítí. Annað dæmi um fréttafrétt er að norskt dagblað sagði að fátæka Ísland hugðist hjálpa til, þrátt fyrir hrun fjármálakerfisins. Við þetta má bæta við fréttum á borð við þær að í viðræðum íslenskra ráðamanna við erlenda starfsbræður sína hafi komið fram að þeir dáðust að skjótum viðbrögðum Íslendinga. Var virkilega ekkert annað fréttnæmara sem tengdist þessum hörmulega atburði? Er okkur virkilega svona mikilvægt að aðrir taki eftir þegar við vinnum góðverk?

Skemmst er að minnast þess þegar forseti Íslands, í samúðarkveðju sinni til forseta Ítalíu vegna jarðskjálftanna í Abruzzo, „vék að rannsóknum Íslendinga á sviði jarðskjálfta og hinu öfluga viðvörunarkerfi sem íslenskir vísindamenn og sérfræðingar hefðu þróað,“ eins og það var orðað í fréttatilkynningunni frá forsetaembættinu. Afar nærgætið. Auðvitað finnst öllum gaman að tala um sjálfa sig en það má nú stundum sýna lágmarksvirðingu gagnvart þeim sem eiga um sárt að binda. „Leitt með hann pabba þinn en, vel á minnst, ég er einmitt að gera verkefni í skólanum um þá tegund krabbameins sem varð honum að bana. Finnst þér ég ekki duglegur?“

## Erlendar nýfjárfestingar

**UMRÆÐAN**

Katrín Júlíusdóttir svarar Jóni Gunnarssyni



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR

Erlendar nýfjárfestingar skapa atvinnutækifæri sem hvorki þarf að fjármagna með erlendum lántökum íslenskra aðila né af því innlenda svigrúmi sem til staðar er til fjárfestinga í hagkerfinu. Ríkisstjórnin leggur því áherslu á að skapa forsendur fyrir slíkar fjárfestingar, ekki síst með því að eyða sem fyrst allri óvissu um það á hvaða leið Ísland sé í endurreisn efnahagslífsins.

Strax og nýtt óvissuástand skapaðist með framgang efnahagsáætlunar Íslands þegar forseti beitti synjunarvaldi var brugðist við af hálfu iðnaðarráðuneytis og Fjárfestingarstofu í samráði við utanríkisráðuneytið. Fjárfestingarstofa er í samskiptum við þá erlendu aðila sem eru að þreifa fyrir sér með verkefni á Íslandi. Viðbrögð þeirra við nýju óvissuástandi kölluðu á aðgerðir og virk samskipti til að halda verkefnum gangandi. Því hefur Fjárfestingarstofa sinnt með lofsamlegum hætti.

Í grein í Fréttablaðinu 13. janúar sl. gerir Jón Gunnarsson þingmaður mér upp þau orð að flótti væri brostin í lið erlendra fjárfesta. Vonandi tekst að afstýra því þótt dýrkeyptar tafir geti orðið.

Þingmaðurinn telur það „grunnhyggni“ af minni hálfu að benda á að óvissa um framgang endurreisnar efnahagslífsins, lækkun lánshæfismats ríkisins niður í ruslflokk, ráðleggingar matsfyrirtækja og greinenda gegn fjárfestingum á Íslandi og hækkun skuldatryggingarálags hafi áhrif á alþjóðlega fjármálamarkaði og ákvarðanir fjárfesta. Meðan menn hafa asklok fyrir himinn er ekki líklegt að samhengi hlutanna verði þeim sýnilegt.

Nú er unnið að undirbúningi rammalöggjafar um ívilnanir vegna erlendra fjárfestinga til að gera ferlið skilvirkara og auðvelda kynningu á Íslandi sem fjárfestingarkosti. Alþingi er með til afgreiðslu fjárfestingarsamning sem hefur það markmið að auðvelda aðkomu nýs erlends kjölfestufjárfestis í uppbyggingu gagnvers á Reykjanesi. Sérstök verkefnisstjórn vinnur markvisst ásamt Fjárfestingarstofu að því að finna erlendan samstarfsaðila til uppbyggingar og orkunýtingar í Þingeyjarsýslum.

En margt fleira er gert. Ferðaþjónustan er enn að eflast og undirbýr stofnun klasa um heilsu- og lífsstílstengda ferðamennsku. Stuðningur við nýsköpun, rannsóknir og þróun er efldur. Ný frumkvöðlasetur skapa störf og verðmæti. Þetta eru aðeins dæmi um það starf sem unnið er í samráði við atvinnulífið um uppbyggingu. Skýr stefna og vilji er til staðar. Verkefnið er að sameinast um að skapa sem fyrst hagstæð skilyrði, stöðugleika og forsendur hagvaxtar.

*Höfundur er iðnaðarráðherra.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Europris




**ÓDÝRT FYRIR ALLA!**

# Plastvörudagar

## helgina 15. – 17. janúar




**www.europris.is**

Opið frá kl. 10 til 19 á virkum dögum og frá kl. 10 til 18 um helgar.

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

# Frá París

**UMRÆÐAN**
Einar Benediktsson skrifar um alþjóðamál



EINAR BENEDIKTSSON

Það var vissulega mikið ánægjuefni að geta verið um hátíðarnar hjá afkomendum okkar á gömlum slóðum í París. Merkilegt var að koma heim í hlýviðri eftir frostið í París! Ekki held ég að Ísland hafi verið á hvers manns vör þar um slóðir frá því um árið að Frakkar fögnuðu komu Vigdísar Finnbogadóttur, nýkjörnum forseta Íslands. Áður en Icesave-fárviðri Ólafs Ragnars brast á, var lítið á Ísland minnst í frönskum fjölmiðlum, að öðru leyti en því að fram undan væri umrædd ákvörðun forseta Íslands. Þegar sú ákvörðun lá fyrir, stóð ekki á sumpart neikvæðri umfjöllun fremur en víða annars staðar. Frásögn Le Figaro var málefnaleg en hjá öðrum gætti þess misskilnings að um væri að ræða þá ákvörðun að ganga með öllu frá umsömdum skuldbindingum. Verstu útreiðina fengum við strax í Le Monde úr penna Gérard Lemarquis nokkurs sem búsettur er í Reykjavík. En þessi blaðaskrif gengu yfir á einum tveim dögum. Ég leit við á sendiráði Íslands á avenue Victor Hugo. Þórir Ibsen sem nýlega tók við starfi sendiherra í París er maður starfinu vaxinn. Hann sagði mér frá margvíslegum aðgerðum sem strax voru hafnar til að kynna stefnu ríkisstjórnarinnar í nýrri stöðu í Icesave-málinu og ekki skorti efni og fyrirmæli frá utanríkisráðuneytinu.

### Viðhorf líðandi stundar

Svo að eitthvað sé sagt frá þessari dvöl annað en þetta varðandi Icesave, þá var ánægjulegt að eiga þarna snertingu við Evrópuviðhorf líðandi stundar. Það fékkst m.a. með lestri á tveggja vikna syrpu af fróðlegum og skemmtilega skrifuðum heilsíðugreinum í Figaro um stöðuna í ýmsum aðildarríkjum ESB. Þeim lauk með grein um Slóveníu og lofsorði á höfuðborgina: Lubljana, si naturellement européenne eða L. svo eðlilega evrópsk, var yfirskriftin. Gagnstætt því sem er um öll önnur fyrrum austurblokkarlönd í ESB nema Eistland, segir Figaro aðild Slóvena hafa borið hinn fullkomna árangur. Höfuðborgin er sýnd sem ímynd friðsamrar og hamingjusamrar Evrópu. Um Eistland, nokkru minna þjóðfélag, er það sama að segja, að stefnt hröðum skrefum að því að ná velmegunarstaðli Vestur-Evrópu. Í Eistlandi, eins og í Lettlandi og Litháen, vofir enn yfir martröð seinni heimsstyrjaldarinnar og Stalíntímans enda söguupplifun þeirra sérstök;

*Slök peningamálastjórn ESB-aðildarríkisins Írlands kom þeim ekki undan harðri fjármálakreppu, þótt evran kæmi til bjargræðis gegn algjöru hruni bankakerfisins og því að lenda í forsjá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.*

Rússland er ekki sama ógnin og Sovétríkin í kalda stríðinu, en er samt lítt treystandi. Eistland rífur sig áfram og verður hugsanlega Sviss norðursins. Þar segja menn sig hafa verið andlega undirbúna að taka fullan þátt í vestrænu þjóðfélagi við að hafa notið finnska sjónvarpsins frá 1958. Pólland með sínar 38 milljónir íbúa er risinn í Mið-Evrópu og ætla sér líka mikið. Einkavæðing og erlendar fjárfestingar eru lykilatriði og ekki er kvartað út af fortíðinni; komnir inn í Evrópu réttum megin, ætla Pólverjar sér að ná öðrum með tvöföldum hagvexti Þjóðverja og Frakka. Athyglisvert er, segir Figaro, að Þjóðverjar stíla upp á nýja þjóðarímynd endurspeglaðri í Berlín, miklu glæsilegri en fyrr. Svo er að skilja að Ungverjar hafi hlaupið út undan sér í kreppunni, gerst all öfgafullir til hægri og hrifning af Evrópusamstarfi dvínað. Eyðilegging Ceausescus á rúmensku þjóðfélagi var ægileg enda það niðurbrotið. Þar eins og í Búlgaríu var í raun aðeins um að ræða hallarbyltingar kommúnista 1989. Í hvorugu þessara landa hefur verið litið í spegilinn og efnt til alvöru söguskoðunar.

Slök peningamálastjórn ESB-aðildarríkisins Írlands kom þeim ekki undan harðri fjármálakreppu, þótt evran kæmi til bjargræðis gegn algjöru hruni bankakerfisins og því að lenda í forsjá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þótt sá sé munur á Írlandi og Íslandi, þá sagði í leiðaragrein í International Herald Tribuneer að hin mikla þjóðargleði vegna ímyndaðs þjóðarauðs uppgangsskeiðsins væri horfin og „Irish eyes aren´t smiling“. Það er víðar pottur brotinn en á Íslandi.

### „Stóra núllið“

Það getur verið gott að líta aðeins út fyrir túngarð heimabýlisins enda var það meðfram tilgangur með þessari Parísardvöl. Farið var að kalla fyrsta áratug 21. aldarinnar „Stóra núllið“ því ekkert hafði þá komið þjóðfélögum til ávinnings. Og víst stöndum við uppi með skerta þjóðarframleiðslu, mikið áfall í rekstri fyrirtækja utan sjávarútvegs og í högum heimila landsins. En Íslendingar geta líka margt lært af hruninu okkur til góðs í því átaki uppbyggingar sem fram undan er og hafa síst efni á að bæta stjórnmálakreppu við hina efnahagslegu. Hitti Sarkozy Frakklandsforseti ekki naglann á höfuðið fyrir landsmenn sína og aðra í ávarpi sínu á gamlárskvöld um að nú þyrfti að endurnýja meiningu orðsins „fraternité“ – bræðralag?

*Höfundur er fyrrverandi sendiherra.*


# Aðgerðir gegn langtímaatvinnuleysi

**Atvinnu- og upplýsinganefnd Kópavogsbæjar efnir til ráðstefnu um aðgerðir á vegum Kópavogsbæjar gegn langtímaatvinnuleysi.**



Ráðstefnan verður haldin **laugardaginn 16. janúar nk.** í sal bæjarstjórnar Kópavogs, Fannborg 2, kl. 13.00–16.00.

Til ráðstefnunnar er boðað fólk í kjörnum nefndum Kópavogsbæjar, embættismenn bæjarins og aðrir þeir sem áhuga kunna að hafa.

Verkefni ráðstefnunnar er að leggja grunn að tillögugerð fyrir bæjarstjórn um málefni langtímaatvinnulausra.

**Dagskrá:**
1. Erindi félagsmálastjóra Kópavogs: *Félagslegar afleiðingar atvinnuleysis.*
2. Erindi frá Vinnumálastofnun: *Greining á atvinnuleysi í Kópavogi og möguleg úrræði.*
3. Sigríður Snævarr sendiherra: *Nýjar leiðir til að fást við atvinnuleysi.*
   **Kaffihlé**
4. Þrír starfshópar vinna tillögur.
5. Ráðstefnuslit.


**Rannsóknir FME:** Grein 1 af 4

# Verulegur árangur en mikið verk óunnið

**UMRÆÐAN**
Guðrún Jónsdóttir skrifar um rannsóknir Fjármálaeftirlitsins



GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR

Rannsóknir Fjármálaeftirlitsins sem hófust í kjölfar falls stóru íslensku bankanna þriggja síðastliðið haust hafa nú staðið í meira en ár. Verulegur árangur hefur náðst á þeim tíma. Fjármálaeftirlitið afgreiddi á árinu 2009 hátt í níutíu viðurlagamál. Þar af voru 31 mál send til embættis sérstaks saksóknara þar sem unnið er af kappi við áframhaldandi vinnslu þeirra, tveimur var vísað til efnahagsbrotadeildar lögreglunnar og fimm til ríkissaksóknara. Stjórnvaldssektir og sáttir voru 51 talsins.

Innan Fjármálaeftirlitsins hafa 77 mál verið til rannsóknar til þessa er tengjast falli bankanna. Staða þeirra er sú að 50 er lokið og 27 eru enn í rannsókn. Í nokkrum tilvikum eru rannsóknir á algjöru frumstigi. Þá eiga fleiri mál eftir að bætast við á nýju ári. Rannsóknirnar beinast bæði að einstaklingum og lögaðilum. Í þeim tilvikum sem um er að ræða einstaklinga er fyrst og fremst verið að skoða hvort viðkomandi hafi búið yfir upplýsingum sem ekki voru öllum aðgengilegar og hvort um innherjaviðskipti hafi verið að ræða.

Fjármálaeftirlitið fékk það viðbótarverkefni í kjölfar falls bankanna að rannsaka brot á lögum um gjaldeyrismál og reglum settum á grundvelli þeirra. Seðlabanki Íslands hefur eftirlit með fyrrgreindum lögum og reglum og þegar þetta er skrifað hefur bankinn tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um meint brot 22 aðila sem koma úr mismunandi starfsgreinum. Rannsóknum þeirra miðar vel.

Mörg þeirra mála sem rannsökuð hafa verið eru afar flókin og teygja sig yfir landamæri. Gagna hefur verið aflað hjá erlendum eftirlitum og einnig má nefna að þeir tölvupóstar sem hafa verið skoðaðir skipta orðið milljónum.

Eftir að Spron, Straumur og Icebank, eða Sparisjóðabankinn, voru yfirteknir fékk Fjármálaeftirlitið sjálfstæð endurskoðunarfyrirtæki til að fara inn í þessi fjármálafyrirtæki með svipuðum hætti og gert hafði verið við stóru bankana þrjá og bættist þar við mikið rannsóknarefni.

### Markaðsmisnotkun langt aftur í tímann

Nýlega hlutu tveir einstaklingar dóm fyrir markaðsmisnotkun. Þar var um að ræða mál sem Fjármálaeftirlitið hafði vísað til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra nokkru fyrir hrun bankanna. Því máli hefur verið lýst í fjölmiðlum og er nokkuð afmarkað en markaðsmisnotkunin fólst í því að hafa áhrif á verð ákveðinna skuldabréfa til hækkunar. Komið hefur í ljós að markaðsmisnotkunarmál teygja í sumum tilvikum anga sína langt aftur í tímann. Í því sambandi má benda á að markaðsmisnotkun felst ekki einungis í að hafa áhrif á verð hlutabréfa til hækkunar eða lækkunar heldur getur hún einnig falist í því að styðja það þannig að það haldist óbreytt. Hér eins og víða annars staðar er rauntímaeftirlit með markaðinum í höndum Kauphallarinnar en það getur verið mjög erfitt að greina markaðsmisnotkun. Fjármálaeftirlitið fær fjölda ábendinga af ýmsum toga frá Kauphöllinni.

Verðbréfasvið Fjármálaeftirlitsins fer fyrir flestum rannsóknunum. Lífeyris- og verðbréfasjóðasvið Fjármálaeftirlitsins hefur unnið að ýmsum málum tengdum verðbréfasjóðum, þar með talið svonefndum peningamarkaðssjóðum. Þau mál hafa undið upp á sig í nokkrum tilvikum og eru sum enn til rannsóknar. Vátryggingasvið Fjármálaeftirlitsins hefur einnig unnið að máli sem farið hefur til sérstaks saksóknara eins og fram hefur komið í fréttum. Þá hefur lánasviðið komið að rannsóknum með verðbréfasviðinu.

### Skýrt verður frá niðurstöðum fleiri mála

Nokkurrar óánægju hefur gætt vegna þess að Fjármálaeftirlitið getur sjaldnast gefið upplýsingar um einstök mál. Úr þessu hefur verið bætt að hluta með nýjum lögum um gagnsæi í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Þau gera Fjármálaeftirlitinu kleift að skýra frá niðurstöðum fleiri

*Óhætt er að fullyrða að þeim málum sem Fjármálaeftirlitið vísar til embættis sérstaks saksóknara á eftir að fjölga.*

mála og athugana en áður var. Starfsmenn Fjármálaeftirlitsins eru þó eftir sem áður bundnir þagnarskyldu samkvæmt lögum sem takmarka möguleika þeirra á að tjá sig um einstök mál. Ekki er hægt að skýra frá hvaða fyrirtæki og einstaklingar hafa verið eða eru til skoðunar innan Fjármálaeftirlitsins enda gæti það valdið saklausum aðilum ómældu tjóni auk þess sem það gæti spillt rannsóknarhagsmunum á þann veg að mál ónýttust.

### Nákvæmara og tortryggnara eftirlit

Það á eftir að taka okkur Íslendinga langan tíma að vinna úr þeim málum sem hafa komið upp í kjölfar falls bankanna. Þegar horft er til baka má segja að regluverk hafi verið til staðar hjá íslenskum fjármálafyrirtækjum. Því var hins vegar ekki framfylgt sem skyldi. Finnski bankasérfræðingurinn Kaarlo Jännäri, sem fenginn var til að fara yfir reglur á fjármálamarkaði á Íslandi og eftirlit með honum, benti meðal annars á í skýrslu sinni að aðsópsmiklir aðilar á íslenskum fjármálamarkaði gátu farið í kringum laganna bókstaf. Eftirlitsaðilar hafi verið of uppburðarlitlir og skort lagastoð. Þá nefndi Jännäri einnig að stolt þjóðarinnar vegna velgengni bankanna hefði sennilega gert það að verkum að eftirlitsaðilar hefðu ekki getað gripið inn í starfsemi þeirra á sínum tíma. Mikilvægt er að framvegis verði starfað í anda laganna og með gott siðferði í viðskiptum og hagsmuni heilbrigðs markaðar að leiðarljósi.

Óróatímar eins og voru í aðdraganda fallsins, vaxandi lausafjárþurrð og fall Lehman Brothers bankans, skapar jarðveg fyrir sviksemishegðun. Aðilar sem hafa alla tíð verið traustir og hegðað sér vel freistast stundum í slíku umhverfi til að gera hluti sem þeir hefðu ella ekki gert. Óhætt er að fullyrða að þeim málum sem Fjármálaeftirlitið vísar til embættis sérstaks saksóknara á eftir að fjölga. Allir hafa nú því miður lært mjög dýra lexíu og ljóst er að eftirlit verður nákvæmara og tortryggnara í framtíðinni ásamt því að gengið verður fram af meiri festu en áður hefur þekkst.

*Höfundur er sviðsstjóri á verðbréfasviði Fjármálaeftirlitsins.*

**ÍSLENSKA KOKKALANDSLIÐIÐ** er komið með sérvef á síðunni www.freisting.is vegna heimsmeistarakeppninnar Expogast-Culinary World Cup í Lúxemborg sem liðið tekur þátt í dagana 20.-24. nóvember 2010. Það má þess geta að þátt um liðið og undirbúning þess fyrir mótið er að finna á Netinu en þættirnir eru sýndir á sjónvarpsstöðinni ÍNN undir heitinu Ertu í mat?






FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447






Allt í steik

9. janúar - 28. febrúar

Hinn árvissi 4ra rétta „Allt í steik" seðill gleður bragðlaukana. Skyldumæting fyrir alla sem unna góðum mat á góðu verði.

1 HUMAR OG SALTFISKKRÓKETTUR
með tómatsultu, blönduðu salati og humarmajonesi

2 RJÓMALÖGUÐ SJÁVARRÉTTASÚPA
með steiktum tígrisrækjum, rjómatoppi og karrýolíu

VELDU MILLI FJOGURRA AÐALRÉTTA

3 FISKUR DAGSINS
ferskasti hverju sinni, útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar (4.990 kr.)

PÖNNUSTEIKTUR FASANI
með polentu og kóngasveppasósu (5.590 kr.)

PRIME RIBS
með kartöfluturni, Bearnaisesósu og steinseljurótarmauki (6.590 kr.)

NAUTALUND
með grænmetismósaík og blönduðum skógarsveppum (7.590 kr.)

4 SÚKKULAÐIFRAUÐ
með hindberjahlaupi, ferskum ávöxtum og passionís

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot




Ágústa Johnson með létta og ferska pitsu með mozzarella-osti, klettasalati, tómötum og hvítlauk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Afbragðs kreppupitsa

**Ágústa Johnson, framkvæmdastjóri Hreyfingar, býr ósjaldan til pitsu í matinn. Hún notar hið ólíklegasta álegg á borð við kartöflur, kjúkling, humar og afganga en sjaldnast hina hefðbundnu tómatsósu.**

„Ég kaupi oft tilbúið deig á einhverjum pitsustað eða útbý það sjálf en þá vil ég láta það bíða í ísskáp yfir nótt til að losna við mesta gerbragðið," segir Ágústa sem leikur sér með hið ólíklegasta álegg á pitsurnar sínar.

Pitsuna sem hún gefur uppskrift að valdi hún þar sem hún er létt og fersk og hentar vel í kjölfar jólanna. Þá segir Ágústa hana einstaklega kreppuvæna þar sem allt hráefnið hafi kostað þúsund krónur.

„Við erum oft með pitsuboð fyrir vini okkar og gerum þá nokkrar gerðir af öðruvísi pitsum. Maður sér oft að karlmennirnir líta þessa hornauga því það er ekki kjöt á henni. En þegar þeir smakka hana eru þeir yfirleitt mjög ánægðir með hana, enda gerir kúluosturinn mjög mikið," útskýrir Ágústa.

Heilsuræktarfrömuðurinn er lítið fyrir hefðbundið álegg á borð við pepperoni. „Svo finnst mér hefðbundnar pitsur með tómatsósu allar smakkast eins þar sem tómatsósan er svo ríkjandi. Við byrjuðum því fyrir mörgum árum að gera alls konar tilraunir og viða að okkur uppskriftum að pitsum sem eru ekki með tómatsósu."

Ágústa notar ýmislegt hráefni á pitsur, til að mynda humar, kjúkling, afgangsgrænmeti og kartöflur. „Með kartöflunum er gott að nota rósmarín og hvítlauk. Það er súpereinfalt og kostar mjög lítið."

*solveig@frettabladid.is*

## LÉTT OG GÓÐ PITSA Í ÁRSBYRJUN

Ólívuolía
1-2 hvítlauksrif
söxuð steinselja
salt og pipar

*Blandað saman og smyrjið á útflatt deigið. Sett inn í ofn.*

3-4 tómatar
1 kúla mozzarella-ostur
1 msk. basilpestó
½ msk. ólívuolía
klettasalat
svartur pipar

*Tómatarnir eru saxaðir í litla munnbita. Osturinn rifinn niður í smáa bita, pestói og ólívuolíu blandað saman.*



*Þegar pitsan er tekin úr ofninum er tómötunum dreift yfir, síðan mozzarella-ostinum. Pestóinu er slett létt yfir og síðan klettasalatið sett ofan á. Að lokum er pitsan pipruð örlítið.*


;ALLT Á FERÐINNI

**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473

**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427

**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447





# ÚT AÐ BORÐA

**JÓNAS KRISTJÁNSSON** heldur úti veitingarýni á vefsíðu sinni www.jonas.is. Þar mælir hann til dæmis með nýja staðnum Eldhrímni.








# Mæta norrænum risum

**Veitingahúsið Dill er fulltrúi Íslands í keppni um besta veitingahús á Norðurlöndum og verða úrslit kunngjörð í Kaupmannahöfn á sunnudag. Mikill heiður að vera valinn til þátttöku, segir Ólafur Örn hjá Dill.**

„Þetta er náttúrlega ótrúlegur heiður fyrir okkur að hafa verið valin í þessa keppni, sérstaklega í ljósi þess að varla er ár liðið frá því að við opnuðum í Norræna húsinu," segir Ólafur Örn Ólafsson, annar eigandi og yfirþjónn á veitingastaðnum Dill, sem er fulltrúi Íslands í keppninni The Nordic Prize.

Keppnin The Nordic Prize er runnin undan rifjum hins danska Bents Christensen, sem ritstýrir Spise Guide, þekktri handbók um veitingastaði í Danmörku, og hefur um nokkurt skeið staðið fyrir árlegu vali á besta veitingahúsi þar í landi. Christensen ákvað að færa út kvíarnar í ár með því að efna til sambærilegrar keppni á milli Norðurlandanna þar sem hvert land á sinn eigin fulltrúa að sögn Ólafs.



„Ótrúlegur árangur," segir Ólafur Örn Ólafsson, annar eigenda Dill. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Búast má við harðri keppni þar sem risarnir í veitingabransanum mæta til leiks," bendir hann á. „Þannig verður Doma fulltrúi Danmerkur í keppninni en það hefur verið valið þriðja besta veitingahús veraldar. Svíar tefla fram Mattias Dahlgren, Norðmenn Bagatelle og Finnar Savoy, en þetta eru staðir sem hafa allir fengið eina eða fleiri stjörnur samkvæmt Michelin-einkunnakerfinu, sem þykir góður mælikvarði á gæði veitingahúsa. Það er alveg frábært að lenda í hópi með þessum aðilum sem eru ekki bara kanónur á Norðurlöndunum heldur á heimsvísu." Úrslitin verða kynnt við hátíðlega athöfn á veitingahúsinu Sölleröd kro í Kaupmannahöfn á sunnudag og er viðbúið að stjörnur í veitingabransanum láti sjá sig. Dómnefndina skipa heimsþekktir sérfræðingar á sviði matargerðar. Þeirra á meðal er greinahöfundur við hið virta tímarit Vinforum sem kom á dögunum til landsins ásamt hinum dómurunum til að taka út Dill, eftir að íslensk dómnefnd hafði tilnefnt staðinn sem fulltrúa Íslands.

Ólafur fer utan til Danmerkur í dag ásamt Gunnari Karli Gíslasyni, hinum eiganda Dill, og eru þeir fullir tilhlökkunar. „Þetta hefur mikla þýðingu fyrir Dill og það nýnorræna eldhús sem við erum að fást við. Svo á þetta eftir að vekja athygli ekki bara á okkur heldur íslenskri matseld og vonandi setja íslenska matreiðslumenn í fremsta flokk þar sem við eigum heima," segir Ólafur og viðurkennir að sér þætti gaman að sigra. „Það væri frábært að hljóta nafnbótina besta veitingahúsið á Norðurlöndunum."

*roald@frettabladid.is*


Klippið út auglýsinguna

Einar Ben.
RESTAURANT & BAR

*Í tilefni af nýjum matseðli veitingastaðarins Einars Ben bjóðum við*

*2 fyrir 1*
*sunnudaga - fimmtudaga*

Einar Ben
RESTAURANT
Veltusundi 1/Sími: 511 5090 www.einarben.is

***Gildir til 4. febrúar***
***Gildir ekki með öðrum tilboðum eða drykkjum.***



Tilnefnt sem besta veitingahús á Norðurlöndum

(The Nordic prize)

DILL restaurant hefur á skömmum tíma skipað sér í flokk með bestu veitingahúsum á Íslandi og var á dögunum tilnefnt til The Nordic Prize verðlaunanna sem besta veitingahús á Norðurlöndunum auk þess sem Gestgjafinn valdi DILL veitingahús ársins 2009 fyrir hátt þjónustustig, framsækið eldhús og fagmennsku.

DILL restaurant

**DILL restaurant** Norræna húsinu Sturlugötu 5 101 Reykjavík sími 5521522 dillrestaurant.is dillrestaurant@dillrestaurant.
Opið í hádeginu alla daga frá kl. 11.30 og fyrir kvöldverð miðvikudaga til laugardaga frá kl.19.



# föstudagur

FYLGIRIT FRÉT… 15. janúar 2010

# MÚSÍKALSKT PAR

## RAGNHEIÐUR GRÖNDAL OG GUÐMUNDUR PÉTURSSON FLYTJA TIL BERLÍNAR

+ HENRIK VIBSKOV FÉLL FYRIR ÁGÚSTU HERU + SAMKYNHNEIGÐUR DANSSTÍLL SLÆR Í GEGN + NÝJA LÍNAN HANS MUNDA + THELMA BJÖRK HÖNNUÐUR




Kr. 97.950

acer emachines

FRÁBÆRT FARTÖLVUTILBOÐ

**Acer eMachine E525-902G16Mi**

- 2.2Ghz Intel Celeron M 900
- 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 160GB SATA harðdiskur
- 15,6" WXGA breiðskjár 1366x768
- Intel GMA X4500 PCI Express skjákort
- Kortalesari( tekur 5 gerðir)
- DVD±RW Dual Layer DVD og CD skrifari
- Windows 7 Home Premium 64bit

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna

✻ Nýtt og ferskt

## helgin MÍN

**SARA RIEL MYNDLISTARKONA**

Um helgina ætla ég að ruglumbulla í tilefni sýningarinnar Ljóslitlífun sem verður opnuð í kvöld í Hafnarhúsinu. Ætli ég reyni svo ekki að púsla mér saman hina tvo dagana.





### Bræður sett á fjalirnar í maí

Dansarinn Ástrós Gunnarsdóttir sem hefur eytt vetrinum í Panama í Suður-Ameríku hyggst setja upp verkið Bræður í Þjóðleikhúsinu í maí. Þetta er annað verk þeirra Láru og Ástrósar en það fyrra var verkið Systur sem þótti mjög sterkt og djarft verk og vakti mikla athygli á síðasta ári. Ragnhildur Gísladóttir mun sjá um tónlistina í verkinu en Filippía Elísdóttir um búninga. Stefnt er að því að sýna verkið á Listahátíð í Reykjavík.



### Töff tónar í Havarí

Hljómsveitin Nolo sem vakti mikla athygli síðasta haust heldur útgáfutónleika á morgun í Havarí klukkan 16. Plata hljómsveitarinnar No Lo Fi náði ekki í verslanir fyrir jól og kom því út aðeins of seint fyrir árslistana en þessir ungu drengir hafa þó fengið frábæra dóma fyrir tónlist sína sem fyrst var hægt að ná á gogoyoko-síðunni. Á undan Nolo spilar blúsarinn ET Tumason sem býr í Kaupmannahöfn og hefur gefið út tónlist hjá þýsku útgáfunni 8mm Records í Berlín.

þetta HELST

Káputaska Ágústu Heru keppir til úrslita í danskri nýsköpunarkeppni

# HENRIK VIBSKOV KOLFÉLL FYRIR HERU

Káputaska fatahönnuðarins Ágústu Heru Harðardóttur er komin í úrslit í nýsköpunarkeppninni Denmarks Venture Cup. Þá hefur hinn vinsæli danski hönnuður Henrik Vibskov tekið hana til sölu í verslunum sínum.

Flíkin er þeim praktísku eiginleikum gædd að henni má á augabragði breyta úr fallegri kápu í skemmtilega tösku. „Ég fékk hugmyndina í London fyrir mörgum árum, eftir að hafa eytt mörgum klukkutímum í Tophsop með kápuna á arminum. Það er við ýmis tækifæri sem það getur verið hentugt að breyta yfirhöfninni í tösku. Ég var til dæmis nýlega stödd á tónleikum á Nasa þar sem fatahengið var lokað og allar konur í vandræðum með hvar þær ættu að setja jakkann sinn. Ég hefði auðveldlega getað selt einhver stykki af kápunni þar,“ segir Ágústa Hera.

Tæplega fjögur hundruð hugmyndir voru sendar inn í Denmarks Venture Cup, sem þýðir að í kringum þúsund manns tóku þátt, og því góður árangur að komast þetta langt í ferlinu. Káputaskan keppir við sjö hugmyndir í flokknum þjónusta. Verðlaun í hverjum flokki eru 25 þúsund krónur danskar. Ágústa Hera og samstarfskonur og skólasystur við CBS-háskóla, Erla Tryggvadóttir og Widyanti Winarto, ætla sér þó lengra og stefna á að komast áfram í framhaldskeppni Denmarks Venture Cup líka. Sá hluti snýst um að koma hugmyndinni lengra og þar er verðlaunaféð 250 þúsund krónur danskar. „Við höfum fengið mjög góð viðbrögð þannig að við höfum ástæðu til að vera bjartsýnar. Svo hefur Export Company í New York, fyrirtæki á vegum danska útflutningsráðsins, líka haft samband við okkur en það er batterí sem aðstoðar við markaðssetningu þar. Mjög líklega nýtum við okkur það samstarf.“

Káputaska Ágústu Heru er framleidd á Íslandi og er til sölu á fjórum stöðum í Reykjavík: í Mýrinni, Kraumi, vefversluninni Birkiland og klæðskerastofunni Ateljé Sari á Seltjarnarnesi. - hhs



**Samstarfskonur** Erla Tryggvadóttir og Ágústa Hera Harðardóttir eru komnar í úrslit í nýsköpunarkeppninni Denmarks Venture Cup með káputösku Ágústu.




Samkynhneigður dansstíll slær í gegn:

# Handahreyfingar og pósur

Danskennarinn Brynja Pétursdóttir býður upp á kennslu í nýjum dansstíl sem kallast Waacking. Hann varð til á vesturströnd Bandaríkjanna í byrjun áttunda áratugarins og mótaðist hann innan samfélags samkynhneigðra karlmanna. Brynja lýsir stílnum sem heldur kvenlegum og segir miklar handahreyfingar, pósur og svipbrigði einkenna hann. „Stíllinn er að verða rosalega vinsæll um allan heim og er í raun að blómstra núna. Ég lærði Waacking úti í New York hjá Tyrone Proctor, sem er frumkvöðull í þessum stíl. Upphaflega var þetta dans drottninganna og einkenndist aðallega af dýnamískum handahreyfingum,“ útskýrir Brynja.

Innt eftir því hvort fólk eigi að mæta í glitbúningum diskótímabilsins á námskeiðið segir hún það óþarfa. „Fólk mætir bara eins og það vill. Allt er leyfilegt. Það þarf ekki að dressa sig sérstaklega upp fyrir tímana hjá mér. “ segir Brynja og hlær.

Námskeiðið hófst í gær og er kennt í Árbæjarþreki við Árbæjarlaug. - sm



**DANSDROTTNING** Brynja Pétursdóttir kennir nýjan dansstíl sem nefnist Waacking. Dansinn á rætur að rekja til samkynhneigðra karlmanna diskótímabilsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## ✻ augnablikið



**STELPULEG** Hollywood-dívan og milljónaerfinginn Paris Hilton sést hér í verslunarferð í Beverly Hills í fyrradag með tíkarspena í hárinu.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Stefán Karlsson **Ristjóri** Anna M. Björnsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



jólaskraut
60% afsláttur
áður 490,- nú 196,-
áður 4.990,- nú 3.493,-
Sloppar og handklæði
30% afsláttur
áður frá 1.190,- nú 833,-
Snyrtivörur
15-50% afsláttur
Blómavasar
15-70% afsláttur
áður 1.990,- nú 597,-
áður 2.990,- nú 1.196,-
áður 4.590,- nú 1.836,-
Útsala
Rúmteppi
30% afsláttur
áður 10.990,- nú 7.693,-
áður 4.990,- nú 1.996,-
áður 3.990,- nú 1.596,-
áður 4.990,- nú 1.497,-
áður 1.490,- nú 596,-
Púðar
15-40% afsláttur
áður 2.990,- nú 2.541,-
áður 1.790,- nú 1.253,-
áður 6.990,- nú 4.893,-
Kerti
20-40% afsláttur
áður 12.900,- nú 9.030,-
áður xx.000,- nú x.000,-
40% afsláttur
áður 11.900,- nú 7.140,-
20% afsláttur
áður 24.900,- nú 19.920,-
áður 29.900,- nú 20.930,-
áður 29.900,- nú 20.930,-
áður 34.900,- nú 24.430,-
áður 19.900,- nú 13.930,-
the PIER
Útsalan er hafin
allt á 15-70% afslætti
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# EKKERT HEITU POTTA-KJAFTÆÐI

**Hjónaleysin *Ragnheiður Gröndal* og *Guðmundur Pétursson* hafa búið í Berlín undanfarna mánuði, en nú eru þau komin heim til að spila í Fríkirkjunni á fimmtudaginn. Þau segjast skrimta af listinni, enda setji þau standardinn ekki hátt. Þau sjá mörg tækifæri í að koma íslenskri þjóðlagahefð á framfæri við heiminn.**

*Viðtal:* Dr. Gunni
*Ljósmyndir:* Stefán Karlsson



**Ef maður væri meira fyrir lífsgæðakapphlaupið þyrfti maður að fá sér vinnu með** Ragnheiður Gröndal og Guðmundur Pétursson eru músíkalskt par.

Bæði Ragnheiður og Guðmundur slógu í gegn á unga aldri. Ragnheiður var 18 ára þegar fyrsta sólóplatan hennar kom út árið 2003 og sama ár sló hún eftirminnilega í gegn þegar hún söng lag Magnúsar Þórs Sigmundssonar, Ást. Síðan hefur hún gert fimm sólóplötur. Guðmundur varð landsfrægur fjórtán ára með rafmögnuðum gítarleik í Músíktilraunum með Bláa bílskúrsbandinu. Síðan þá hefur hann spilað um víðan völl og gefið út tvær sólóplötur. Er ekki stórhættulegt að slá í gegn svona ungur?

„Í mínu tilfelli var það ekki svo slæmt því ég var það ungur að ég var ekki orðinn neitt sérstaklega góður. Þetta var ekkert sem ég þurfti að standa undir,“ segir Guðmundur. „Þetta var mikil athygli í smá tíma, en svo komu skil. Þráðurinn hélt ekki beint áfram eftir kosningasjónvarpið 1987. Svo kannski þremur árum seinna var maður farinn að spila með einhverjum prófessjonal körlum.“

„Auðvitað var pínu erfitt að fá mikinn meðbyr svona snemma því þá finnst þér að þú þurfir að standa undir því,“ segir Ragnheiður. „Ég þoldi ekki hvað Ást varð vinsælt. Þetta var bara lag sem ég söng inn á plötu og ég átti ekki von á þessu. Þetta var ekki mitt persónulega útspil, en svo tengdu mig allir við þetta lag. Ég vildi frekar vera á minni eigin línu. Þetta skapaði sitt dilemma, en það eru líka margir plúsar við að slá í gegn svona strax.“

## SKRIMT AF LISTINNI

Það vakti nokkra athygli þegar Ragnheiður og Guðmundur byrjuðu saman. Þau hafa þó engan áhuga á að ræða sambandið opinberlega.

„Það er stundum verið að reyna að fá okkur saman í viðtöl við einhver blöð til að ræða sambandið. Svo á að vera mynd með af okkur að kyssast eða eitthvað, en Gummi er aldrei til í það,“ segir Ragnheiður.

„Æ, fyrir mína parta er alveg nóg komið af heitu potta-kjaftæði,“ segir Guðmundur. „Mér finnst svona blaðamennska alveg sjúklega ansaleg og vandræðaleg. Þótt maður hafi keypti sér rafmagnsgítar einhvern tímann og sé að spila og einhver að hlusta á það, þá hef ég aldrei skilið af hverju ég ætti að fara í blöð og tala um eitthvað allt annað.“

„Ég kaupi mér nú alveg stundum svona blöð og hef alveg gaman af því að lesa svona,“ segir Ragnheiður. Guðmundur dæsir.

Þau eru barnlaus – enn þá – en eiga tvo ketti. Þau eru því í góðri aðstöðu til að einbeita sér hundrað prósent að tónlistinni.

**R:** „Maður skrimtir einhvern veginn og flýtur áfram með því að vera ekki með of háan lifistandard. Maður tekur gigg. Ég syng meðal annars í brúðkaupum og jarðarförum og vinn fyrir mér hér heima með því. Ef maður væri meira fyrir lífsgæðakapphlaupið þyrfti maður að fá sér vinnu með.“

> **„Maður skrimtir einhvern veginn og flýtur áfram með því að vera ekki með of háan lifistandard. Maður tekur gigg. Ég syng meðal annars í brúðkaupum og jarðarförum og vinn fyrir mér hér heima með því.“**

**G:** „Maður helst á floti og hefur það bara allt í lagi. Eina stundina er maður atvinnulaus en hina stundina kemur eitthvert djobb og maður nær að redda næsta mánuði. Þetta hefur reyndar allt minnkað í kreppunni.“

**R:** „Feitu giggin eru fátíðari.“

**G:** „Í staðinn gerir maður meira af því sem er gaman, en maður fær ekkert fyrir það.“

**R:** „Þá þarftu ekki að þóknast neinum, öfugt við það þegar þú ert ráðinn á háum taxta til að skemmta einhverjum á árshátíð. Þá er miklu meiri pressa á að þú standir þig. Það er miklu betra að vera sinn eigin herra.“

Er langt síðan þið voru í „venjulegri“ launavinnu?

**G:** „Síðast var ég nýbúinn með grunnskóla að leggja torfþökur á umferðareyju. Ég er búinn að vera gítarleikari síðan.“

**R:** „Ég var síðast að selja snyrtivörur um helgar í Hagkaupum þegar ég var sautján ára.“

**G:** „Ég lít ekki á það sem ég geri sem vinnu. Maður er bara heppinn að einhver vill spila með manni. Og stundum fær maður svo borgað fyrir það.“

## ÍSLAND EINSLEITT

Ragnheiður og Guðmundur fluttu til Berlínar í september og voru þar fram að jólum. Þau fara svo aftur út í febrúar og ætla að minnsta kosti að vera fram á sumar.

**R:** „Það var búið að vera draumur lengi að búa þarna.“

**G:** „Þetta er ekki eins heví staður og London eða New York og miklu auðveldara að komast í samband við fólk. Við kynntumst fólki og erum með verkefni þegar við förum aftur út. Við erum þarna bara og sjáum hvað gerist. Höfum bara gaman af þessu.“

Hvernig er Berlín?

**R:** „Mér finnst vera afslappaðra andrúmsloft þarna en hér. Samt er erfitt að koma sér af stað og aðlagast. Það tekur tíma að fatta hvernig allt fúnkerar og að vera með svona mörgu fólki. Ég er bara svona mikill sveitamaður.“

**G:** „Ef það væri neðanjarðarlestakerfi í Reykjavík og þú þyrftir aldrei að vera á bíl á Miklubrautinni myndirðu upplifa Reykjavík allt öðruvísi. Kæmir kannski upp á Lækjartorgi og fengir þér pulsu og kæmist svo heim til þín í Fellin á þremur mínútum. Það væri miklu afslappaðra! Í Reykjavík ertu alltaf í einhverjum helvítis bíl keyrandi í illa skipulögðu vegakerfi með óþolinmóðu fólki – Þar verður stressið til.“

**R:** „Það er líka stressandi að fara í Kringluna. Eiginlega sama á hvaða tíma sem er.“

**G:** „Á Íslandi er samfélagið svo einsleitt. Það eru allir einhvern veginn að pæla í því sama. Nú eru kannski allir að rífast yfir því síðasta sem einhver spekúlant sagði um Icesave-málið. Maður losnar við þetta í stærri löndum.“

## Á SAUÐSKINNSSKÓM

Útgáfutónleikar Tregagásar, nýjustu plötu Ragnheiðar, fara fram í Fríkirkjunni á fimmtudaginn í næstu viku. Miðasala er hafin á Midi.is. Tregagás er sjötta plata Ragnheiðar og sjálfstætt framhald af plötunni Þjóðlög frá 2006. Innihaldið er íslensk þjóðlög úr bók séra Bjarna Þorsteinssonar, Íslensk þjóðlög, útsett upp á nýtt af Ragnheiði og hljómsveit. Hvað er það við íslensku þjóðlögin sem heillar?

**R:** „Mér finnst andinn í þessari músík svo spennandi. Ég ímynda mér fólkið sem var að syngja þessi lög á þessum tímum, allir í torfkofum og gríðarleg fátækt. það er myrkur tónn í þessari músík og textarnir fallegir. Þeir endurspegla þennan tíma og Ísland. Það er svo margt hægt að gera við þetta efni, oft er ekki nema eitt lítið stef sem hægt er að fara með um víðan völl. Við leyfum andanum að koma yfir okkur.“

**G:** „Þetta er mjög sérstök músík. Mjög einföld miðað við það sem þú heyrir í þjóðlagatónlist annars staðar frá. Við blöndum svo inn áhrifum frá Írlandi og Búlgaríu. Þessi þjóðlög geta hafa komið annars staðar frá og þau voru ekki endilega til á Íslandi, þótt þau hafi varðveist hér. Mér finnst mest spennandi við þetta dæmi að reyna að gera íslenska þjóðlagatónlist. Það hefur ekki verið virk spilun á þjóðlagatónlist hér í samanburði við önnur lönd. Við erum að reyna að spila það sem er kallað þjóðleg tónlist eða heimstónlist.“

Tónlist Íslands til forna er spennandi en myndi Ragnheiður hafa viljað vera uppi á þessum tíma?

„Nei!“ segir hún, ánægð með nútímann. „Maður hefði ekki fengið jafn mörg tækifæri eins og núna. Maður hefði bara verið í sauðskinnsskóm að syngja þjóðlög til að halda á sér hita.“

## Vissirðu að ...

…Ragnheiður söng á jiddísku á plötu með Schpilkas, sem bróðir hennar, Haukur Gröndal, er í.

…Guðmundur samdi tvö lög með Bubba Morthens, Sumarið í Reykjavík og Leiðin liggur ekki heim.

…Ragnheiður hefur sungið þrjú lög í forkeppni Eurovision og samdi texta við lag sem Tómas Hermannsson samdi í keppnina.

…Guðmundur gleymir seint ræðu bankastjóra Landsbankans sem hann heyrði þegar hann spilaði á árshátíð LÍ árið 2007 í Egilshöll. Ræðan var um það að í blöðunum hefði komið fram að íbúar á Íslandi væru orðnir þeir skuldugustu í heimi miðað við höfðatölu, og þessu var fagnað með ærandi lófataki. Það runnu tvær grímur á Guðmund og eftir á fannst honum eins og hann hefði verið við hvatningarræðu Hitlers rétt áður en Þýskaland tapaði stríðinu.

…Ragnheiður og Guðmundur segja að besta kebabið í Berlín sé að fá á Tayfun á Schönhauser Allé. Besta sushi-ið er hins vegar á stöðunum Sasaya og Kuchi.


ERTU ORKULAUS?
Viltu finna orkubreytingu
STRAX!

Énaxin total er frábær jurtaformúla með Rhodiolu ásamt dagskammti af vítamínum og steinefnum
Þægilegt, aðeins 1 tafla á dag
Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum flestra stórmarkaða.

# Ómissandi um helgina



Platan með Nolo. Frumraun piltanna í Nolo var að koma út hjá Braki og kallast No Lo Fi. Dásemd.



Heitt bað. Breyttu baðherberginu í heimaspa og slakaðu á með sjálfri þér eða elskunni.



Eldhrímnir í Borgartúni. Skemmtilega absúrd samsetning af rammíslensku nafni, nútímalegri hönnun og persneskri eldamennsku. Hollur og góður matur.



Falleg loðhúfa. Spáð er kólnandi veðri og hlýtt höfuðfat bjargar málunum.



Ljóslitlífun í Hafnarhúsinu. Frábært samansafn af öllum mest hipp og kúl listamönnum Íslands á litríkri málverkasýningu.


# BESTA VERÐIÐ







CHECK OUT THE G-STAR STORE IN REYKJAVÍK, LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007
operated by v8 ehf

# tíska
✻ nýtt og spennandi



**HLÝTT OG FALLEGT** Þetta svala sjal frá Farmers Market er í skemmtilega suður-amerískum anda en úr íslenskri ull og hægt að nota bæði sem trefil og ponsjó.

VORLÍNA MUNDA FYRIR 2010:

## THE HUMAN EXPORT PLAN

Framtíðin er hönnuðinum Munda hugleikin í nýrri línu hans fyrir vor og sumar, sem nefnist The Human Export Plan. Hann notar myndefni frá geimferðum mannkynsins og blandar því við retróbandarískan stíl í glaðlegum bláum og rauðum litaskala. Hér má sjá myndir frá heillandi línu Munda fyrir dömur og herra. -amb








# Rammíslenskt þorrablót
## að hætti Fjörugoðans
með þjóðlegum söng víkinga og valkyrja yfir borðhaldi




w w w . f j o r u k r a i n . i s – Pöntunarsími 565 1213



Þorrahlaðborð kr. 5.400 á mann

**Skoðið tilboðspakkana – Gisting og matur**
Sjá www.fjorukrain.is

1. Þorrapakki
2. Árshátíðarpakki
3. Sælkerapakki

Sérstakur tilboðsmatseðill, þriggja rétta, á kr. 4.200.

**FÆREYSKIR DAGAR**
**5. til 8. mars**

Kjötréttir
Súrmatur
Sjávarfang
Meðlæti
Eftiréttur
Hangikjöt
Lundabaggar
Harðfiskur
Uppstúf
og kartöflur
Skyr
Svið
Lifrarpylsa
Hákarl
Rauðrófur
Sviðasulta
Blóðmör
tvær tegundir af síld
Rófustappa
Saltkjöt
Hrútspungar
Súrt hvalkjöt
Grænar baunir
Svínasulta
Bringukollar
Reykt þorskhrogn
Hverabrauð
Sviðasulta
Flatkökur
og smjör
Pottréttur

SÖNGSKÓLI
*Maríu Bjarkar*



**María Björk**
*Skólastjóri / Söngkona*

**Regína Ósk**
*Yfirkennari / Söngkona*

# Opið hús
# alla helgina

## milli kl. 14-16 að Fákafeni 11

## Allir velkomnir í kaffi og köku.

### Nú fer hver að verða síðastur, námskeiðin að fyllast.

- Við kynnum starfsemi skólans og valdir nemendur koma og syngja fyrir gesti. Vonandi sjáum við sem flesta.
- Michael Jackson námskeið
- 100 frábær ný lög fyrir allan aldur
- Einungis nemendur úr Söngskóla Maríu verða valdir í fjöldan allan af spennandi verkefnum sem eru framundan sem tengjast sjónvarpi og fjölmörgum sönguppákomum sem verða þetta árið.
- Forskóli 3-5 ára
  Börn 5-12 ára
  Unglingar 13-15 ára
  Fullorðins námskeið
  Einkatímar

## Skráningar alla helgina

Skráning og upplýsingar:
Sími: 588 1111 & 897 7922 & 660 1982
songskolimariu@songskolimariu.is
Fákafeni 11 • www.songskolimariu.is





## FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Thelma Björk Jónsdóttir fatahönnuður**

**1** Ég vakna snemma til að synda og fer líka í gufu og saltvatns-pottinn.



**2** Fæ mér kaffi í Kaffismiðjunni, þar sem besta kaffið er að finna.

**3** Gleymi mér á vinnu-stofunni og fæ mér svo hádegismat á Kaffi Loka.



**4** Fæ mér göngutúr með-fram sjávarsíðunni ásamt Louise vinkonu minni.



**5** Enda á drykk á leynibarnum mínum um kvöldið + 1.





Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is

föstudagur
Fylgstu með



Björn Þór Baldursson, eigandi og yfirmatsveinn Domo í Þingholtsstræti, lækkaði sushi-take-away matseðil staðarins um 30 prósent við góðar undirtektir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vill reka ódýrasta hágæða-veitingastað Evrópu

**Björn Þór Baldursson er nýr eigandi veitingastaðarins Domo. Takmark hans er að reka ódýrasta hágæðaveitingastað Evrópu og virðist þemað hitta vel í mark því fullt hefur verið út úr dyrum síðustu vikur.**

Björn Þór hefur verið viðloðandi veitingarekstur í tuttugu ár en síðustu fjögur árin hefur hann rekið veitingastað í Ekvador í Suður-Ameríku. Þegar hann sneri heim fannst honum vanta hágæðaveitingastað með mat á lágu verði.

„Í mörg ár hefur mér fundist vanta veitingastað í fínni klassanum sem byði upp á vínflöskur sem kostuðu ekki 5.000 krónur sem og aðalrétti sem gætu kostað minna en 4.000 krónur. Erlendis má víða finna slíka staði og ég sæki slíka staði sjálfur þegar ég ferðast. Ég settist því niður með Ásgeiri Erlingssyni matreiðslumanni, sem er einstakt gúrú í þessu og fyrrverandi landsliðsmaður, og fékk hann mér til ráðgjafar um hvernig við gætum komið þessari hugmynd í framkvæmd,“ segir Björn Þór.

Til að byrja með var sushi-take-away matseðill staðarins lækkaður um 30 prósent. Til að mynda er hægt að fá 100 bita á 10.000 krónur, en Björn segir að svo mikið hafi verið að gera undanfarið að best sé að panta með góðum fyrirvara.

„Nýi aðalmatseðill staðarins er þannig að við eigum að vera ódýrastir í Evrópu í þessum gæðaflokki og má þar nefna að dýrasta vínflaskan er á 2.990 krónur og dýrasti eftirrétturinn á 990 kr. Í hádeginu bjóðum svo við upp á hlaðborð, með sushi, fiski, kjöti og tilheyrandi og kostar það 1.990 krónur á mann.“

Björn Þór segist vakta önnur veitingahús í þessum gæðaflokki í Evrópu á Netinu til að geta miðað við að vera ódýrari. Til að geta haldið verðinu niðri veðji staðurinn á stóran kúnnahóp. „Ég vil hafa þetta svo ódýrt að almenningur hafi efni á því að koma til mín. Þannig geta lágvöruverslanir gengið og ég ætla að reka staðinn eftir þeirri formúlu. Íslenskir veitingastaðir hafa yfirleitt hærra verðlag til að geta treyst á lítinn kúnnahóp en þetta á að geta gengið vel meðan fólk notfærir sér þennan möguleika og sækir staðinn.“ *juliam@frettabladid.is*

ÆSKÞ

**Aðalfundur Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar verður haldinn föstudaginn 5. febrúar kl. 17:00 í Safnaðarheimili Árbæjarkirkju.**

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Að fundi loknum verður boðið upp á kvöldverð í Safnaðarheimili kirkjunnar.

*Verið velkomin!*

Stjórnin.

Cafe Catalina

**Í kvöld spilar hljómsveitin**

**Vanir menn**

*Kíkjið á www.catalina.is*

Allir velkomnir
Snyrtilegur klæðnaður áskilin

Boltinn í beinni!

Hádegismatur
alla virka daga

Gullnáman

Hamraborg 11 200 Kóp. S: 554-2166

www.fjalakotturinn.is

Fjalakötturinn

Veitingahús

Bóndadagsmatseðill



Bjóddu bóndanum út að borða í tilefni dagsins

Glæsilegur fjögurra rétta bóndadagsmatseðill

- Grillaðir humarhalar með andarlifur og blómkáli
- Marineruð hörpuskel með agúrku, piparrót og sítrónu
- Nautalund með maltsoðnum nautarifjum, rauðrófum, rjómasoðnum sveppum og madeira gljáa
- Heit súkkulaðikaka með pistasíuís og jarðarberjum

**Verð kr. 7.500.-**

Fjalakötturinn | Aðalstræti 16 | 101 Reykjavík | Sími 514 6060 | Fax 514 6030 | dining@hotelcentrum.is

Grand

Þorrablótsveisla

Bjóddu bóndanum þínum í gómsætan þorramat á Grand hótel á bóndadaginn 22. janúar.

Hlaðborð

**Súrmeti**
Hrútspungar og sviðasulta
Lundabaggar og bringukollar
Lifrapylsa og blóðmör
Hvalur

**Nýmeti**
Sviðakjammar, sviðasulta og svínasulta
Blóðmör og lifrapylsa
Harðfiskur, hákarl, síldarréttir, heitreyktur lax og hangikjöt
Með þorramatnum er borin fram rófustappa, grænar baunir, rúgbrauð og flatbrauð með ekta íslensku smjöri.

**Heitir réttir**
Glóðarsteikt lambalæri transerað í sal
Hreindýrabollur í gráðostasósu
Meðlæti



Jörmundur Reykjavíkurgoði helgar blótið í fullum skrúða.

Verð fyrir hlaðborð er 6.200 krónur.
Bjór og brennivínsstaup er innifalið.*



33 cl bjórglas og eitt brennivínsstaup.

Grand Hótel Reykjavík
Sigtún 38 / 105 Reykjavík
Sími: 514 8000 / Fax: 5148030
grand.is

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast



HYUNDAI H-1. Árg. 1999, ek 195 þ.km, DÍSEL, 5 gírar. Verð 850 þús. Tilboð 580 Staðgreitt! Rnr.129567 Skráðu bílinn þinn frítt á hofdabilar.is eða kíktu í kaffi.

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast



CHEVROLET SILVERADO Z71 1500. Árg. 2005, ekinn 95 þ.km, Tvöfalt púst, satinmattar álfelgur, , k&n Sían , ný dekk Nýupptekin sjálfskiptng, nýtt í bremsum.. Verð 2.990. þús . 100 % lánamöguleiki ef þarf Rnr.127772 Skráðu bílinn þinn frítt á hofdabilar.is eða kíktu í kaffi.

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast



TOYOTA LAND CRUISER 100. Gullfallegur á 22" krómfelgum, aukagangur af original felgum fylgir með. TOPPEINTAK! Árgerð 1999, ekinn 189 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.380 þús. Gott Staðgreiðsluverð Rnr.170218

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

Bilás Bílasala Akranes



Hyundai Santa fe 2,2 CRDI ssk. 12/06 ek. 72,000 dráttarkr. Ofl. verð. 3,450,000

**Bílasalan Bílás Akranes**
**Smiðjuvöllum 17, 300 Akranes**
**Sími: 431 2622**
**www.bilas**

**bíll.is**
**577-3777**



SUZUKI GRAND VITARA. árg. 2008, ek. 13 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur, krókur, toppl. Ofl. Verð 3.990.- möguleiki á láni !!!

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

Arnarbílar www.arnarbilar.is



TOYOTA COROLLA XLI, árg 1994, ek 202.þ, 1.3l Sjálfskiptur, Verð 290. þ Vantar bíla á skrá og á staðinn, Arnarbílar S: 5672700

**Arnarbílar ehf**
**Malarhöfði 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

100bilar.is bílasala



Range Rover Sport HSE V8 dísel , árg.2008, ek. 43þús.km, 273 hö, sjálfsk, leður, lúga, krókur, Stór glæsilegur umboðsbíll hlaðinn búnaði, Ásett verð 10500þús.kr!bíllinn er á staðnum

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu






Lancer '04 ek. 74þ. Heilsársd. Gott ástand. V. 1,1 S. 773 5788.



**GULLMOLI TIL SÖLU**
Toyota Yaris Sol MM'06 ek 45þ. Svartur. Eyðslulítill og vel með farinn. S: 894 9666.



Til sölu vw Póló árg 98 dökkblár 3-dyra 1,4 beinsk ek 110 þús skoðaður 11 álfelgur ný vetrardekk negld topp bíll. Verð 340þús upplýsingar í síma 892 7852.

GO-KARTBRAUTIN

**TÖKUM VEL Á MÓTI HÓPUM**
Hin stórglæsilega og eina innandyrabrautin á Íslandi! Bókanir í síma 771-2221 eða gokart.is Gokartbrautin-Korputorgi



Tjald á toppinn ! Breyttu heimilisbílnum í ferðabíl. Erum að panta topp tjöld sem passa á flesta gerðir bíla. 2-3 geta sofið í tjaldinu, mjög einfalt að setja á bílinn. 2 tegundir, sjón er sögu ríkari. Verð 249.900,- pantaðu núna og vertu klár fyrir sumarið. Hægt að nýta sem farangursbox líka. Sölusýning föstudag og laugardag. Rofabæ 9, Reykjavík. S. 5787860 Happy Campers car rental. www.happycampers.is

## 0-250 þús.

Renault Kangoo 99' Keyrður143 þ km. Ný tímareim og headpakkning. Uppl. 893 8985.

## 250-499 þús.

Ford Fiesta 1,3 vél. Árg. '00, 4 dyra, beinsk. V. 290 þús. Fyrstir koma, fyrstir fá. S. 661 3654.

## 500-999 þús.

Óska eftir skuldlausum bíl á ca 1.000.000 kr . Ekki eldri en 2004 árgerð. uppl í síma 773 4873

## 2 milljónir +

ISUZU D-MAX árgerð 2007. svartur á 32" dekkjum beinskiptur, með húsi yfir pall, ekin 32 þús. ásett verð 3.2 það er lán á bílnum uppá 2.550.000 og 22 mán eftir. ef tekið er við láni og greitt 350.000 þá er bíllinn þinn. uppl, 8982602

## Bílar óskast

Óska eftir 7 manna bíl á góðu verði, t.d. Zafira eða Touran. Elva í síma: 496 0146.

Bílar óskast jeppar fólksbílar sendibílar ljótir sætir ónýtir kaupi bíla sem þarfnast lagfæringa til uppgerðar eða í parta skoða allt. Verð 20-200 þús. 770 6400.

## Jeppar



**2,7 disel tilboð 265þ.**
Nissan Terrano árg. '97, disel turbo intercooler. Beinsk., 3d., sk. '11, krókur. S. 891 9847.

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

carisma 99 ssk ek 152þ góður og velfarin smurbók gott viðhald.ramagn í rúðum nagladekk.ný smurður v350þ.8576170

## Pallbílar



TIL SÖLU! FORD EXPLORER SPORT TRACK 2005 Ek. 75þús, TILBOÐ ÓSKAST s:8248832

## Sendibílar




Leigð'ann og aktu sjálf/ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlið. Uppl. í s. 898 3206.

## Vörubílar

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

## Vélsleðar



Yamaha sx Viper 2004 ekin 2800 120hö. Topp sleði listv. 790þ. s. 822 1974.

## Fellihýsi

**Felli- og hjólhýsageymsla**
Eigum nokkur pláss laus. Tjaldvagnar 10þ. Fellihýsi 20þ. Hjólhýsi að 6m 30þ. Geymslutími til 1. mai. Uppl. í s. 897 3060.

## Tjaldvagnar



Tjald á toppinn ! Breyttu heimilisbílnum í ferðabíl. Erum að panta topp tjöld sem passa á flesta gerðir bíla. 2-3 geta sofið í tjaldinu, mjög einfalt að setja á bílinn. 2 tegundir, sjón er sögu ríkari. Verð 249.900,- pantaðu núna og vertu klár fyrir sumarið. Hægt að nýta sem farangursbox líka. Sölusýning föstudag og laugardag. Rofabæ 9, Reykjavík. S. 5787860 Happy Campers car rental. www.happycampers.is

Óska eftir tjaldvagni, aðeins góður vel meðfarinn vagn kemur til greina Sigurbjörn 824 6501 sgutley1@gmail.com

## Vinnuvélar

**Staðgreiðum vinnuvélar**
**Traktorsgröfur, valtara, hjólaskóflur og hjólavélar frá t.d. JCB, CAT, Komatsu og Liebherr. Kaupum bæði nýtt og eldra. Sendu myndir og upplýsingar í tölvupósti á german.cranes@gmail.com eða hringdu í síma 821 9980.**

## Bátar



Til sölu er skemmtibáturinn Hafgola III 37 feta trefjaplast bátur með tveim nýjum 240 HP Yanmar vélum og öllum nýjum siglingatækjum. Svefnpláss fyrir allt að 8 manns. Báturinn er til sölu í einu lagi eða í 6 hlutum og þar af eru 4 hlutar til sölu. Áhugasamir geta haft samband með tölvupósti um upplýsingar og fyrirspurnir. rafael@isl.is

Aflvélar og rafstöðvar, margar stærðir. 12-24-230 og 380 v. dælur margar útfærslur. Gírar, skrúfur, öxlar, þéttingar og sink. Miðstöðvar í báta og bíla. Ódýrir utanborðsmótorar 2,5 - 15 hö. Margt fleirra fyrir útgerð og vinnslu. www.asafl.is s: 562-3833 893-4242.

## Bílaþjónusta

**Alþrif**
Fólksbíll **5.000.-**
Jepplingur **7.000.-**
Jeppi **8.000.-**
Mössun **Tilboð!**
Lakkviðgerðir **Tilboð!**
Toppbón - Súðarvogi 40
S. 534 4332

## Hjólbarðar

Heilsársdekk á 13" felgum, 4 stk. 175/70 R 13. 25 þús. Uppl. í s. 894 2347.

4 stk. Bridgestone sumardekk 250/70 R16 ónotuð. Uppl. s. 893 8736

## Varahlutir

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Er að rífa Musso '96-'04. Hyundai H 1 '99.Nissan Double Cap '97. Isuzu Trooper '99. Landrover Discovery '98. Lanos '00-'02. Nubira '02. Galloper '00. Cherokee '94. Ford 250 '04.Toy Double Cap '94. Korando '98. Kia Sportage '97.Opel Astra '97. Kaupum bíla til niðurrifs. Musso varahlutir Kaplahrauni 9.S.864 0984.

**VW, Skoda, Audi. S. 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

**www.netpartar.is Bílapartasala**
Notaðir varahlutir í nýlega bíla. Opið virka daga 9-18. S. 486 4499 & 486 4477.

**partabílar.is 770-6400**
Er að rífa Swift 05-09, Grand Vitara '05 Yaris '05 BMW 525 disel '02 Honda Civic '97 Renult Kango '99, Dodge Carvan '97 og Nissan Primera '99, almera '99, Peugot 306 '98. Kia Spotage '00, Jeep Grand Cheroke 4,7 '99 Kaupum bíla í niðurrif.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílapartar ehf S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Tek að mér þrif í heimahúsum, samteignum og smærri fyrirtækjum,góð reynsla og vönduð vinnubrögð.Guðrún s:699-1196

**A-Ö Þrif & Hreinlæti**
**Sími 662 0 662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bókhald,stofnun EHF, ársreikningar, VSK uppgjör, erfðafjárskýrslur ofl. HAGSTÆTT VERÐ. S. 517-3977 framtal@visir.is

**Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.**
Framtöl, M&A o.fl. S. 571 0040 Vesturgötu 42.

## Fjármál

ATOZ

Gjaldþrotaráðgjöf, líf eftir gjaldþrot - hvað gerist ef þú hættir að borga? Greiðsluaðlögun, skattamál, stofnun fyrirtækja atoz@atoz.is s. 588 4545.

## Málarar

**Málarar**
Tökum að okkur alla málningarvinnu. Sandsparsl og fleira. Fagmenn. Uppl. í s. 659 9676.

**Málarar**
Tek að mér sandspörslun, málun, lökkun. Góð þjónusta og sanngjarnt verð. Kem á staðinn og geri verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Málningarþjónusta Egils. S. 868 5171.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

**VIÐHALD** fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. • Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

**Fagþjónusta - Allt á einum stað**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.**

Flísar - parket - gifs- steinslípun - gifsmúr - mála og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Uppl. í s. 661 3149

**Lekur þakið ?**
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Nudd

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s. 857 5015 & 849 3242.

## Spádómar

**Steinunn 908 6060 Hvað viltu vita um nýja árið? Tarot, miðlun, trúnaður. Aðgát skal höfð í nærveru sálar. Opið um áramót. Opið 12-23 S. 894 9228 Steinunn visa/euro**

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

**-Símaspá - Einkatímar**
Upplýsingar í síma 663 0813 & 554 3306. Elísabet.

## Iðnaður



TIL LEIGU OG SÖLU RAFSTÖÐVAR 2-200KVA OG INNI VINNULYFTUR SEM KOMAST Í GEGNUM HURÐAGÖT MEÐ 5M VINNUHÆÐ. FRÁBÆR VERÐ. UPPLÝSINGAR Í SÍMA 824 0672.

## Tölvur




Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

## Veisluþjónusta



**FYRIR VEISLUNA**
Leigðu borðbúnaðinn fyrir þorrablótið, árshátíðina, fermingarveisluna eða hvaða veislu sem er í Leigumarkaði BYKO Mikið úrval af diskum, glösum bollum og hnífapörum. Leigjum einnig út borð, stóla og veislutjöld. Nánari upplýsingar hjá LM BYKO í síma: 515-4020

## Rafvirkjun




## Önnur þjónusta

Upplýsingaöflun, rannsóknir & ráðgjöf. Breið þekking–næmt auga. hrafn.tho@gmail.com

## Til sölu



Tjald á toppinn ! Breyttu heimilisbílnum í ferðabíl. Erum að panta topp tjöld sem passa á flesta gerðir bíla. 2-3 geta sofið í tjaldinu, mjög einfalt að setja á bílinn. 2 tegundir, sjón er sögu ríkari. Verð 249.900,- pantaðu núna og vertu klár fyrir sumarið. Hægt að nýta sem farangursbox líka. Sölusýning föstudag og laugardag. Rofabæ 9, Reykjavik. S. 5787860 Happy Campers car rental. www.happycampers.is

Áfengislager/frívörulager til sölu. 800 fl. Nokkrar tegundir af sterku. Gott verð, ýmis skipti möguleg. S. 697 8720.

**Til sölu gólfsett**
BAY HILL, karlasett og kvennasett með öllu,ónotuð. Kerra á hjólum fylgir. Keypt í Nevada Bob. Uppl. s. 893 8736

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!**
**www.kaupumalltgull.is**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Kaupum ýmislegt gamalt dót**
**30 ára og eldra, t.d. húsgögn, ljósakrónur, hansahillur, leirtau, veski, dúka, spegla, skartgripi, leikföng og fl. og fl. (óskum einnig eftir dánarbúum)**
**Fríða frænka, Vesturgata 3,**
**Opið mánud - föstudaga 12-18 og laugard 12-14.**
**S. 551 4730 & 864 2223.**

**Kaupi gull !**
**Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,**
**Verið velkomin**

Óska eftir að kaupa DVD diska, PS2 leiki og vínyl hljómplötur. Uppl. í s. 698 8629.

Óska eftir að kaupa uplut og/eða peysuföt einnig bandsög sími: 891-6381.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri

Óska e. að kaupa not. en í lagi: handsláttuvélar og sláttuorf. Nán. uppl. í síma 866-0471.

## Til bygginga

Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ulfurinn.is

Verktakar. Allar vörur á 50-70% afslætti. Nánar á http://www.lettmot.is

## Verslun










## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

**ÓKEYPIS RÁÐGJÖF Í ÞYNGDARSTJÓRNUN!**
Hringdu núna, Drífa 695 8464, Pétur 772 1035 Katrín 699 6617.

Mér finnst Herbalife vera best. Ótrúlegur árangur, Hjálpumst að. Sólrún Ósk s: 891 9883 www.heilsufrettir.is/solosk.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

**Árangur næst með Herbalife**
Hringdu núna, Margrét S. 699 1060.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Gott nudd - good massage. S. 844 0329 & 843 9975.

**NUDD**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir. Upplýsingar í S: 891 6447 Óli

**NÝTT NÝTT NÝTT DREAM OASIS**
NUDD: Heilln.,Svæðan., Slökunarn., Ayurvedan., Heitsteinan., Tibet loftn., Hunangsnudd., Detox, Skrúbb, Pottur, Sólbekkir. Símar 567-6666 og 862-0941.

Fullkomið nudd. Uppl. í s. 662 0841.

## Þjónusta

**Er andlega orkan á þrotum?**
Miðlun og heilun vinnur á sorg, kvíða, verkjum og streitu. Tímapantanir Guðrún 695 5480.

## Námskeið



Velkomin á www.leir.is. Ný námskeið og opin vinnustofa mán, þrið, fim. S: 661 2179

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is Eina löggilda hundaræktunin í landinu.**
**Sími 566 8417 bjóðum visa/euro raðgreiðslur.**

## Ferðalög



Tjald á toppinn ! Breyttu heimilisbílnum í ferðabíl. Erum að panta topp tjöld sem passa á flesta gerðir bíla. 2-3 geta sofið í tjaldinu, mjög einfalt að setja á bílinn. 2 tegundir, sjón er sögu ríkari. Verð 249.900,- pantaðu núna og vertu klár fyrir sumarið. Hægt að nýta sem farangursbox líka. Sölusýning föstudag og laugardag. Rofabæ 9, Reykjavik. S. 5787860 Happy Campers car rental. www.happycampers.is

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

**Ný 3ja herb. íbúð í Hfj.**
**Örugg leiga. Þvottavél, þurrkari, Ísskápur, uppþv.vél, gardínur og öll ljós fylgja með.**
**www.heimahagar.is**
**Upplýsingar í síma 7727553**

2jherb.65fm íbúð í 111,laus strax. hiti,rafm.hússj.innif. leiga 95þ á mán. bankaáb. uppl.861-2310

Til leigu 2 herb. og 3 herb. íbúð í 108 Rvk. Laus 1 feb. Langtímaleiga. S. 662 3849 & 662 6097 & 824 4710

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

Rúmott herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

**4 herbergja íbúðí Grafarvoginum.**
Glæsileg nýleg 124 fm 4ja herb. íbúð í Gullengi Grafarvogi. Getur verið í laus í byrjun febrúar. Verð 155 þús pr, mán. S. 663 5791

Room with furniture downtown in a quiet place. Available now. Tel 692 1681, Sandra.

## Húsnæði óskast

Óska eftir Íbúðarhúsnæði á svæði 107 eða 201. Húsnæðið má vera 180-290 m2. Vill gera 3 ára samning. Erum mjög ábyrg. uppl í s: 691 9200

Óska eftir einstaklingsíbúð til leigu fyrir 1 febrúar. Uppl. í s. 661 2014.

## Húsnæði til sölu

For sell nice apartment in Njardvik, 77m2,3d floor,2 bedrooms, price 14ml. More information gsm 845 1434 after 18 or mail delphin@simnet.is

## Sumarbústaðir

Meistari með áratuga reynslu, tímavinna eða tilboð. Timburhús, sumarhús, gesthús. Skoða allt. Er á suðurlandi. S. 894 0048.

Óska eftir sumarhúsi á leigu í Skorradal sumarið 2010. Allt kemur til greina. birgir@isa.is

## Atvinnuhúsnæði

Geymslu, Lager og/eða Skrifstofuhúsnæði í Ármúla. 694 3113, leiga.armuli@gmail.com

Til leigu/sölu 2*50 fm bil í Faxafeni. Nýtist sem skrifst., geymslu eða atv. húsn. S. 897 4912.

Gott, 320 fm iðnaðarhúsnæði til leigu á Smiðjuvegi. Nánari uppl. í síma 896 0551.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Til leigu - Skjalageymssla**
Rúmgóð, eldvarin skjalageymsla á Stórhöfði 23, 110 Rvk. 55 m2¬ með 4,5 metra háum skjalaskápum á hjólum / 800 - 1.000 hillumetrar. Verð 170.000 + vsk. Uppl. í s. 660 6094 Eyþór.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Bílskúr

Til leigu 26fm, bílskúr í Móhellu í Hafnarfirði. Bílskúrinn er með millilofti, vaski og aðgangi að salernum og getur því bæði hentað vel sem vinnuaðstaða og geymslupláss. Laus eftir viku. Verð 37þ. S: 499 0076 eða 695 5528

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

## Atvinna í boði

LÖÐUR
miðstöð bílaunnenda
sími 544 4540 / www.lodur.is

Bílaþvottastöðin Löður leitar eftir starfskrafti í fullt starf við þrif á bílum. Viðkomandi þarf að vera orðin 20 ára og geta hafið störf í febrúar. Áhugasamir fyllið út umsókn á www.lodur.is fyrir 21.janúar.

vinna.is
Umsækjendur – kíkið inn á www.vinna.is
Skráning er umsækjendum að kostnaðarlausu.

**- Hárgreiðslustofa í Asker við Oslófjörð -**
Vantar strax tvo klippara, aðstoð við húsnæði ofl. Uppl. í s. 0047 66905730, Gunnar eða gunnar_andersen36@hotmail.com

Au-pair Stokkhólmi Við erum íslensk fjölskylda með 3 börn; 5, 7 og 11 ára og erum að leita að au-pair, 20-25 ára, þarf að hafa bílpróf. Sendið póst á aupair.se@gmail.com fyrir frekari upplýsingar.

Tryggingamiðlun Íslands auglýsir eftir úthringjurum til starfa á kvöldin. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Uppl gefur Gísli í 893-7074 og gisli@tmi.is

Líkamsnuddarar óskast. Mjög góð laun. Hafið samb. unadsnudd@gmail.com

Hársnyrtistofa í Grafarvogi óskar eftir starfsfólki. Á sama stað er kjörin aðstaða fyrir aðra starfsemi. S. 567 3530 & 898 5431.

Bakarí í breiðholti óskar eftir að ráða röskan starfskraft til afgrstarfa og fl ekki yngri en 20 reyklaus og íslenska er skilyrði vinnutími 13 -18 eth. helgarvinna uppl eftir kl.13 S: 8959420

## Tilkynningar

**Guðspekifélagið**
**Í kvöld, föstudaginn 15. janúar kl. 20:30** heldur Guðfinnur Jakobsson erindi sem hann nefnir: Frá Indlandi til Evrópu, í húsi félagsins, Ingólfsstræti 22.
**Laugardaginn 16. janúar kl. 14:00** er hugleiðing, **kl. 14:30:** Farið yfir fræðsluefni Sigvalda. **Kl. 15:00: Opið hús og Kl. 15:30:** Erindi Sigríðar Einarsdóttur: Mozart í tali og tónum.
**Á fimmtudögum** kl. 16.30-18.30 er bókaþjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta.
**www.gudspekifelagid.is**

**Hárgreiðslustofan Loftleiðum**
Var að byrja á Hárgreiðslustofunni á Hótel Loftleiðum, allir hjartanlega velkomnir 15% afsláttur út janúar. Pantið í síma 552 5230, Pála.

## Einkamál

**Símadömur 908 1616**
**Er ykkur kalt? Við verðum við. Hringdu í uppáhalds dömuna þína. Við bíðum eftir þér!**

**908 1616.**

**Til kvenna:**
Konur sem vilja kynnast karlmönnum með kynf. ævintýri í huga nota Rauða Torgið Stefnumót til að ná sambandi við réttu mennina. Kona, þú auglýsir og vitjar skilaboða frítt í s. 555-4321

**MOLIÈRE (1622-1673) FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Við berum ekki aðeins ábyrgð á því sem við gerum heldur einnig því sem við látum ógert.“*

***Franska leikskáldið og leikarinn Molière hét réttu nafni Jean-Baptiste Poquelin. Frægustu verk hans eru Tartuffe, Don Juan og Mannhatarinn.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 15. JANÚAR 1935

## *Mjólkursamsalan stofnuð*

Mjólkursamsalan var stofnuð þennan dag árið 1935 og er því 75 ára í dag. Fyrirtækið heitir í dag MS og varð til árið 2005 við sameiningu Mjólkursamsölunnar í Reykjavík og Mjólkurbús Flóamanna.

Mjólkursamsalan rekur minjasafn að Bitruhálsi 1. Þar er að sjá myndir og gamla muni sem lýsa sögu Mjólkursamsölunnar og mjólkuriðnaðarins á Íslandi.

Mjólkurbúðirnar skipa stóran sess í sögu MS, en þær voru á annað hundrað í Reykjavík. Aukin tæknivæðing og gjörbreytt aðstaða hjá almennum matvöruverslunum varð til þess að haustið 1976 var þeim öllum lokað. Í minjasafninu er að finna myndir úr mjólkurbúðunum og muni er tengdust þeim.

Umbúðir utan um mjólk hafa breyst mikið. Mjólkin var fyrst seld í lausu máli og flutt í verslanir í stórum brúsum, sem síðan var ausið úr í þau ílát sem viðskiptavinirnir komu með. Seinna var mjólkin seld í glerflöskum, en vegna hörguls á þeim í seinni heimsstyrjöldinni var aftur horfið til mjólkurbrúsanna.

Árið 1959 var byrjað að pakka mjólk í hyrnur. Um 1970 komu ferhyrndu umbúðirnar í þeirra stað, en þær hafa verið notaðar síðan.




## MERKISATBURÐIR

**1609** Eitt af fyrstu fréttablöðum heims, Avisa Relation oder Zeitung, kemur fyrst út í Ágsborg.

**1759** Þjóðminjasafn Bretlands er fyrst opnað almenningi.

**1943** Heimsins stærsta skrifstofubygging, Pentagon í Arlington, Virginíuríki, er tekin í notkun.

**1983** Bandalag jafnaðarmanna á Íslandi er stofnað að frumkvæði Vilmundar Gylfasonar.

**1994** R-listinn ákveður sameiginlegt framboð minnihlutaflokkanna í Reykjavík.

**2001** Wikipedia, frjálst alfræðirit á Netinu, fer í gang.

**2007** Byrginu er lokað.

# Kór syngur Queen

Karlakór Dalvíkur efnir til tónleika í kvöld ásamt Matta Matt og rokkhljómsveit í Salnum í Kópavogi.

Á tónleikunum verða flutt lög eftir Queen og Bítlana en tónleikarnir hafa notið mikilla vinsælda norðanlands.

Lög Bítlanna verða flutt fyrir hlé en lög Queen verða sungin eftir hlé. Útsetningar eru í höndum stjórnanda kórsins, Guðmundar Óla Gunnarssonar, og hefjast tónleikarnir klukkan 21. Miðaverð er 3.300 krónur. - jma



**ROKKAR** Karlakór Dalvíkur treður upp í Salnum í Kópavogi í kvöld.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SÓPRANSÖNGKONAN** Nóg hefur verið að gera við að æfa bæði fyrir tónleikana í kvöld í Íslensku óperunni og tónleikana í Carnegie Hall.

BYLGJA DÍS GUNNARSDÓTTIR: Í FYRSTA SÆTI Í ALÞJÓÐLEGRI SÖNGVARAKEPPNI

# Treður upp í Carnegie Hall

Bylgja Dís Gunnarsdóttir er ung söngkona á uppleið. Auk þess að vera ein af hinum efnilega Óp-hópi sem heldur sína fyrstu kvöldtónleika í Íslensku óperunni í kvöld er hún á leið til New York að syngja í einum þekktasta tónleikasal heims, Carnegie Hall, 24. þessa mánaðar.

„Já, ég var að vinna til verðlauna í Bandaríkjunum,“ segir Bylgja Dís þegar fyrst er forvitnast um tónleikana ytra. Hún kveðst hafa tekið þátt í alþjóðlegri söngvarakeppni sem nefnist Barry Alexander International Vocal Competition og verið ein af níu í efsta sæti í flokknum „professional adult“. Verðlaunin eru þau að koma fram á tónleikum í Carnegie Hall.

Bylgja Dís nam í Söngskólanum í Reykjavík og hélt síðan til Glasgow þar sem hún útskrifaðist 2007. Hún hefur fengið verkefni í Bretlandi og söng í La Traviata hér heima, en hvaða þýðingu hefur það fyrir hana að komast á svið í Carnegie Hall? „Það er auðvitað gríðarlegur heiður. Tónleikarnir verða teknir upp og myndaðir – af eina manninum í heiminum sem má taka myndir þar, að mér skilst – og að eiga upptökur með söng sínum í Carnegie Hall og góðar myndir af sér á sviðinu getur auðvitað komið sér ansi vel. Mér skilst líka að fylgst sé með þessum tónleikum af umboðsmönnum svo það er aldrei að vita hvað gerist í framhaldinu.“ Hvað skyldi hún ætla að flytja í þessu fræga húsi? „Ég syng tvær stórar aríur, aðra eftir Wagner sem heitir Dich teure Halle og hina eftir Puccini sem heitir Sola perduta.“

Bylgja Dís segir svo skemmtilega vilja til að Rúnar Þór Guðmundsson tenór, sem líka er í Óp-hópnum, hafi lent í öðru sæti í keppninni og honum sé boðið að koma til New York í haust í aðeins öðruvísi dagskrá.

Greinilegt er að Óp-hópurinn er skipaður einvalaliði. Hann var stofnaður í september og hefur komið fram mánaðarlega síðan á hádegistónleikum í Íslensku óperunni við góðan orðstír. Á jólatónleika hans komu á fjórða hundrað manns. „Við erum átta í hópnum og öll nýlega komin úr söngnámi erlendis frá. Í stað þess að vera í stöðugri samkeppni í harkinu ákváðum við að styðja við hvert annað. Það hefur gefist vel og getið af sér margt gott,“ segir hún. Í ljós kemur að auk þess frama sem henni og Rúnari Þór hefur hlotnast eru tvö önnur úr hópnum komin með stór verkefni í febrúar. Hörn Hrafnsdóttir messósópran mun syngja í Aidu í Íslensku óperunni og Jón Svavar Jósefsson barítón í Carmina Burana með Sinfóníunni.

Nú eru óperettutónleikar hjá Óphópnum í kvöld og Auður Gunnarsdóttir er gestasöngvari. „Þetta er svolítið sviðsett þannig að við erum öll í partíi á sviðinu,“ lýsir Birna Dís glaðlega og bætir við að tónleikarnir verði endurteknir á Stokkalæk á Rangárvöllum 29. janúar. gun@frettabladid.is



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðlaug Egilsdóttir**

fyrrum húsfreyja á Álfgeirsvöllum,

sem lést föstudaginn 8. janúar, verður jarðsungin frá Sauðárkrókskirkju miðvikudaginn 20. janúar kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hennar er bent á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks.

**Marinó Sigurðsson**
**börn, tengdabörn, barnabörn og langömmubörn.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Lárus Þórarinsson**

fyrrv. flugumferðarstjóri
Hverafold 19, Reykjavík,

andaðist að heimili sínu laugardaginn 9. janúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 15. janúar kl. 15.00.

**Kristín Lárusdóttir**
**Ásthildur Lárusdóttir**
**Erna Lárusdóttir**
**Einar Þór Lárusson**
**Álfheiður K. Lárusdóttir**
**Kristín Rúna Lárusdóttir**
**tengdabörn, afabörn, langafabörn og langalangafabarn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

# Frímerki til hjálparstarfs

Samband íslenskra kristniboðsfélaga hvetur fólk til að safna notuðum frímerkjum og gefa til hjálparstarfs í stað þess að henda þeim í ruslið. Sambandið stendur fyrir söfnun á notuðum frímerkjum í samstarfi við Póstinn. Heiti verkefnisins er: Hendum ekki verðmætum! Söfnunin stendur til 31. janúar 2010 og er tekið við frímerkjum og umslögum á öllum póstafgreiðslum Póstsins um land allt. Æskilegt er að fá frímerkin á umslögum en einnig er tekið við stökum frímerkjum.




Jarle Reiersen hefur séð um að koma frímerkjunum í verð fyrir sambandið. „Ég á safnaravini hingað og þangað út um allan heim og sumir kaupa þetta í eigin söfn og síðan þekki ég frímerkjakaupmenn sem kaupa mörg merki og búa til frímerkjapakka sem þeir síðan selja,“ segir Jarle og bætir við að töluverður markaður sé fyrir íslensk frímerki.

Fjöldi útgefinna frímerkja á Íslandi er lítill og það stuðlar að því að verðið er hærra miðað við önnur frímerki. Á Íslandi eru framleidd um 100 þúsund eintök af hverju frímerki en í Bandaríkjunum nokkur hundruð milljónir. Jarle segir mest fást fyrir frímerkt umslag sem stimplað er á fámennum stöðum úti á landi.

Allur ágóði frímerkjasöfnunarinnar verður notaður í þróunarstarf á sviði menntunar barna, unglinga og fullorðinna í Eþíópíu og Keníu.

Á árinu 2009 skilaði frímerkjasöfnun SÍK tæplega 2 milljónum króna. Frímerkjum er einnig veitt móttaka allan ársins hring á skrifstofu SÍK, Grensásvegi 7, 2. hæð og í Litla húsinu, Glerárgötu 1, Akureyri.



*Elskulegur faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir og afi,*

## Gunnlaugur Þórarinsson

frá Ríp,

andaðist fimmtudaginn 7. janúar á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki. Útför hans fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 16. janúar klukkan 14.00.

**Signý Gunnlaugsdóttir**
**Halldór Gunnlaugsson**
**Þórunn Ólöf Gunnlaugsdóttir**
**Jóhanna Lúðvíksdóttir**
**Kristín Lúðvíksdóttir**
**tengdabörn og barnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Rósa María Sigurgeirsdóttir

Bakka, Melasveit,

lést á Sjúkrahúsi Akraness 13. janúar. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju í Saurbæ, laugardaginn 23. janúar kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Gjafa- og minningarsjóð Sjúkrahúss Akraness.

**Fanney Valdís Guðbjörnsdóttir** **Stefán Jónas Þorsteinsson**
**Jóhann Þórðarson** **Sigrún Birna Svavarsdóttir**
**Sigvaldi Geir Þórðarson** **Valdís Ragnheiður Jakobsdóttir**
**Sigurður Björn Þórðarson** **Ásta María Einarsdóttir**
**Sigurgeir Þórðarson** **Sigríður Kristjánsdóttir**
**Sigríður Þórdís Reynisdóttir** **Rafn Elfar Svanbergsson**
**og ömmubörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Sigurður Guðmundsson

vígslubiskup frá Grenjaðarstað,

sem lést laugardaginn 9. janúar, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju mánudaginn 18. janúar kl. 13.30.

**Steinunn S. Sigurðardóttir** **Ingólfur S. Ingólfsson**
**Halldór Sigurðsson** **Ester Hjartardóttir**
**Guðmundur Sigurðsson** **Sigrún Kristjánsdóttir**
**Ragnheiður Sigurðardóttir** **Bragi Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra föður, sonar, fóstursonar, bróður, mágs og frænda,*

## Daða Hreiðarssonar.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir hlýhug og frábæra umönnun. Guð blessi ykkur öll.

**Anton Örn Daðason**
**Viktor Guðni Daðason**
**Daðey Steinunn Daðadóttir**
**Birgir Tómasson**
**Gerður Hreiðarsdóttir** **Sigurður Ingi Sigurðsson**
**Hanna Kristín Birgisdóttir**
**Fjóla Björk Birgisdóttir**
**Daðey Steinunn Sigurðardóttir**
**Sóley María Sigurðardóttir**
**Sigurður Kristinn Sigurðsson**
**Birgir Sigur Sigurðsson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.



*Elskulegur sonur minn, faðir og bróðir,*

## Sigurgeir Snæbjörnsson

lést 4. janúar. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju miðvikudaginn 20. janúar kl. 13.00.

**Snæbjörn Sigurgeirsson**
**Katrín Tanja, Hrefna Karítas,**
**Smári Freyr Snæbjörnsson.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát föður okkar, tengdaföður og afa,*

## Finnboga Vikars

Hjalla, Ölfusi.

Sérstakar þakkir eru til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Ljósheima Selfossi.

**Guðmundur K. Vikar** **Guðný E. Snorradóttir**
**Lilja Vikar** **Þorsteinn Hauksson**
**Erna Vikar**
**Unnur Vikar** **Friðrik Kjartansson**
**Sigrún Vikar** **Benedikt Sigurjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elsku hjartans sonur okkar og bróðir,*

## Pétur Hólmsteinsson

lést á heimili sínu hinn 30. desember 2009. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát sonar okkar og bróður.

**Lára Hauksdóttir**
**Hólmsteinn Pjetursson** **Hallfríður Bára Einarsdóttir**
**Stefán Stefánsson**



*Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Katrín Jakobsdóttir Smári

lést á dvalarheimilinu Hrafnistu í Reykjavík miðvikudaginn 13. janúar. Útförin verður auglýst síðar.

**Helga Björg Yngvadóttir**
**Jakob Yngvason** **Guðrún Kvaran**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við fráfall móður, tengdamóður, ömmu og langömmu okkar,*

## Ingibjargar Sveinsdóttur

frá Kambi,

sem lést á Vífilsstöðum hinn 17. desember sl. Sérstakar þakkir fyrir frábæra umönnun eru til starfsfólks á Vífilsstöðum. Guð blessi ykkur öll.

**Sveinn E. Magnússon** **Guðrún Guðmundsdóttir**
**Sigurbjörg I. Magnúsdóttir** **Viðar Jónsson**
**Oddný S. Magnúsdóttir** **Ingimundur Guðmundsson**
**Einar Magnússon** **Margrét Steingrímsdóttir**
**Helga Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, sonar, bróður, mágs og tengdasonar,*

## Ómars Loga Gíslasonar

Ásakór 11, Kópavogi,

sem lést á líknardeild Landspítalans, Kópavogi, þriðjudaginn 22. desember. Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar Landspítalans í Kópavogi, fyrir frábæra umönnun og kærleik í okkar garð. Einnig viljum við þakka öðru heilbrigðisstarfsfólki sem önnuðust hann í veikindum hans. Starfsfólki Heilsuleikskólans Urðarhóls þökkum við fyrir þeirra framlag til erfisdrykkjunnar og öðrum sem hjálpuðu okkur á þessum erfiðu tímum. Hlýhugur og stuðningur ykkar hefur verið ómetanlegur.

**Ingibjörg Sigurðardóttir**
**Kolbrún Ýrr Logadóttir**
**Þorgeir Logason**
**Thelma Sylvía Logadóttir**
**Gísli Logi Logason**
**Gísli Felixson**
**Einar Gíslason** **Soffía Þorfinnsdóttir**
**Efemía Gísladóttir** **Skúli Ragnarsson**
**Sigríður Kolbrún Bjarnadóttir** **Guðmundur Aronsson**
**og fjölskyldur.**



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu, systur og mágkonu,*

## Karólínu Þórormsdóttur

Þinghólsbraut 10, Kópavogi.

**Júlíus S. Júlíusson**
**Stefanía Júlíusdóttir** **Vilhjálmur Þorsteinsson**
**Hörður Júlíusson** **Júlía J. Puiabo**
**Jóhanna Júlíusdóttir**
**Sigrún Júlíusdóttir**
**Trausti Júlíusson** **Helga G. Óskarsdóttir**
**Jón E. Júlíusson**
**Aðalheiður Þórormsdóttir** **Sigurður Ágústsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Kær eiginmaður, faðir okkar, afi, bróðir, mágur og frændi,*

## Davíð Stefánsson

fv. kennari.
Myrvangen 10,
3030 Drammen, Norge,

lést á sjúkrahúsi í Noregi sunnudaginn 10. janúar. Útför hans fer fram frá Konnerudkirkju í Drammen miðvikudaginn 20. janúar.

**Inger J. Stefansson**
**Grethe, Eva og Steinar Stefansson og fjölskyldur**
**Bjarghildur Stefánsdóttir og Jón Kárason**
**Einar Páll Stefánsson og Guðfinna Ingólfsdóttir**
**Sólveig Stefánsdóttir og Snorri Loftsson**
**og fjölskyldur.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, systur, ömmu og langömmu,*

## Þóru Jónsdóttur

Klifshaga, Öxarfirði.

Kærar þakkir til starfsfólks sjúkradeildar Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga á Húsavík fyrir frábæra umönnun og hlýhug.

**Daði Þröstur Þorgrímsson** **Jóhanna Birna Falsdóttir**
**Sigra Þorgrímsdóttir** **Jón Sigurðsson**
**Pétur Þorgrímsson** **Magnea R. Árnadóttir**
**Grímur Jónsson**
**María Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



M.BENZ B 170.
Árgerð 2006,
ekinn 32 þ.km,
BENSÍN,
Sjálfskiptur.

**Tilboðsverð 2.950.000.**

Bíla og vagnasalan.is

Bíla og vagnasalan
Funahöfða 1 , 110 Rvk.
S. 527 2424
www.bilaogvagnasalan.is

Funahöfði 1 110 Rvk. bilaogvagnasalan.is 527 24 24



## AUGLÝSING UM KYNNINGU Á TILLÖGU AÐ BREYTINGU AÐALSKIPULAGS GARÐABÆJAR 2004-2016

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á tillögu að breytingu aðalskipulags Garðabæjar 2004-2016 samkvæmt skv. 1.mgr.21.greinar skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. og umhverfisskýrslu vegna tillögunnar.

**Háspennulínur Landnets í upplandi Garðabæjar**
**Búrfellslína 3, Sandskeiðslina 1 og Hamraneslínur 1 og 2.**
Vegna áforma Landnets um styrkingu á raforkuflutningskerfi um upplönd höfuðborgarsvæðisins hefur verið lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2004-2016.
Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum:

**Breytingarsvæði 1 (ofan Húsfells):**
- Búrfellslína 3, 400 kV. Ný lína frá Sandskeiði að Hamranesi.
- Sandskeiðslína 1, 400 kV. Ný lína frá Sandskeiði að Hrauntungu.
- Kolviðarhólslína 2, 220 kV. Á núverandi línu. Flutningsgeta núverandi línu verður aukin á kaflanum frá Sandskeiði að Hamarnesi. Gert er ráð fyrir að möstur línunnar hækki um 2-3 m að jafnaði vegna þessara aukningar.

**Breytingarsvæði 2 (Grunnuvötn, Vífilstaðahlíð, Urriðakotshraun)**
- Þegar Búrfellslína 3 og Kolviðarhólslína 2 eru komnar í rekstur er áformað að Hamraneslína 1 og 2 verði fjarlægðar og eru þær því felldar út út aðalskipulagi. Hnoðraholtslína mun þó standa áfram.

Fyrirhuguð framkvæmd vegna styrkingu á raforkuflutningskerfinu er nú í umhverfismatsferli á vegum Landnets.

Ennfremur eru kynntar lítilsháttar leiðréttingar frá upphaflegum aðalskipulagsuppdrætti.

Tillagan er sett fram á breyttum sveitarfélagsuppdrætti og þéttbýlisuppdrætti.

Tillagan ásamt umhverfisskýrslu er í kynningu frá 15.janúar til 26.febrúar 2010 og frestur til þess að skila inn athugasemdum er til föstudagsins 26.febrúar

Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, og er ennfremur aðgengileg á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is. Ennfremur skal bent á sérstakan verkefnisvef Landsnet vegna fyrirhugaðra framkvæmda: www.sudvesturlinur.is

**Arinbjörn Vilhjálmsson**
**skipulagsstjóri Garðabæjar**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Tækni- og umhverfissvið




# Reykjavík Beirút

**BAKÞANKAR**
**Brynhildar Björnsdóttur**



Ég elska flugelda. Mér finnst fátt hátíðlegra en að horfa á ljósblóm springa út í marglitri dýrð, eins og einhver bregði pensli á svartan næturhimin með öllum regnbogans litum, sletti listaverkum út í heiminn sem glitra í kapp við stjörnurnar í smástund og hverfa svo sporlaust og lifa hvergi nema í minningunni.

ÉG fæ ekki oft að sjá flugelda. Það er einna helst á menningarnótt sem þeir baða næturhimininn birtu sinni, viðeigandi endapunktur hátíðahalda sem marka upphaf haustsins með öllum sínum breytingum og spennandi upphafsreitum.

ÉG sé ekki flugelda á gamlárskvöld og hef ekki gert í mörg ár. Ég sé rústrautt mengunarský leggjast yfir borgina og fela tunglið, sem á ekki séns í samkeppninni jafnvel þó að það sé fullt.

ÉG sé eldglæringar inni í þessu skýi, stundum helrauðan bjarma sem ætlar aldrei að slokkna. Það er ekki séns að sjá flugelda fyrir flugeldum á gamlárskvöld.

EN þó að ég sjái ekki flugeldana heyri ég þeim mun betur í þeim.

GAMLÁRSKVÖLD í Reykjavík lætur eins og besta Beirút eða Bagdad í eyrum, á miðnætti eru sprengjudrunurnar slíkar að gæludýrum er gefið róandi og ekki er nokkur von til að heyra brandarana í skaupinu ef ætlunin er að horfa á það á plúsnum.

OG þó að áramótin séu liðin, já og þrettándinn líka, er enn verið að sprengja flugelda. Jafnvel þótt það sé stranglega bannað samkvæmt lögreglusamþykktum að skjóta upp flugeldum milli þrettándans og 28. desember.

UM allt land eru flugeldar sem eftir er að skjóta upp og eigendurnir geta gert það klukkan fjögur aðfaranótt næsta miðvikudags ef þeim sýnist. Eða dundað sér við að búa til úr þeim sprengiefni til að ná af sér enn fleiri augum og fingrum.

ÉG lét mig hafa það að nöldra ekki yfir þessu á meðan björgunarsveitirnar fengu allan arðinn af flugeldasölu á landinu en ef þær ná rétt upp í kostnað vegna samkeppni frá einkaaðilum er mál til komið að hefta ótakmarkað aðgengi að sprengiefni, sama hvað túristum þykir þetta skemmtilegt. Finnum leið til þess að hægt sé að horfa á flugelda á gamlárskvöld í stað þess að heyra bara í þeim og kafna úr mengun.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Gildir frá 6. - 17. janúar

# DÚNDUR VERÐ

ÓDÝRT

á hreinlætistækjum!

Verð sprengja

ÓDÝRT 4.890
Vnr. 15400045
**Handlaugartæki**
ARMATURA FERRYT handlaugartæki.

25% afsláttur af ÖLLUM stálvöskum

4.890 ÓDÝRT
Vnr. 15400050
**Eldhústæki**
ARMATURA FERRYT eldhústæki.

14.990
Vnr. 15400030
**Sturtutæki**
ARMATURA FERRYT hitastýrt sturtutæki.

HÜPPE

40% afsláttur af HÜPPE sturtuhornum
Hágæða vara frá Þýskalandi á frábæru verði!
Mesta úrvalið er í BYKO Breidd

44% afsláttur
Vnr. 15726940
**Sturtusett**
ISA sturtusett
3.990
Fullt verð: 7.082

25% afsláttur af ÖLLUM ISA sturtubörkum, handúðurum og sturtustöngum

17.990
Vnr. 15400025
**Baðtæki**
ARMATURA FERRYT hitastýrt baðtæki.

35% afsláttur
Vnr. 15720423
**Handúðari**
ISA handúðari.
1.943
Fullt verð: 2.990

35% afsláttur
Vnr. 13001600
**Handlaug** 4.990
Fullt verð: 7.634
HUIDA handlaug í borð, 53x48 cm.

Vnr. 13001510
**Salerni**
Huida salerni með S-stút, með setu.
24.900

42% afsláttur
Vnr. 13001590
**Handlaug** 12.990
Fullt verð: 22.358
HUIDA handlaug á borð, 50x10x40 cm.

BYKO

EXPO - www.expo.is

# menning

menning@frettabladid.is

**! Í dag kl. 12**

*Í Gallerí Ráðhús, sem er í bæjarstjórnarsal ráðhússins á Akureyri, opnar listakonan Anna Gunnarsdóttir sýninguna Mikado. Verkin eru unnin út frá japanska spilinu Mikado þar sem leikmenn spila með prik. Öll verkin á sýningunni eru unnin með shibori-tækni og indígólituð. Shibori er gömul japönsk tækni sem notuð er við að búa til munstur á efni sem síðan eru lituð.*

## Sólstafir á Kelduna

Hin reffilega þungarokkshljómsveit Sólstafir er fyrsta íslenska hljómsveitin sem bókuð er á Hróarskelduhátíðina í ár. Annar diskur Sólstafa, sem bandið gerir hjá finnska plötufyrirtækinu Spinefarm, kom út í fyrra og heitir Köld. Fyrir var Masterpiece of Bitterness sem kom út 2005.

Það verður mikið að gera í sumar hjá Sólstöfum. Bandið er bókað á sjö tónlistarhátíðir til að fylgja plötunni eftir. Hún hefur fengið góða dóma í tímaritum (til dæmis 10/10 í Metal.de og 8/10 í Metal Hammer) og birtist víða á listum yfir bestu plötur ársins. Stærsta rokktímarit Finnlands, Inferno, valdi hana til að mynda bestu erlendu plötu ársins.

Líklegt er að fleiri íslenskar sveitir bætist við á Hróarskelduhátíðina sem haldin er 1.-4. júlí. Af þeim fáu hljómsveitum sem nú hefur verið tilkynnt um eru Muse og Pavement þær þekktustu. - drg



**REFFILEGIR** Sólstafir gera það gott með „Köld".

**> Ekki missa af**

Á morgun verður farin borgarganga með Hjálmari Sveinssyni. Áætlanir um viðamikla uppbyggingu á hafnarsvæðinu hafa verið settar fram. Sumar þeirra hafa reynst vera loftkastalar í bóluhagkerfi. Hvað verður um austurbakkann þar sem tónleikahúsið rís og hvað verður um svokallað Mýrargötuskipulag? Gangan byrjar við styttuna af Ingólfi á Arnarhóli kl. 12. Þaðan verður gengið um hafnarsvæðið og vestur á Granda.


## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



### Brennuvargarnir (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 15/1 kl. 20:00 U | Fös 22/1 kl. 20:00 Ö | Fös 5/2 kl. 20:00 Ö |
| Fim 21/1 kl. 20:00 U | Fim 28/1 kl. 20:00 Ö | |

„Besta leiksýning ársins" MBL, IÞ. Sýningum fer fækkandi.



### Oliver! (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 16/1 kl. 15:00 Aukas. U | Lau 30/1 kl. 15:00 U | Sun 14/2 kl. 19:00 Ö |
| Lau 16/1 kl. 19:00 U | Lau 30/1 kl. 19:00 Ö | Sun 21/2 kl. 15:00 Ö |
| Lau 23/1 kl. 15:00 Aukas. U | Lau 6/2 kl. 15:00 Ö | Sun 21/2 kl. 19:00 |
| Lau 23/1 kl. 19:00 U | Lau 6/2 kl. 19:00 Ö | Sun 28/2 kl. 15:00 Ö |
| Fös 29/1 kl. 19:00 Ö | Sun 14/2 kl. 15:00 Ö | Sun 28/2 kl. 19:00 Ö |

Oliver! ★★★★ MBL, GB. Nýjar sýningar komnar í sölu.



### Sindri silfurfiskur (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 16/1 kl. 15:00 Ö | Lau 23/1 kl. 15:00 | Lau 30/1 kl. 15:00 |
| Sun 17/1 kl. 16:00 | Sun 24/1 kl. 16:00 | Sun 31/1 kl. 15:00 |

Undurfalleg sýning fyrir yngstu leikhúsgestina!



### Gerpla (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 12/2 kl. 20:00 Frums. U | Lau 20/2 kl. 20:00 4. K Ö | Lau 27/2 kl. 20:00 6. K Ö |
| Lau 13/2 kl. 20:00 2. K U | Fim 25/2 kl. 20:00 Aukas. U | Fös 5/3 kl. 20:00 7. K Ö |
| Fös 19/2 kl. 20:00 3 K Ö | Fös 26/2 kl. 20:00 5. K Ö | Lau 6/3 kl. 20:00 8. K Ö |

Miðasala hafin - tryggið ykkur sæti á fyrstu sýningar!



### Fíasól (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 13/3 kl. 15:00 Frums. U | Sun 21/3 kl. 13:00 Ö | Sun 28/3 kl 15:00 |
| Sun 14/3 kl. 13:00 U | Sun 21/3 kl. 15:00 U | Lau 10/4 kl 13:00 |
| Sun 14/3 kl. 15:00 U | Lau 27/3 kl. 13:00 | Lau 10/4 kl 15:00 |
| Lau 20/3 kl. 13:00 U | Lau 27/3 kl. 15:00 | Sun 11/4 kl 13:00 |
| Lau 20/3 kl. 15:00 U | Sun 28/3 kl. 13:00 | Sun 11/4 kl 15:00 |

Sprellfjörug sýning um gleðisprengjuna ómótstæðilegu!



### Bólu-Hjálmar (Kúlan)

| | |
|---|---|
| Mið 27/1 kl. 20:00 | Fim 28/1 kl. 20:00 |

Gestasýning Stoppleikhópsins. Aðeins tvær sýningar.











**SJÓNARSPIL**

Myndir frá æfingu Vesturportsins á Faust. Fjörutíu ár eru síðan Faust var síðast settur upp í íslensku leikhúsi en það eru þeir **Þorsteinn Gunnarsson** og Björn Hlynur Haraldsson sem leika sjálfan Faust. **Hilmir Snær** er síðan Mefistó. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



# Faust Vesturports fer á svið

**Í kvöld frumsýnir Vesturport útgáfu sína af Faust í Borgarleikhúsinu. Sagan er aldagömul og ættuð frá Þýskalandi.**

Fjöldinn allur af útgáfum af Faust hefur verið sviðsettur, kvikmyndaður og sunginn. Leikrit Goethe er þekktast, en aðrar útgáfur eru til dæmis skáldsagan Doctor Faustus eftir Thomas Mann og Meistarinn og Margaríta eftir Mikhaíl Búlgakov, sem styðst við söguþráðinn. Fjörutíu ár eru síðan sagan um Faust fór síðast á leiksvið á Íslandi.

Í leikritinu segir frá Faust. Hann er leikinn af Þorsteini Gunnarssyni og Birni Hlyni Haraldssyni, sem leikur hann á yngri árum. Faust er kominn á efri ár þegar hann uppgötvar að líf hans hefur ekki alveg verið jafn hamingjuríkt og hann hefði viljað. Mefistó (Hilmir Snær Guðnason) freistar hans og segist geta kynnt hann fyrir sannri hamingju í hinu ljúfa lífi skemmtunar og nautna. Faust tekur boðinu og handsalar veðmálið með því skilyrði að ef hann finni hamingjuna undir handleiðslu Mefistós, þá eignast djöfullinn sál hans. Veðmálið verður fyrst tvísýnt þegar Faust kynnist hinni hreinu, saklausu Grétu (Unnur Ösp Stefánsdóttir) sem dregst inn í þessa eilífu baráttu góðs og ills.

Búast má við mögnuðu sjónarspili og háloftaatriðum. Fundnir eru ferskir listrænir fletir á efniviðnum.

Sýn leikstjórans Gísla Arnar Garðarssonar er óbeisluð og fer á flug með leikurunum í óhefðbundinni leikmynd Axels Hallkels Jóhannessonar. Frumsamin tónlist Nicks Cave og Warrens Ellis rekur svo smiðshöggið á verkið.

Áhorfendur mega búast við að sjá þessa klassísku sögu lifna við og skína í alveg nýju ljósi í meðförum Vesturports. - drg

# Enskir gítarleikarar á Rosenberg

Tveir Englendingar verða í aðalhlutverki á Rosenberg um helgina, þeir Tom Hannay og Clive Carroll. Tom Hannay er 24 ára gamall gítarleikari og söngvari, sem hefur verið búsettur á Íslandi í eitt og hálft ár. Hann hefur spilað á þó nokkrum tónleikum á þessum tíma, til dæmis hjá Hemma og Valda og á Rosenberg. Einnig hefur hann komið fram á tónlistarhátíðum í Englandi. Hann spilar þægindapopp með áhrifum frá Jeff Buckley, James Taylor og Smokey Robinson, svo einhverjir séu nefndir. Tom kom hingað fyrst árið 2008 til að fara á Aldrei fór ég suður-hátíðina á Ísafirði, en heillaðist svo af íslensku tónlistarlífi og landi og þjóð að hann ákvað að setjast hér að í heilan tíma.

Tom stendur fyrir Íslandsferð Clives Carroll. Sá er 34 ára gamall gítarleikari og lagasmiður, sem hefur spilað á gítar frá blautu barnsbeini. Hann útskrifaðist með hæstu einkunn frá Trinity College í London 1998 og er mikill töframaður með gítarinn. Hann hefur komið víða við, meðal annars spilað fyrir soldáninn í Oman og hefur verið ráðinn af Madonnu til að spila á einkatónleikum. Clive hefur gefið út þrjár plötur sem allar innihalda einungis lög eftir hann. Sú síðasta heitir Life in Colour og fékk mjög lofsamlega dóma eins og hinar plöturnar.

Tom og Clive koma fram í kvöld og annað kvöld á Rosenberg á Klapparstíg. Á morgun bætist Böddi úr Dalton við dagskrána og spilar lög af sólóplötu sem hann gaf út í fyrra. - drg



**ÞÆGINDAPOPPARI** Tom Hanney og fleiri á Rosenberg í kvöld. MYND/JOE RITTER

***Veitingastaðurinn Caruso kynnir:***

# Kósýkvöld með Eyfa





***Eftir frábærar móttökur á árinu 2009 höfum við ákveðið að halda áfram með kósýkvöldin, þar sem Eyjólfur „Eyfi“ Kristjánsson flytur öll sín þekktustu lög í bland við aðrar íslenskar og erlendar dægurperlur yfir þriggja rétta gómsætri máltíð að hætti Caruso á hinni notalegu 3. hæð okkar.***

## Janúar:
Fimmtudagskvöld klukkan 20.30 - þann 21. og 28.

## Febrúar:
Fimmtudagskvöld klukkan 20.30 - þann 4. – 18. og 25.

## Mars:
Fimmtudagskvöld klukkan 20.30 - þann 4. - 11. - 18. og 25.

## Matseðill
Val um 3 forrétti, aðalrétti og eftirrétti

### Forréttir
Humarsúpa að hætti Caruso
Sveppahattar fylltir með gráðaosti og hvítlauk
Grillað rækju- og hörpuskeljaspjót

### Aðalréttir
Nautalundir Bérnaise
Grilluð lúða með hvítvínssítrónusósu
Kjúklingabringa með rauðvínssósu

*Ath. Öllum aðalréttum fylgja Portobello sveppir, grænmeti og bökuð kartafla*

### Eftirréttir
Fljótandi súkkulaðikaka Caruso með ís
Créme Brûlée
Ítalskur krapís með ávöxtum

***Verð fyrir kvöldverð og tónleika 6.290- pr. mann***

Borðapantanir: 562-7335 www.caruso.is – www.carusospain.com

RISTORANTE Caruso

***Þingholtsstræti 1 • 101 Reykjavík • Sími 562 7335***

INNNES EHF. · Bodegas Faustino · BODEGAS VALCARLOS · SD Sælkeradreifing ehf. Gourmet Distribution · Grand Marnier® · BAKKUS WINE & SPIRIT

> ÚT AÐ BORÐA

Börn leikkonunnar **Kristie Alley** buðu henni út að borða í tilefni af afmælinu hennar. Leikkonan sagði á Twitter-síðu sinni að hún hlakkaði mikið til að eyða kvöldinu með börnum sínum. „Verð að taka mig til. Vil líta vel út svo börnin verði stolt af mér," skrifaði leikkonan.



Fólk

folk@fretta

# Vonast eftir rúmum 32 milljónum

„Þetta verða meiriháttar tónleikar eins og þeir hafa verið síðustu ellefu ár," segir Einar Bárðarson um hina árlegu tónleika fyrir Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna, eða SKB, sem verða haldnir á laugardaginn. „Það besta við þá verður að afhenda peningana í hléinu," segir hann. Allur ágóði rennur til SKB og allir sem koma að tónleikunum gefa vinnu sína.

Blaðamannafundur var haldinn í anddyri Háskólabíós í gær þar sem helstu flytjendurnir mættu á staðinn ásamt öðrum aðstandendum og lögðust tónleikarnir vel í mannskapinn. Á meðal þeirra sem stíga á svið verða Sálin hans Jóns míns, Ingó og Veðurguðirnir, Buff, Dikta, Hafdís Huld, Jóhanna Guðrún og félagarnir Friðrik Ómar og Jógvan. Að sögn Einars eru Dikta og Hafdís Huld að koma fram í fyrsta sinn á tónleikunum auk þess sem Jóhanna Guðrún stígur þar á svið í fyrsta sinn í sex ár. Sálin hans Jóns míns er aftur á móti margreynd. „Sálin er búin að vera frá upphafi. Ég er farinn að líta á þá sem verndara tónleikanna," segir Einar í léttum dúr.



**Í HÁSKÓLABÍÓI** Hluti flytjendanna ásamt Óskari Guðbrandssyni, framkvæmdastjóra SKB, Einar Bárðarsyni og Þorvaldi Kolbeinssyni, rekstrarstjóra Háskólabíós. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Á undanförnum árum hafa yfir 30 milljónir króna safnast í þessum tónleikum og nú er markmiðið að sú upphæð hækki í 32,5 milljónir. Tónleikarnir hefjast klukkan 16 í Háskólabíói og fer miðasala fram á Miði.is. **- fb**






# HORFÐU Á TÍU MYNDIR Á DAG

**Kvikmyndahátíðin Northern Wave Film Festival verður haldin í þriðja sinn dagana 5. til 7. mars. Hátíðin fer fram í Grundarfirði.**



**FINNUR FYRIR KREPPUNNI** Dögg Mósesdóttir stendur að baki stuttmyndahátíðinni Northern Wave Film Festival sem fram fer í Grundarfirði. Hún segist finna fyrir kreppunni í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Líkt og fyrri ár verður hátíðinni skipt í tvo keppnisflokka, flokk stuttmynda og flokk tónlistarmyndbanda, en þetta er eina kvikmyndahátíðin hér á landi sem hefur hleypt tónlistarmyndböndum að. Um tvö hundruð myndir voru sendar inn í ár og af þeim voru sjötíu valdar til sýningar á hátíðinni.

„Það tók valnefndina rúman mánuð að fara yfir allar þessar myndir og stundum horfði hún á yfir tíu myndir á einu kvöldi. Við fengum sendar myndir frá um þrjátíu löndum og það hefur aldrei verið eins fjölbreytt úrval af myndum hjá okkur og í ár. Hingað til hef ég þurft að biðja um stuttmyndir héðan og þaðan til að hafa þetta sem fjölbreyttast en nú virðist orðspor hátíðarinnar hafa náð til fleiri landa," segir Dögg Mósesdóttir, skipuleggjandi hátíðarinnar. Mikill fjöldi stuttmynda barst frá Spáni og Danmörku og segir Dögg það ávallt koma henni skemmtilega á óvart hversu sterkir Spánverjar eru í stuttmyndagerð.

Dögg segir hátíðina vera óskabarn Grundfirðinga sem allir hafa lagst á eitt við að gera viðburðinn sem eftirminnilegastan. „Við höfum fundið svolítið fyrir kreppunni núna í ár. Það er minna um styrkveitingar og þess vegna þurftum við að skera mikið niður og reynum að gera hlutina sjálf og reiða okkur á sjálfboðaliða. En ég held að menningarviðburðir sem þessi séu mikilvægir landsbyggðinni því þeir fá fólk til að opna hugann gagnvart nýjum atvinnuleiðum." Sérstök stuttmyndakeppni verður fyrir íbúa Vesturlands sem sýndar verða í svokölluðum Vesturlandsflokki. „Keppnin er opin öllum íbúum Vesturlands. Hingað til hafa ekki borist neinar myndir en hver veit, fresturinn er ekki upprunninn og kannski fara myndirnar að streyma inn núna á næstu dögum." **sara@frettabladid.is**





tvenna
Wilson's PIZZA
Veljum íslenskt
2 x 16" pizzur með 2 áleggstegundum, ostabrauðstangir, sósa og 2 L af Pepsí
verð aðeins
kr. 2990
ef þú sækir
Nýtt
Bjóðum upp á þunnan botn „ekta ítalskan"
PEPSI MAX
Wilson's PIZZA
Við sendum þér sms þegar pizzan fer í ofninn
3 staðir 1 símanúmer
581 15 15
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum 15 og Eddufelli 6

# FRÆGIR BREGÐAST VIÐ HAMFÖRUNUM Á HAÍTÍ

**Oprah Winfrey, Ben Stiller, Brad Pitt, Angelina Jolie og hljómsveitin Coldplay eru á meðal þeirra sem hafa hvatt almenning til að aðstoða þá sem eiga um sárt að binda vegna jarðskjálftans á Haítí.**

Leikarahjónin Brad Pitt og Angelina Jolie hafa lagt fram eina milljón dollara til samtakanna Læknar án landamæra vegna hjálparstarfsins á Haítí. „Við gerum okkur grein fyrir því að skjót viðbrögð eru mikilvæg til að hjálpa þeim mikla fjölda fólks sem er heimilislaus og þeim sem þurfa mest á hjálp að halda,“ sagði Pitt í yfirlýsingu sinni. Kollegi hans Ben Stiller skrifaði á Twitter-síðu sína að Haítíbúar þyrftu á hjálp okkar að halda og svipuð skilaboð hafa stjörnur á borð við Paris Hilton, Lindsay Lohan og Adam Lambert sent frá sér.

Söngvarinn Wyclef Jean, sem sló í gegn í hljómsveitinni The Fugees, er frá Haítí. Hann er kominn til föðurlands síns til að leggja sitt af mörkum við hjálparstarfið. „Ég get varla lýst því hversu mikill harmleikur þetta er. Ef fólk gerir ekkert til að hjálpa til á þetta bara eftir að versna,“ sagði hann. „Við verðum að bregðast strax við.“



## STYÐJA HAÍTÍ

**Wyclef Jean** flaug til föðurlands síns til að aðstoða við hjálparstarfið. **Brad Pitt** og **Angelina Jolie** gáfu milljón dollara til Lækna án landamæra og **Oprah Winfrey**, **Chris Martin** og **Ben Stiller** hafa öll vakið athygli á þeim skelfilegu aðstæðum nú blasa við íbúum Haítí.



Oprah Winfrey hóf spjallþátt sinn á miðvikudag með því að hvetja áhorfendur til að láta fé af hendi rakna til Rauða krossins. „Núna verðum við að sameinast og styðja þá sem eiga um sárt að binda,“ sagði hún. Chris Martin, söngvari Coldplay, er á sama máli og hvetur fólk til að styðja góðgerðasamtökin Oxfam sem hafa um árin stundað hjálparstarf á Haítí. „Ég heimsótti Haítí með Oxfam fyrir nokkrum árum. Þetta er mjög fátækt land og þarna er erfitt að búa. Flest fólkið í höfuðborginni Port-au-Prince býr í hreysum. Jarðskjálftinn sem gekk yfir Haítí hefur breytt borginni í algjört helvíti,“ sagði hann.

freyr@frettabladid.is

## FRÆGIR ÆTTAÐIR FRÁ HAÍTÍ:

**Wyclef Jean** - tónlistarmaður
**Régina Chassagne** - tónlistarkona í Arcade Fire
**Pras** - tónlistarmaður
**Jimmy Jean-Lous** - leikari í Heroes
**Josmer Altidore** - leikmaður Hull City á Englandi
**Jean-Michel Basquiat** - málari (látinn)
**Flo Rida** - tónlistarmaður
**Maxwell** - tónlistarmaður
**Bruno Surin** - hlaupari
**Samuel Dalembert** - leikmaður Philadelpia 76ers í NBA-deildinni

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Föstudagur 15. janúar 2010

### ➜ Tónleikar

**17.00** Hljómsveitin **Gæðablóð** heldur tónleika á **Bar og Gallery 46** við Hverfisgötu 46.

**20.30** **Guðný Gígja**, **Tom Hannay** og **Clive Carroll** koma fram á tónleikum á **Rosenberg** við Klapparstíg.



**21.00** **Karlakór Dalvíkur** ásamt **Matta Matt** og rokkhljómsveit, flytja lög Queen og The Beatles á tónleikum í **Salnum** við Hamraborg í Kópavogi.

### ➜ Opnanir

**18.00** **Bryndís Björnsdóttir** opnar sýningu í **Kaffistofunni**, **Nemendagallerí LHÍ** við Hverfisgötu 42a. Opið lau. og sun. kl. 14-18.

**21.00** Í **Listasafni Reykjavíkur** við Tryggvagötu verða opnaðar þrjár sýningar: **Ljóslitlífun**, **Erró – Geimfarar** og **D15 Dodda Maggý**. Nánari upplýsingar á www.listasafnreykjavikur.is.

### ➜ Dansleikir

**Siggi Hlö** þeytir skífum á skemmtistaðnum **Spot** við Bæjarlind í Kópavogi.

**Hljómsveitin Rokk** verður á **Players** við Bæjarlind í Kópavogi.

### ➜ Kvikmyndir

Í **Háskólabíói** við Hagatorg hefst **frönsk kvikmyndahátíð** sem mun standa til 28. jan. Nánari upplýsingar á www.af.is og www.midi.is.

### ➜ Síðustu forvöð

Sýningunni **„Frakkland - landið mitt“**, ljósmyndir eftir **Andrés Kertész** hjá **Ljósmyndasafni Reykjavíkur**, lýkur á sunnudag. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15 (6. hæð) er opið virka daga kl. 12-19 og um helgar kl. 13-17.



Á sunnudag lýkur sýningunni **„Að spyrja náttúruna - saga Náttúrugripasafnsins“** í **Þjóðmenningarhúsinu** við Hverfisgötu. Á sýningunni er að finna fjölda uppstoppaðra dýra frá öllum heimshornum auk annarra náttúrugripa og muna úr sögu safnsins. Opið alla daga kl. 11-17.

### ➜ Leikrit

**19.00** Leikhópurinn **Munaðarleysingjar** sýnir verkið **Munaðarlaus** eftir Dennis Kelly í **Norræna Húsinu** við Sturlugötu 5. Nánari upplýsingar á www.nordice.is. Ath. nýr sýningartími.

### ➜ Fyrirlestrar

**12.05** **Eben Sorkin** leturhönnuður verður með fyrirlestur hjá **Opna listaháskólanum**, Skipholti 1 (st. 113). Allir velkomnir. Nánari upplýsingar á www.lhi.is.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


LÆKKAÐ VERÐ 25% AFSLÁTTUR Í JANÚAR

Íslenskar landslagsljósmyndir stækkaðar á striga.



Allt að 50% afsláttur af völdum sýningareintökum.
Fyrstur kemur fyrstur fær...

Gallerí Myndmál
Laugavegi 86 | Opið frá 11-18 virka d. | 12-16 laugard.

NÝTT Í BÍÓ!



















SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| DYHAT MORGANS | kl. 4.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| AVATAR 3D | kl. 4.40 - 7 - 8 - 10.20 - 11.15 | 10 |
| AVATAR 2D LÚXUS | kl. 4.40 - 8 - 11.15 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 3.40 - 5.50 | L |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| DYHAT MORGANS | kl. 10 | 7 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 8 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 6 | L |
| AVATAR 2D | kl. 6 - 9 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| AVATAR 3D | kl. 6 - 9.30 | 10 |
| | | 10 |
| FRÖNSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ | | |
| THE FIRST CRY | kl. 6 | L |
| KHAMSA | kl. 5.50 | L |
| LITTLE NICHOLAS | kl. 8 | L |
| CLEAN | kl. 10 | L |
| BON COP BAD COP | kl. 10.10 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| HARRY BROWN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE ROAD | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 16 |
| TAKING WOODSTOCK | kl. 8 - 10.30 | 14 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR 2 | kl. 6 íslenskt tal | L |
| ALVIN & THE CHIPMUNKS 2 | kl. 6 enskt tal | L |
| JULIE & JULIA | kl. 8 - 10.35 | L |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DID YOU HEAR ABOUT THE MORGANS? | kl. 8 | L |
| MAMMA GÓ GÓ | kl. 4. 6, 8 og 10 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 4 | L |
| AVATAR 3D - POWER | kl. 4,6,9 og 10.10 | 10 |













SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES kl. 3:40 - 5:20D - 8D - 9 - 10:20 - 10:40D | | 12 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| WHIP IT | kl. 5:40 - 8 | 10 |
| BJARNFREÐARSON | kl. 3:20 - 5:40 - 6:20 - 8 - 10:20 | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| OLD DOGS | kl. 4 | L |
| SORORITY ROW | kl. 8 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES | kl. 5:30D - 8D - 10:10D - 10:40D | 12 |
| BJARNFREÐARSON | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:30 | L |
| WHIP IT | kl. 8 | 10 |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ Ensku. Tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CHRISTMAS CAROL 3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 5:40 - 8 - 10:40 | 12 |
| BJARNFREÐARSON | kl. 8 - 10:20 | L |

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

# Botnlaus hasar - betri verð!




11.499




10.499

### Army of Two

Salem og Rios er mættir aftur í einhverjum svakalegasta hasarleik ársins. Félagarnir eru fastir í Shangai þegar alda árása ríður yfir borgina.
Okkar menn þurfa að ráða úr málum og bjarga því sem bjargað verður.
Hér er lykilatriði að tveir vinni saman, en Army of Two er einhver harðasti "co-op" leikur ársins enda hannaður sem slíkur.

### Darksiders

Hér er á ferðinni grjótharður leikur sem spilast líkt og blanda af God of War og Zelda. Leikmenn fara í hlutverk War sem er einhver harðasti gaur sem komið hefur fram í tölvuleikjum.
Þegar hefur leikurinn fengið frábæra dóma og þykir stefna í að verða einn af stærstu leikjum ársins.







2.499




2.499




2.499

BT Skeifan • BT Smáralind • BT Akureyri • www.bt.is • Sími 550 4444

## > Helgi Pétur hættur á Skaganum

Helgi Pétur Magnússon hefur gert Skagamönnum ljóst að hann muni ekki leika með knattspyrnuliði félagsins næsta sumar. Helgi Pétur hefur nýlokið lögfræðiprófi og er farinn að starfa hjá lögfræðistofu í Reykjavík. Á heimasíðu Skagamanna er sagt alls óvíst hvort Helgi Pétur haldi áfram að leika knattspyrnu. Orðrómur er um að Gunnlaugur Jónsson, þjálfari Vals, muni reyna að lokka Helga Pétur á Hlíðarendann sem er að verða vinsæll áningarstaður hjá Skagamönnum. Forráðamenn ÍA eru að vinna í að fá atvinnuleyfi fyrir Igor Pesic og eru þeir bjartsýnir á að leyfið fáist fyrr frekar en síðar.



**sport**

sport@frettabladid.is

FH-INGARNIR ARON PÁLMARSSON OG ÓLAFUR GUÐMUNDSSON: FRÁ FH Á EM Á AÐEINS EINU ÁRI

# Það verður algjört ævintýri að fara á EM

Hafnfirðingarnir ungu, Aron Pálmarsson og Ólafur Guðmundsson, eru í talsvert öðrum sporum nú en fyrir ári. Þá voru þeir að leika með meistara- og unglingaflokki FH en núna eru þessir 19 ára strákar á leið á EM í Austurríki með íslenska A-landsliðinu.

„Þetta gerist hratt. Fyrir einu ári vorum við bara að spila með unglingaflokki fyrir framan mömmu og pabba. Það verður talsvert annað að spila á EM," sagði Ólafur Andrés við Fréttablaðið í gær. Hann er nokkrum mánuðum eldri en Aron sem er því yngstur í hópnum.

„Ég er enn kjúklingurinn og allt í lagi með það," segir Aron en þeir félagar verða samt ekki saman á herbergi þar sem Aron hefur þegar komið sér vel fyrir við hlið fósturbróður síns, Loga Geirssonar. „Það er mjög gaman að við séum báðir að fara á þetta mót. Við erum búnir að spila saman með FH upp alla yngri flokkana í bæði handbolta og fótbolta sem og með yngri landsliðum," segir Aron en Ólafur segir alla tíð hafa verið gott að spila með Aroni.



Aron söðlaði um í sumar og gekk í raðir þýska stórliðsins Kiel en Ólafur spilar enn með FH. Hann er eini leikmaðurinn úr N1-deildinni sem komst í hópinn. Það kom því meira á óvart að hann skyldi verða valinn enda ekki verið viðloðandi landsliðið jafn mikið síðustu mánuði og Aron.

„Ég gerði mitt besta til þess að ná sætinu og það gekk upp sem er ánægjulegt. Ég get ekki neitað því að ég er hrikalega spenntur fyrir þessu móti. Þetta verður algjört ævintýri. Vissulega miklar breytingar á skömmum tíma en jákvæðar," segir Ólafur en hann var ekki eins stressaður fyrir valið og pabbi hans.

„Ég var ekki að velta mér mikið upp úr þessu en pabbi var að teikna þetta upp og reikna fram og til baka. Hann hafði að lokum rétt fyrir sér og var eðlilega ánægður með það."

## ÚRSLIT

### IE-deild karla:

Grindavík-Fjölnir 109-111

Stig Grindavíkur: Darrell Flake 38, Ómar Sævarsson 22, Guðlaugur Eyjólfsson 20, Ólafur Ólafsson 17, Páll Axel Vilbergsson 6, Nökkvi Jónsson 3, Björn Brynjólfsson 3.

Stig Fjölnis: Ægir Steinarsson 33 (13 stoðs.), Chris Smith 21, Tómas Tómasson 20, Magni Hafsteinsson 12, Arnþór Guðmundsson 12, Jón Sverrisson 6, Sindri Kárason 5, Garðar Sveinbjörnsson 2.

FSu-Hamar 78-91

Stig FSu: Richard Williams 27, Aleksas Zimnickas 15, Chris Caird 13, Dominic Baker 7, Kjartan Kárason 7, Sæmundur Valdimarsson 4, Jake Wyatt 3, Orri Jónsson 2.

Stig Hamars: Andre Dabney 35 (11 frák.), Marvin Valdimarsson 23, Páll Helgason 13, Viðar Hafsteinsson 9, Svavar Pálsson 5, Ragnar Nathanaelsson 2, Bjarni Lárusson 2, Oddur Ólafsson 2.

Tindastóll-Njarðvík 80-106

Stig Tindastóls: Michael Giovacchini 19, Kenney Boyd 16, Axel Kárason 10, Friðrik Hreinsson 9, Svavar Birgisson 9, Helgi Margeirsson 8, Helgi Viggósson 6, Sigmar Björnsson 2.

Stig Njarðvíkur: Jóhann Árni Ólafsson 18, Friðrik Stefánsson 15, Nick Bradford 14, Hjörtur Hrafn Einarsson 12, Guðmundur Jónsson 10, Rúnar Erlingsson 8, Kristján Sigurðsson 6, Páll Kristinsson 6, Grétar Garðarsson 5, Magnús Gunnarsson 5, Egill Jónasson 4, Elías Kristjánsson 2.

**STAÐAN:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Njarðvík | 13 | 11 | 2 | 1160-966 | 22 |
| **Stjarnan** | **12** | **10** | **2** | **1051-940** | **20** |
| KR | 12 | 10 | 2 | 1130-987 | 20 |
| **Keflavík** | **12** | **9** | **3** | **1056-911** | **18** |
| Grindavík | 13 | 8 | 5 | 1219-1049 | 16 |
| **Snæfell** | **12** | **8** | **4** | **1108-968** | **16** |
| ÍR | 12 | 5 | 7 | 1001-1058 | 10 |
| **Hamar** | **13** | **5** | **8** | **1077-1124** | **10** |
| Tindastóll | 13 | 4 | 9 | 1079-1174 | 8 |
| **Fjölnir** | **13** | **3** | **10** | **1016-1054** | **6** |
| Breiðablik | 12 | 2 | 10 | 905-1057 | 4 |
| **FSu** | **13** | **0** | **13** | **871-1264** | **0** |

### Enski deildarbikarinn:

Blackburn-Aston Villa 0-1

0-1 James Milner (23.).

Grindavík tapaði óvænt fyrir Fjölni í Röstinni:

# Njarðvík á toppinn

**KÖRFUBOLTI** Raunir Grindvíkinga í körfuboltanum héldu áfram í gær er liðið tapaði á heimavelli fyrir Fjölni sem var í næstneðsta sæti deildarinnar fyrir leikinn.

Fjölnismenn voru lengstum skrefi á undan en Grindavík kom til baka og þvingaði fram framlengingu. Þar var Fjölnir einnig sterkari og aftur kom Grindavík til baka en þriggja stiga karfa Tómasar Tómassonar tryggði Fjölnismönnum óvæntan sigur. Grindvíkingar halda því áfram að valda vonbrigðum á nýju ári.

Njarðvíkingar misstigu sig ekki þegar liðið hélt á Krókinn þar sem þeir unnu öruggan sigur og tylltu sér á toppinn í deildinni. Njarðvíkingar hafa reyndar spilað leik meira en Stjarnan og KR. **- hbg**

Auglýsing

## Bóluefnið Rússneska Rúllettan!!!

Vegna greinar Þórólfs og Haraldar Briem í blaðinu þann 21. des sl. sá ég ástæðu til að svara þeirra ósannindum, fyrir það fyrsta þá kemur fram í leiðbeiningunum frá framleiðenda bóluefnisins, að bóluefnið uppfyllir ekki alla staðla um öryggi, hvað varðar barnshafandi konur, börn og unglinga yngri en 18. ára og síðan 60. ára og eldri. Þar sem ekkert er til af gögnum er segir að öryggi þeirra sé tryggt, eða engar upplýsingar (*"no data"*) liggja fyrir. Ólíkt þeim vel þekktu læknum dr. Joseph Mercola, dr. Rima Laibow, dr Sherry Tenpenny, dr. Russell Blaylock og fleirum sérfræðingum sem benda á vísindarannsóknir máli sínu til stuðnings, þá velja þeir Haraldur og Þórólfur þá leið að hafna öllum vísindagreinum er segja að innsprautað skvalen (squalene) gæti framkallað gigt. Því að þeir Haraldur og Þórólfur hafa kosið að bjóða fólki uppá þetta bóluefni án þess að gera eina einustu tilraun til þess að benda á þessa áhættu. Eins og áður segir þá hefur það komið fram í vísindaritinu *American Journal of Pathology* (2000) að innsprautað skvalen getur framkallað gigt. Einnig má benda á rannsóknir þeirra Barbro C. Holm. Lena Jacobsson og fleiri á, að innsprautað skvalen var aðalorðsakavaldur gigtar. Í *Experimental and Molecular Patology* (2000) er sagt frá þessum tengslum á milli Persaflóahermannaveiki (Gulf War Syndrome) og skvalen. Í þessu sama tímariti frá árinu 2002 er svo sagt frá þessu sambandi milli skvalen og bandaríska hermanna með aukaverkanir vegna miltisbrandsbóluefnisins. Þórólfur og Haraldur fullyrða að skvalen hafi ekki verið notað í bóluefninu gegn miltisbrandi, en Bandaríska Matvæla og Lyfjastofnunin hefur viðurkennt að skvalen var notað, fjórðungur allra bandarískra persaflóahermanna fékk þessa hermannaveiki og 44 fylki Bandaríkjanna hafa viðurkennt sjúkdóminn. Fyrst að þessir embættismenn okkar eru að fullyrða að svínaflensubóluefnið sé svona öruggt hvað eftir annað, ættu þeir þá ekki einnig að taka á sig persónulega ábyrgð á því, þar sem bóluefnafyrirtækið GSK er ekki talið skaðabótaskylt? Eins og ég hef áður sagt, þá tek ég frekar mark á þessum áðurnefndu vísindarannsóknum og sérfræðingum, en þessum embættismönnum þarna úti á Seltjarnarnesi. Að lokum vil ég geta þess hér að fólk ætti að athuga allar þessar hryllingssögur barna, fullorðna svo og öll þessi fósturlát er hafa verið að birtast á theflucase.com og í erlendum fjölmiðlum.

Þorsteinn Sch. Thorsteinsson
*höf. margmiðlunarfræðingur*

# Okkar sterkustu leikmenn

**Guðmundur Guðmundsson, landsliðsþjálfari í handbolta, tilkynnti í gær hvaða sextán leikmenn fara til Austurríkis þar sem Evrópumeistaramótið hefst á þriðjudaginn. Logi Geirsson og Ólafur Guðmundsson eru báðir með í hópnum.**

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson tilkynnti í gær hvaða sextán leikmenn voru valdir í íslenska landsliðið sem tekur þátt í EM í Austurríki. Mótið hefst á þriðjudaginn en Ísland mætir Serbíu í fyrsta leik. Helst bar til tíðinda í vali Guðmundar að þeir Logi Geirsson og Ólafur Guðmundsson voru valdir í liðið en ekki Rúnar Kárason og Ragnar Óskarsson.

Logi og Ólafur voru reyndar báðir í hinum upphaflega leikmannahópi Guðmundar en hinir tveir voru kallaðir inn í kjölfar meiðsla Loga og Þóris Ólafssonar. Þórir er enn meiddur og er ekki með af þeim sökum en Logi stóðst prófið í leiknum gegn Portúgal í fyrrakvöld.

Ólafur verður tvítugur á árinu, rétt eins og Aron Pálmarsson, fyrrverandi liðsfélagi hans hjá FH og núverandi landsliðsfélagi. Guðmundur var ánægður með hans framlag, bæði í æfingum sem og í leiknum gegn Portúgal.

„Mér leist mjög vel á hann og það leikur enginn vafi á því að hann er framtíðarleikmaður í íslenska landsliðinu. Mér finnst það afar jákvætt að geta tekið hann með," segir Guðmundur sem vill þó lítið segja um hlutverk hans á mótinu.

„Það verður bara að koma í ljós. Eins og er er hann einn af leikmönnum í hópnum og hvert hans hlutverk verður fer eftir því hvernig málin þróast."

Guðmundur er ánægður með hópinn sem hann valdi. „Það má alltaf tína til rök fyrir því af hverju þessi er valinn og ekki hinn og svo framvegis. En ég hef trú á því að þetta sé sterkasti hópurinn sem við eigum að þessu sinni."

Hann hefur trú á því að Logi Geirsson hafi ýmislegt fram að færa þó svo að hann hafi lítið sem ekkert spilað stærstan hluta síðasta árs vegna meiðsla. Hann spilaði vel gegn Portúgal og skaut aðeins einu sinni að marki – í hraðaupphlaupi.

„Við ræddum saman eftir leikinn og þetta var niðurstaðan. Hann er klár í mótið og það er í raun ekkert meira sem ég hef að segja um það," segir Guðmundur.



**KLÁR Í SLAGINN** Logi Geirsson stóðst lokaprófið gegn Portúgal og fór með landsliðinu til Frakklands í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Um miðjan desember skilaði Guðmundur inn lista með nöfnum 28 leikmanna. Af þeim hafa nú sextán verið valdir en hann getur engu að síður kallað inn leikmenn af þeim tólf sem ekki voru valdir á síðari stigum mótsins. Nú, í fyrsta sinn, má þjálfari skipta út tveimur leikmönnum eftir riðlakeppnina og einum eftir milliriðlakeppnina, gerist þess þörf.

„Ég hef rætt við leikmenn um að vera tilbúnir að koma í hópinn ef ég þarf á þeim að halda. Ég er með ákveðna varaáætlun í gangi sem ég tel líka eðlilegt miðað við hvernig fyrirkomulag er á mótinu," segir hann.

Leikjaálag er mikið á stórmótum sem þessu og þau lið sem komast hvað lengst munu spila átta leiki á þrettán dögum. Meiðslahætta er því mikil eins og landsliðsmenn Íslands hafa fengið að kynnast í gegnum tíðina.

Guðmundur segist tiltölulega ánægður með stöðuna á leikmannahópnum. Það hafi þó vissulega verið sárt að missa Þóri Ólafsson.

Landsliðið heldur í dag til Frakklands þar sem liðið spilar tvo leiki á æfingamóti um helgina. Það mætir Spáni á morgun og svo annaðhvort Brasilíu eða Frakklandi á sunnudag. **eirikur@frettabladid.is**

### EM-HÓPURINN

| | |
|---|---|
| **Markverðir** | |
| Björgvin Páll Gústavsson | 61 leikur |
| *Kadetten S., Sviss* | *2. stórmót* |
| Hreiðar Levý Guðmundsson | 96 |
| *Emsdetten, Þýskalandi* | *6. stórmót* |
| **Horna- og línumenn** | |
| Alexander Peterss. | 92 leikir/357 mörk |
| *Flensburg, Þýskalandi* | *6. stórmót* |
| Guðjón Valur Sigurðsson | 223/1076 |
| *RN Löwen, Þýskalandi* | *12. stórmót* |
| Róbert Gunnarsson | 159/474 |
| *Gummersbach, Þýskalandi* | *8. stórmót* |
| Sturla Ásgeirsson | 37/54 |
| *Düsseldorf, Þýskalandi* | *2. stórmót* |
| Vignir Svavarsson | 117/131 |
| *Lemgo, Þýskalandi* | *5. stórmót* |
| **Skyttur og leikstjórnendur** | |
| Arnór Atlason | 79/167 |
| *FCK, Danmörku* | *5. stórmót* |
| Aron Pálmarsson | 11/28 |
| *Kiel, Þýskalandi* | *1. stórmót* |
| Ásgeir Örn Hallgrímsson | 114/161 |
| *GOG, Danmörku* | *6. stórmót* |
| Logi Geirsson | 84/284 |
| *Lemgo, Þýskalandi* | *5. stórmót* |
| Ólafur Guðmundsson | 5/8 |
| *FH* | *1. stórmót* |
| Ólafur Stefánsson | 287/1378 |
| *RN Löwen, Þýskalandi* | *14. stórmót* |
| Snorri Steinn Guðjónsson | 149/555 |
| *RN Löwen, Þýskalandi* | *8. stórmót* |
| **Varnarmenn** | |
| Ingimundur Ingimundarson | 64/49 |
| *Minden, Þýskalandi* | *2. stórmót* |
| Sverre Andreas Jakobsson | 78/16 |
| *Grosswallstadt, Þýskalandi* | *4. stórmót* |

Reading-leikurinn var dýr fyrir Liverpool:

# Lykilmenn meiddir

**FÓTBOLTI** Liverpool-mennirnir Fernando Torres, Steven Gerrard og Yossi Benayoun meiddust allir í bikarleiknum gegn Reading og verða ekki með næstu vikurnar.

Þessar slæmu fréttir eru ekki til að létta brúnina á stuðningsmönnum Liverpool eftir að liðið féll út úr enska bikarnum fyrir B-deildarliði Reading.



Fernando Torres verður ekki með Liverpool næstu sex vikurnar. Það kom í ljós að liðþófi í hné væri farinn hjá framherjanum.

Steven Gerrard fór af velli í hálfleik í leiknum eftir að hafa tognað aftan í læri og hann verður frá keppni næsta hálfa mánuðinn.

Yossi Benayoun braut rifbein í leiknum og verður ekki með Liverpool næstu fjórar vikurnar. **- óój**

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI
HÁTALARAR ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR MP3 SPILARAR ÚTVÖRP
DVD SPILARAR SJÓNVÖRP
BÍLHÁTALARAR MYNDAVÉLAR
HEYRNARTÓL
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR ÞVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR ÞURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN RAKVÉLAR
RYKSUGUR

NOKKUR VERÐDÆMI

NAD OG DENON HLJÓMTÆKI MEÐ ALLT AÐ 200.000 KR. AFSL.
PHILIPS SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 120.000 KR. AFSLÆTTI
WHIRLPOOL ÞVOTTAVÉLAR Á FRÁBÆRU VERÐI
POTTAR OG PÖNNUR MEÐ 30% AFSLÆTTI
BRAUÐRISTAR, KAFFIVÉLAR, TÖFRASPROTAR OG
STRAUJÁRN FRÁ KR. 1.995
KÆLISKÁPAR, FRYSTISKÁPAR OG
KISTUR Á FRÁBÆRU VERÐI

Sjá allt úrvalið á ht.is

Heimilistæki
www.ht.is

TAKMARKAÐ MAGN
*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*
Opið laugardaga kl. 10 – 16

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
ide line Melissa TecnoWind Bauknecht elna exido VESTFROST INDESIT DeLonghi Whirlpool

> Owen Wilson

„Við bræðurnir höfum alltaf verið góðir vinir. Sambandið varð eldfimt um tíma þegar við vorum að spá í flugelda og stelpur en samt aldrei þannig að við kæmumst ekki yfir það.“

***Wilson fer með hlutverk ofurfyrirsætunnar Hansel í myndinni Zoolander sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 21.50. Bræður hans Andrew og Luke Wilson vinna einnig í kvikmyndabransanum.***



dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON HVERFUR Á BRAUT GAMALLA MINNINGA

# *Leðurklæddi kötturinn sem börnin elskuðu*

Þegar ég var barn ákvað húsfélag blokkarinnar sem ég bjó í að leggja í púkk og fá gervidisk fyrir allt húsið. Þetta þýddi að við gátum skyndilega horft á breskar sjónvarpsstöðvar á borð við Sky One og Sky News, sem mér þótti ágæt viðbót við hið íslenska Ríkissjónvarp. Við systkinin fengum ekki að horfa á sjónvarp að vild á þessum tíma heldur var hann takmarkaður við klukkustund á dag. Þetta breyttist þó þegar Sky One varð aðgengilegt því barnaefnið á þeirri stöð var á dagskrá allan daginn, á meðan foreldrar mínir voru í vinnu, og því gátum við stolist til að horfa lengur á sjónvarp en áður. Minn uppáhaldsþáttur var The DJ Kat Show og var þáttastjórnandinn brúðuköttur sem klæddist svörtum leðurjakka og þeytti skífum. Meðal þess barnaefnis sem DJ Kat sýndi voru Teenage Mutant Ninja Turtles og Inspector Gadget sem mér þóttu agalega skemmtilegir á þessum tíma. Þetta gat ég horft á strax að loknum skóladeginum og samt átt inni klukkutímann minn hjá mömmu um kvöldið. Mig grunar samt sem áður að hún móðir mín hafi vitað af þessu allsherjar svindli mínu en ákveðið að láta kyrrt liggja svo lengi sem heimavinnan sat ekki á hakanum.

Leiðir okkar DJ Kat skildu svo um leið og gelgjan gerði vart við sig en minningin um hann mun aldrei líða mér úr minni.



## FÖSTUDAGUR



▶ **18.30 Daily Show: Global Edition** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **19.45 King of Queens** SKJÁREINN



▶ **20.00 Notes of a Scandal** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10 Útsvar** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00 Logi í beinni** STÖÐ 2

### SJÓNVARPIÐ

**16.00 Leiðarljós** (e)
**16.45 Leiðarljós** (e)
**17.30 Táknmálsfréttir**
**17.40 Bjargvætturinn** (21:26)
**18.05 Tóta trúður** (8:26)
**18.30 Galdrakrakkar** (6:13)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Útsvar** Spurningakeppni sveitarfélaganna. Akureyri og Hafnarfjörður eigast við í 16 liða úrslitum. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir.
**21.15 Lögin í söngvakeppninni** Leikin verða lögin tvö úr síðasta þætti sem komust í úrslit.
**21.25 Frelsi og fordómar** (Farewell, Miss Freedom) Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1988. Stúlku sem flyst með foreldrum sínum frá Grikklandi til smábæjar í Vestur-Virginíu ofbýður hvernig Ku Klux Klan kemur fram við blökkumenn.
**23.00 Taggart – Stúlkan í baðkerinu** (Taggart: The Caring Game) Skosk sakamálamynd þar sem rannsóknarlögreglumenn í Glasgow fást við snúið sakamál. Ung kona finnst látin í baðkeri og hefur legið þar í viku. Henni hafði sinnast við systur sína, einn nágrannanna var orðinn langþreyttur á henni og hún hafði greinilega logið til um það líf sem hún lifði.
**00.10 Til hinstu hvíldar** (Passed Away) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1992 um sérvitra ættingja sem safnast saman við jarðarför höfuðs ættarinnar. (e)
**01.45 Lögin í söngvakeppninni**
**01.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.00 Parenthood**
**10.00 Thank You for Smoking**
**12.00 Eragon**
**14.00 Parenthood**
**16.00 Thank You for Smoking**
**18.00 Eragon**
▶**20.00 Notes of a Scandal**
**22.00 The Pretender 2001**
**00.00 Thelma and Louise**
**02.05 The Ex**
**04.00 The Pretender 2001**
**06.00 The Bucket List**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Gulla og grænjaxlarnir, Ruff's Patch og Kalli litli Kanína og vinir.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 The Apprentice** (9:14)
**11.05 America's Got Talent** (14:20)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 La Fea Más Bella** (105:300)
**13.45 La Fea Más Bella** (106:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (107:300)
**15.15 Identity** (9:12)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Kalli litli Kanína og vinir og Aðalkötturinn.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Auddi og Sveppi**
**20.00 Wipeout - Ísland** Bráðfjörugur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna.
▶**21.00 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur þáttur með spjallþáttakonungnum Loga Bergmann en hann hefur einstakt lag á að fá vel valda og landsþekkta viðmælendur sína til að sleppa fram af sér beislinu og sýna á sér réttu hliðina – þá skemmtilegu.
**21.50 Zoolander** Gamanmynd með Ben Stiller og Owen Wilson í aðalhlutverkum. Derek Zoolander var útnefndur besta karlfyrirsætan þrjú ár í röð. En það er kalt á toppnum og nú hefur annar hrifsað hásætið af Zoolander sem þarf að hugsa sinn gang. Ekki skortir verkefnin en það sem Zoolander tekur sér næst fyrir hendur gæti fært honum fleiri aðdáendur en nokkru sinni fyrr.
**23.20 Asylum** Rómantískur spennutryllir um konu sem fellur fyrir einum af sjúklingum eiginmanns síns sem er geðlæknir. Hér er á ferðinni ein síðasta mynd Natöshu Richardson en hún lést af slysförum í mars 2009. Með önnur hlutverk fara stórleikarar eins og Sir Ian McKellen.
**01.00 Super Troopers**
**02.40 When Will I Be Loved**
**04.00 Kung Pow: Enter the Fist**
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**07.00 Blackburn - Aston Villa** Útsending frá leik í enska deildabikarnum.
**18.05 Inside the PGA Tour 2010** Sýnt frá SBS Championship mótinu í golfi sem fram fór á dögunum.
**19.00 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni.
**19.25 Atvinnumennirnir okkar: Hermann Hreiðarsson** Þáttaröð í umsjón Auðuns Blöndal um fremstu atvinnumenn þjóðarinnar.
**20.00 La Liga Report** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
**20.30 NBA - Bestu leikirnir: LA Lakers - Boston Celtics, 1987**
**22.10 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**23.00 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.
**23.45 Poker After Dark**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**17.00 Arsenal - Everton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.40 Wigan - Aston Villa** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.20 Coca Cola mörkin 2009/2010** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni.
**20.50 Premier League World 2009/10** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**21.20 Premier League Preview 2009/10** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Athyglisverðar viðureignir skoðaðar og viðtöl tekin við þjálfara og leikmenn.
**21.50 PL Classic Matches** Norwich - Southampton, 1993.
**22.20 PL Classic Matches** Liverpool - Blackburn, 1994.
**22.50 Premier League Preview 2009/10** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**23.20 Liverpool - Tottenham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.20 What I Like About You** (e)
**16.45 One Tree Hill** (2:22) (e)
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins.
**18.30 Still Standing** (6:20) Bandarísk gamansería um hina skrautlegu Miller-fjölskyldu.
**19.00 America's Funniest Home Videos** (22:50)
**19.30 Fréttir** (e)
▶**19.45 King of Queens** (13:25) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie. (e)
**20.10 Börnin í Ólátagarði** Mynd byggð á ævintýri eftir Astrid Lindgren.
**21.35 30 Rock** (13:22) Liz vingast við ólétta unglingsstúlku í von um að ættleiða barnið og Jack leikur sér með strákunum til að hætta að hugsa um kærustuna. (e)
**22.00 High School Reunion** (2:8) (e)
**22.45 Lipstick Jungle** (12:13) (e)
**23.30 Law & Order: Special Victims Unit** (18:19) (e)
**00.15 Saturday Night Live** (1:24) (e)
**01.05 King of Queens** (13:25) (e)
**01.30 Premier League Poker** (2:15)
**03.10 World Cup of Pool 2008** (31:31)
**04.00 Worlds Most Amazing Videos** (2:13) (e)
**04.45 The Jay Leno Show** (e)
**05.30 Pepsi MAX tónlist**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimstjórn ÍNN, Jón Kristinn Snæhólm, Hallur Hallsson og Guðlaugur Þór Þórðarson ræða um það sem er efst á baugi í þjóðfélaginu í dag.
**21.00 Mannamál** Sigmundur Ernir Rúnarsson alþingismaður stýrir þessum landskunna þætti.
**21.30 Anna og útlitið** Anna Gunnarsdóttir og félagar taka venjulega Íslendinga og flikka upp á útlitið á þeim. (e)
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


· ÚTSALA · ÚTSALA · ÚTSA

50% AFSLÁTTUR AF SÆNGURFÖTUM, HEILSUKODDUM OG LÖKUM, MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

20-50%



SOLO ARINELDSTÆÐI



DRAUMEY OG DRAUMFARI ÍSLENSK HEILSURÚM



ROYAL HÁGÆÐA RAFMAGNSRÚM

LEGUGREINING OG FAGLEG RÁÐGJÖF

Rúm Gott

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121 · Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.00**

### Wipeout-Ísland



Hér er á ferðinni bráðfjörugur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna. Þátttakendur fara í gegnum sérstaklega útfærða þraut á sem stystum tíma. Hér reynir ekki aðeins á líkamlegan styrk heldur einnig á kænsku, jafnvægi, snerpu og ekki síst heppni. Auk vel valinna þátttakenda fengu nokkrir þjóðþekktir einstaklingar að spreyta sig og í þættinum í kvöld fáum við að sjá hvernig félögunum Audda og Sveppa gekk.

**▶ STÖÐ 2 KL. 19.20**
**Auddi og Sveppi**

### Stöð 2 kl. 19.20



Frjálsíþróttamótið Reykjavík International Games, eða RIG, verður haldið um helgina og í tilefni af því verður íþróttaandinn í hávegum hafður í þættinum í kvöld. Strákarnir skelltu sér í strigaskó og kepptu við öldung í badminton, stelpu í júdó og fatlaðan mann í sundi. Sérstakur gestur þáttarins er handboltakappinn Logi Geirsson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Á réttri hillu
**14.03** Straumar
**15.03** Smásaga: Fjörusteinn
**15.25** Án ábyrgðar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Söngfuglar
**21.10** Hringsól
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.05** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**17.45 Supernanny** (15:20) Ofurfóstran Jo Frost kennir ungu og ráðþrota fólki að ala upp litla ólátabelgi og gefur uppeldisráð sem virkilega skila árangri.

**▶18.30 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft. Ómissandi þáttur fyrir alla sem vilja vera með á nótunum og líka þá sem einfaldlega kunna að meta góðan og beinskeyttan húmor.

**19.00 The Doctors**

**19.45 Supernanny** (15:20)

**20.30 Daily Show: Global Edition**

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 NCIS** (2:25) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.

**22.35 Fringe** (6:23) Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsaka þau röð dularfullra atvika.

**23.20 Five Days** (2:5) Áhrifamikil og vönduð framhaldsmynd frá HBO og BBC í fimm þáttum og fjallar um leyndardómsfullt hvarf móður og barnanna hennar.

**00.20 Auddi og Sveppi**

**01.00 Logi í beinni**

**01.45 Fréttir Stöðvar 2**

**02.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.30** The State Within **11.20** Only Fools and Horses **11.50** My Family **12.20** Blackadder II **12.50** My Hero **13.20** Doctor Who **14.05** Doctor Who **14.50** Sensitive Skin **15.20** Dalziel and Pascoe **16.10** The State Within **17.00** Robin Hood **17.45** The Weakest Link **18.30** Absolutely Fabulous **19.00** Sensitive Skin **19.30** Life on Mars **20.20** Marc Wootton Exposed **20.50** The Jonathan Ross Show **21.40** Sensitive Skin **22.10** Only Fools and Horses **22.40** My Family **23.10** Blackadder II **23.40** My Hero

## DR 1

**12.20** Alpint **14.00** Antikrundan **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Radiohjälpen **16.10** Skidskytte **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Skavlan **21.00** Heat **23.45** Solens mat

## NRK 1

**12.10** Ut i nærturen **12.25** V-cup alpint **13.30** 330 skvadronen **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** V-cup skiskyting **17.45** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.40** Norge rundt **19.05** Kvitt eller dobbelt **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** Detektimen. Sporlost forsvunnet **22.05** Kveldsnytt **22.20** Etter katastrofen **23.15** På vingene med Iron Maiden

## SVT 1

**12.20** Alpint **14.00** Antikrundan **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Radiohjälpen **16.10** Skidskytte **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Skavlan **21.00** Heat **23.45** Solens mat




## MORGUNMATURINN



*„Tvær sneiðar normalbrauð með reyktum rauðmaga, kaffi, glas af sykurlausu límonaði og geríkomplex. Búið.“*

Einar Kárason, rithöfundur.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** lítill, **6.** úr hófi, **8.** regla, **9.** umrót, **11.** hvort, **12.** svölun, **14.** gáleysi, **16.** ekki, **17.** niður, **18.** starf, **20.** guð, **21.** maður.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþrótt, **3.** skóli, **4.** ýtinn, **5.** bein, **7.** agndofa, **10.** eyða, **13.** þangað til, **15.** nýlega, **16.** trjátegund, **19.** númer.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** smár, **6.** of, **8.** agi, **9.** los, **11.** ef, **12.** frón, **14.** vangá, **16.** ei, **17.** suð, **18.** iðn, **20.** ra, **21.** karl.
**LÓÐRÉTT: 1.** golf, **3.** ma, **4.** ágengur, **5.** rif, **7.** forviða, **10.** sóa, **13.** uns, **15.** áðan, **16.** eik, **19.** nr.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

# Ragnar sagði nei við Jón Gnarr

Ragnar Bragason, leikstjóri Vaktar-seríanna, sagði nei við Jón Gnarr um að taka sæti á lista Besta flokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor. Jón segir að leikstjórinn hafi sett sér það prinsipp að taka aldrei þátt í stjórnmálum. „Hann er svona prinsipp-maður og við þeim er erfitt að stugga,“ útskýrir Jón en bætir því við að Ragnar muni styðja flokkinn á bak við tjöldin þegar nær dregur kosningum. Jón ætti þó ekkert að þurfa að kvíða manneklu því fjöldi þekktra Íslendinga hefur þekkst boð um að taka sæti á listanum. Þeirra á meðal eru Fóstbræðurnir Þorsteinn Guðmundsson og Sigurjón Kjartansson, Ágústa Eva Erlendsdóttir, Hugleikur Dagsson og tónlistarmaðurinn Barði Jóhannsson.



**JÓN GNARR LEIKARI**

Jón reiknar með því að skila öllum tilskildum gögnum til yfirkjörstjórnar á réttum tíma en kosningar verða laugardaginn 29. maí. Hann hefur þó ekki gert það upp við sig hvort sérstök kosningaskrifstofa flokksins verði opnuð en nýr vefur ætti að líta dagsins ljós um eða eftir helgi. Þá ætti jafnframt endanlegur listi að vera kominn á hreint. „Ég er kominn með kennitölu og bankareikning sem fólk getur lagt inn á til að leggja okkur lið,“ segir Jón enda fá nýjar stjórnmálahreyfingar engan pening frá hinu opinbera fyrr en þær eru komnar með kjörna fulltrúa. Jón er bjartsýnn á að flokkurinn muni ná góðu gengi í borgarstjórnarkosningunum en hann lítur á þær sem einhvers konar generalprufu fyrir alþingiskosningarnar. „Stefna Besta flokksins er ekkert leyndarmál, hún er að koma manni inn á þing.“ - fgg



**ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON**

**FRÆGIR Á LISTA** Meðal þeirra sem hafa sagt já við Besta flokkinn eru Ágústa Eva, Þorsteinn Guðmundsson og Hugleikur Dagsson. Ragnar Bragason sagði hins vegar nei, hann hefur það prinsipp að taka aldrei þátt í stjórnmálum.

## ÞÓRHALLUR GUNNARSSON: HÆKKAÐ ALDURSTAKMARK ENGIN LAUSN

# TÆKNILEG MISTÖK HLUTI AF SKÝRINGUNNI

Innspil lagsins, svokallað „playback“ Eurovision-lagsins In the Future var of lágt stillt þegar Karen Pálsdóttir, sextán ára söngkona, flutti það í Söngvakeppni Sjónvarpsins á laugardagskvöld. Umrætt atriði hefur verið mörgum hugleikið í netheimum og var þeirri umræðu gerð sérstök skil í Kastljósi Ríkissjónvarpsins á miðvikudagskvöld en flutningur á laginu heppnaðist ekki alveg sem skyldi.

Þegar umrætt „playback“ er of lágt getur það gerst að söngvarar eiga erfiðara um vik með að greina rétta tóntegund. Reyndir söngvarar eru yfirleitt með hana í kollinum og vilja hafa „playback“ fremur lægra en hærra. Erfiðara getur hins vegar reynst fyrir unga og óreynda listamenn ef þeir eru ekki alveg öruggir á því hvernig það eigi að vera. Söngkonan Margrét Eir Hjartardóttir, sem hefur þjálfað Karen að undanförnu, staðfesti við Fréttablaðið að umrætt „playback“ hefði verið of lágt og höfundar lagsins, þau Bryndís Sunna Valdimarsdóttir og Daði Georgsson, sögðu bæði í samtali við Fréttablaðið að þau hefðu strax gert sér grein fyrir því að ekki væri allt með felldu. Of seint hefði þó verið að grípa inn í. Bryndís bendir á að bakraddasöngkonurnar hefðu byrjað í vitlausum tón og dansararnir hefðu átt erfitt með að finna rétta taktinn. Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri RÚV, segir tæknimenn Sjónvarpsins vera að fara yfir útsendinguna og að eflaust megi eitthvað við hana lagfæra.



**LÁGT INNSPIL**

Karen Pálsdóttir átti að öllum líkindum erfitt með að greina rétta tóntegund Eurovision-lagsins In the Future vegna þess hversu lágt innspilið, eða „playbackið“, var. Reyndir söngvarar eru með tóntegundina í kollinum en fyrir unga og óreynda söngvara er erfitt að fást við slík tæknileg vandamál. **Þórhallur Gunnarsson**, dagskrárstjóri RÚV, segir hækkað aldurstakmark enga lausn.

Upptaka með atriðinu hefur nú verið fjarlægð af myndbandsvefnum YouTube en það voru lagahöfundarnir sem fóru fram á það við forsvarsmenn vefsíðunnar. „Við gerðum þetta að ósk Karenar og fjölskyldu hennar og vildum minnka það að fólk væri að klippa búta úr laginu og nota í annarlegum tilgangi,“ segir Daði. Fréttablaðið hafði í gær samband við föður Karenar, Pál Róbertsson, en hann upplýsti að þau myndu ekkert tjá sig um málið að svo stöddu.

Upp hefur komið sú umræða að hækka aldurstakmarkið vegna umrædds atviks en Þórhallur segir að þetta geti alltaf gerst, hvort sem söngvarinn sé átján eða sextán ára. „Aldur er ekkert aðalmálið í þessu heldur sú staðreynd að þetta getur komið fyrir hvern sem er.“

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Bretinn Alan McGee er mikill tónlistarbransagaur og hefur það meðal annars á samviskunni að hafa uppgötvað hljómsveitina Oasis. Guardian taldi nýlega upp 15 bönd sem búast má við miklu af á þessu ári. Meðal þeirra er Dead Skeletons, sem er dúett þeirra **Jóns Sæmundar** og Henriks í Singapore Sling. „Hafðu augun opin fyrir meira búddista búggí árið 2010,“ skrifar Alan, sem finnst lagið Dead Mantra það besta sem hann heyrði á síðasta ári. Búast má við að Dead Skeletons komi með plötu á árinu.



Útvarpsstöðin X-ið 977 er þekkt fyrir að vera ákaflega beinskeytt í umfjöllun sinni um daglegt líf og þau mál sem eru efst á baugi. Útvarpsmennirnir Þorkell Máni og Frosti Logason stóðu fyrir kosningu um skítseiði ársins í útvarpsþætti sínum, Harmageddon, og kynntu niðurstöðurnar í gær. Sá sem varð fyrir valinu var **Björgólfur Thor** og fær hann að launum ljósmynd og skeinipappír.



Sérstaka athygli vakti að sú sem náði í annað sætið var Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins. En þáttastjórnendur höfðu fyrirfram búist við því að fyrrum útrásarvíkingar myndu skipa sér í efstu sætin. Bjarni Ármannsson og Jón Ásgeir Jóhannesson voru raunar ofarlega en það sama má reyndar segja um **Gunnar** í Krossinum. - drg



Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu



Þarftu að losa um verðmæti?
Listmunasala hefur gengið vel undanfarið
Erum að taka á móti verkum á næsta listmunauppboð

LISTMUNASALA fold
Ennfremur erum við sífellt að leita að verkum gömlu meistaranna fyrir viðskiptavini okkar.

Opið virka daga 10–18, laugard. 11–14
Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

# Frikki aðalmaðurinn á Norðurbrú

Bandaríska stórblaðið New York Times valdi nýverið Kaupmannahöfn sem einn af þeim stöðum sem ferðamenn ættu að sækja á þessu ári. Blaðið nefndi þar sérstaklega Norðurbrú sem er þekkt fyrir fjölda kaffihúsa og sína miklu reiðhjólamenningu. Kaupmannahafnardeild fréttastofu dönsku sjónvarpsstöðvarinnar TV2 gerði sér mat úr þessu vali New York Times og kaus að taka viðtal við íslenska kaffihúsaeigandann Friðrik Weisshappel vegna þessara tíðinda.

„Ég veit ekki hve margir horfðu á þetta en það hafa örugglega verið mjög margir enda kom innslagið strax á eftir aðalfréttatíma stöðvarinnar,“ segir Friðrik, kampakátur, enda fín auglýsing fyrir hann og staðinn. Friðrik skartaði litríkum klæðnaði í viðtalinu og var meðal annars með volduga slaufu sem hann fékk í jólagjöf frá starfsmannastjóranum sínum. Friðrik hlær þegar hann er spurður hvort þetta sé ekki bara enn ein staðfestingin á því að hann sé aðalmaðurinn á Norðurbrú. „Jú, ætli það ekki bara, ég kann allavega vel við þann titil.“

Annars er Friðrik önnum kafinn þessa dagana við fundahöld enda er í bígerð að opna þriðja Laundromat-staðinn í Kaupmannahöfn. Hann er þögull sem gröfin þegar kemur að staðsetningu en segist þó bjartsýnn á að staðurinn verði opnaður á þessu ári. Staðsetningin eigi eftir að koma á óvart. „Eftir síðasta fund með eiganda húsnæðisins þá er ég bara ákaflega bjartsýnn á að þetta geti gengið eftir.“ - fgg



**FÆRIST NÆR ÞRIÐJA STAÐNUM** Friðrik Weisshappel er bjartsýnn á að þriðji Laundromat-staðurinn verði opnaður á þessu ári.

# Útsala

## 30-50% afsláttur!









Opið virka daga 10-18,
laugardaga 11-16.

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

HEIMA
HÚSIÐ

heima Öndvegi mood lifum

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

Jogastudio.org

JÓGA Stúdíó

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Einar í dómnefnd

Íslensku tónlistarverðlaunin verða afhent 3. mars í Þjóðleikhúsinu í sextánda sinn. Eins og frægt er kröfðust ungir plötuútgefendur þess í fyrra að svokallað þátttökugjald á hverja plötu sem send væri inn yrði fellt niður og það virðist hafa skilað sér því hátt í tvö hundruð titlar hafa verið sendir inn. Dómnefnd mun síðan tilnefna í flokkana en meðal þeirra sem eiga sæti í henni eru Einar Bárðarson, oftast nefndur umboðsmaður Íslands, Bergþóra Jónsdóttir og **Jónatan Garðarsson**.



### Einar í stórræðum

**Einar** stendur reyndar í stórræðum því eins og fram kemur framar í blaðinu heldur hann styrktartónleika fyrir SKB, Samtök krabbameinssjúkra barna. Svo er hann náttúrlega með útvarpsstöðina Kanann og hún kom honum í smá bobba þegar Kastljósið fjallaði um mál Karenar Pálsdóttur. Einar var þar vændur um einelti í útsendingu morgunþáttar síns en hann vísaði því algjörlega á bug í yfirlýsingu sem barst fjölmiðlum seinni partinn í gær. Þar sagði hann að höfundar lagsins In the Future ættu höfuðsök á því hvernig hefði farið.

- fgg



## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Síminn tekur ekki gjald af símasöfnun fyrir Haítí
2. Jón hræðist ekki hótanir LÍÚ
3. Íslendingarnir á Haítí - myndir
4. Íslenska sveitin bjargaði tveimur konum
5. Lamdi vinnufélagann með malbikunarsköfu




Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.



Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í ágúst 2009 – október 2009.

